



## STÆKKUN ELDISSTÖÐVAR ÍSPÓRS Í ÞORLÁKSHÖFN

Matsskýrsla

30.06.2020







## **SKÝSLA – UPPLÝSINGABLAÐ**

**SKJALALYKILL**

7992-001-UHM-002-V03

**SKÝSLUNÚMER / SÍDUFJÖLDI**

1/85

**VERKEFNISSTJÓRI / FULLTRÚI VERKKAUPA**

Þórarinn Ólafsson

**VERKEFNISSTJÓRI EFLA**

Jón Águst Jónsson

**LYKILORD**Fiskeldi, Þorlákshöfn, matsskýrsla,  
mat á umhverfisáhrifum**STAÐA SKÝRSLU**

- Í vinnslu
- Drög til yfirlestrar
- Lokið

**DREIFING**

- Opin
- Dreifing með leyfi verkkaupa
- Trúnaðarmál

**TITILL SKÝRSLU**

Stækkan eldisstöðvar Íspórs í Þorlákshöfn. Matsskýrsla

**VERKHEITI**

MÁU fyrir stækkan eldisstöðvar Íspórs í Þorlákshöfn

**VERKKAUPI**

Eldisstöðin Íspór ehf.

**HÖFUNDUR**

Jón Águst Jónsson og Stefán Þór Kristinsson

**ÚTDRÁTTUR**

Fyrirtækið Eldisstöðin Íspór hf. áformar að stækka eldisstöð sem það rekur í Þorlákshöfn úr 600 t í 1.800 t ársframleiðslu á laxaseiðum. Framkvæmdin er matsskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Ímatsskýrslu þessari er gerð grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd og lagt mat á umhverfisáhrif hennar.

Niðurstaða matsins er sú að framkvæmdin er talin geta haft í för með sér nokkuð neikvæð áhrif á grunnvatn en óveruleg áhrif á vatnsgæði viðtaka, lífríki viðtaka, fugla og ásýnd. Framkvæmdin er ekki talin hafa áhrif á fornleifar.



## ÚTGÁFUSAGA

NR.	HÖFUNDUR	DAGS.	RÝNT	DAGS.	SAMPÝKKT	DAGS.
01	Jón Águst Jónsson og Stefán Þór Kristinsson	10.06.20	Ragnhildur Gunnarsdóttir og Snævarr Örn Georgsson	11.06.20	Jón Águst Jónsson	12.06.20
02	Jón Águst Jónsson og Stefán Þór Kristinsson	12.06.20	Pórarinn Ólafsson	15.06.20	Jón Águst Jónsson	15.06.20

## SAMANTEKT

### Um framkvæmdina

Framkvæmdaraðili er Eldisstöðin Íspór hf. sem er í eigu fiskeldisfyrirtækjanna Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða. Í dag rekur Íspór eldisstöð í Þorlákshöfn sem hefur leyfi til að framleiða 600 tonn af regnbogasilungs- og laxaseiðum á ári. Fyrirtækið áformar að stækka eldisstöðina í 1.800 tonna ársframleiðslu á laxaseiðum. Meginmarkmið framkvæmdarinnar er að framleiða seiði laxfiska (lax eða regnbogi) til áframeldis í sjókvíum Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða. Að framkvæmdum loknum verður heildar eldisrými um  $51.360 \text{ m}^3$ , þar af  $46.360 \text{ m}^3$  utandyra og  $5.000 \text{ m}^3$  undir þaki. Heildarvatnspörf í kjölfar framkvæmda hefur verið áætluð allt að  $6.500 \text{ l/s}$  af jarðsjó,  $700 \text{ l/s}$  af fersku vatni og  $15 \text{ l/s}$  af heitu vatni. Gert er ráð fyrir að öll vatnstaka á fersku vatni og jarðsjó fari fram innan líðar fyrirtækisins en að heitt vatn verði aðkeypt. Þegar stöðin verður komin í fullan rekstur má gera ráð fyrir að árleg fóðurnotkun nemi um 1.800 tonnum.

### Mat á umhverfisáhrifum

Skipulagsstofnun telur framkvæmdina vera matsskylda á grundvelli töluliðs 10.24 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, en samkvæmt töluliðnum eru framkvæmdir sem fela í sér vinnslu grunnvatns eða íveitu vatns í grunnvatn með  $300 \text{ l/sek.}$  meðalrennsli eða meira á ári ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum.

Matsskýrslu þessari er ætlað að varpa ljósi á fyrirhugaða framkvæmd, grunnástand umhverfis fyrir framkvæmdir og möguleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar. Metin voru áhrif framkvæmdarinnar á; grunnvatn, vatnsgæði viðtaka, lífríki viðtaka, fugla, ásýnd og fornleifar. Umhverfisáhrif voru metin með hliðsjón af samþykktri matsáætlun og þeim rannsóknum sem unnar hafa verið í tengslum við matið.

### Helstu niðurstöður

#### Grunnvatn

Við stækkunina fer vinnsla Íspórs á jarðsjó úr  $770 \text{ l/s}$  í  $6.500 \text{ l/s}$  og vinnsla á ferskvatni úr  $300 \text{ l/s}$  í  $700 \text{ l/s}$ . Niðurstöður líkanreikninga benda til þess að áhrif vegna aukinnar vinnslu Íspórs á niðurdrátt og þrýstilækkun verði að mestu staðbundin á líð fyrirtækisins. Ef tekið er tillit til samlegðaráhrifa með öðrum áformuðum framkvæmdum á svæðinu reiknast niðurdráttur upp á  $10-15 \text{ cm}$  við vinnsluholur sveitarfélagsins Ölfuss, sem reiknast þó ekki nægur til að hafa áhrif á ferskvatnsvinnslu þar. Mestar eru seltubreytingarnar á töluberðu dýpi sem líklegast hefur hverfandi áhrif á núverandi vinnslu sveitarfélagsins eða framtíðarvinnslu annarra hugsanlegra aðila utan fiskeldissvæðanna. Með vöktun á grunnvatni verður unnt að grípa til mótvægisáðgerða ef þörf krefur. Áhrif á grunnvatn eru metin nokkuð neikvæð.

#### Vatnsgæði viðtaka

Brimasamt er við ströndina hjá eldisstöðinni. Á svæðinu eru einnig kraftmiklir straumar og benda sýnatökur til þess að lífrænn úrgangur frá fiskeldi sé ekki að safnast upp á sjávarbotni. Þá voru engin mengunaráhrif greinanleg í sjó  $10-100 \text{ m}$  utan við eldisstöðvar Íspórs og Fisk-Seafood í athugun heilbrigðiseftirlits Suðurlands árið 2014. Allt þetta gefur til kynna að viðtakinn sé mjög áhrifamikill í dreifingu lífrænna úrgangsefna og geti meðhöndlæd meira magn en hann gerir í dag. Í kjölfar

framkvæmdarinnar má gera ráð fyrir að árleg framleiðsla stöðvarinnar á lífrænum úrgangsefnum rúmlega þrefaldist og heildarlosun frá eldisstöðvum á svæðinu tæplega tvöfalist. Gangi framtíðaráform allra aðila um fiskeldi á svæðinu eftir má gera ráð fyrir að heildarlosun frá eldisstöðvum aukist enn frekar. Með vöktun viðtakans verður unnt að grípa til mótvægisáðgerða ef þörf krefur. Áhrif á vatnsgæði eru metin óverulega neikvæð.

#### Lífríki viðtaka

Fjörugerðin við eldisstöðina er brimasöm kletta- og hnullungafjara. Fjörugerðin er algeng og hefur lágt verndargildi. Í fjörunni er fátæklegt smádýralíf og þörungaflóran einkennist af tegundum sem þola mikil brim. Þar sem fjaran einkennist af miklu brimi er talið ólíklegt að lífrænt efni nái að safnast upp í fjörunni og hafa áhrif á lífríki fjörunnar. Með vísan í niðurstöður mats á áhrifum framkvæmdar á vatnsgæði viðtaka er framkvæmdin ekki talin líkleg til að hafa mikil áhrif á lífríki sjávar utan við eldisstöðina. Ísbór hefur komið sér upp vörnum gegn slysasleppingum. Engar vísbendingar eru um að seiði hafi sloppið úr eldisstöðinni. Á meðan varnirnar halda er ekki talin hætta á slysasleppingum. Áhrif á lífríki eru metin óverulega neikvæð.

#### Fuglar

Eyðihraunavist er ríkjandi vistgerð á svæðinu. Almennt einkennir strjált og fábreytt fuglalíf vistgerðina. Fuglalíf á svæðinu einkennist af fuglum í fæðuleit í fjörunni og sjónum úti fyrir. Sílamáfur var algengasta tegundin á svæðinu með 375 einstaklinga. Hann sækir talsvert í frárennsli frá seiðaeldisstöðinni. Líklega er hann að eltast við lífrænan úrgang úr eldinu. Sérstök net varna því að fuglar komist í seiði og fóður í eldiskerjum. Að framkvæmdum loknum verður losun lífrænna úrgangsefna frá eldisstöðinni rúmlega þrefalt meiri en hún er í dag. Líklegt er talið að þessi aukning á lífrænu efni geti aukið ásókn fugla í frárennslið. Áhrif á fugla ættu þó að mestu að vera þegar komin fram með núverandi starfsemi. Með hliðsjón af umfjöllun um áhrif framkvæmdar á vatnsgæði og lífríki viðtaka má gera ráð fyrir að áhrifin verði bæði staðbundin og afturkræf. Áhrif á fugla eru metin óveruleg.

#### Sjónræn áhrif

Eldisstöðin stendur á iðnaðarsvæði. Landið er fremur flatt og víðsýnt er til allra átta. Frá svæðinu sést yfir sjóinn og til fjalla. Sjónræn áhrif vegna núverandi starfsemi eru þegar til staðar á svæðinu. Helsta breytingin á útsýninu tengist fjölgun eldiskara og bygginga. Þau mannvirki sem áformað er að reisa eru sambærileg að formi og gerð við þau sem fyrir eru á svæðinu. Þá hefur verið leitast við að hanna mannvirki þannig að þau falli sem best að svipmóti lands. Líklegastir til að sjá mannvirkin eru íbúar Þorlákshafnar, hestamenn og vegfarendur sem leið eiga um nágrennið. Gera má ráð fyrir að ljós frá starfseminni verði greinanlegt frá byggð í Þorlákshöfn en ekki er talið að ljósmengun verði vandamál ef fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum er fylgt. Sjónræn áhrif eru metin óverulega neikvæð.

#### Fornleifar

Engar minjar fundust á framkvæmdasvæðinu í fornleifakönnun. Ef áður ókunnar fornminjar finnast við framkvæmd verks mun Ísbór láta stöðva framkvæmdir og upplýsa Minjastofnun Íslands um fundinn. Framkvæmdin er ekki talin hafa áhrif á fornleifar.

## EFNISYFIRLIT

SAMANTEKT	5
MYNDASKRÁ	9
TÖFLUSKRÁ	10
1 INNGANGUR	12
1.1 Um framkvæmdina	12
1.2 Af hverju er framkvæmdin matsskyld?	12
1.3 Tilgangur mats á umhverfisáhrifum	13
1.4 Hverjir vinna umhverfismatið?	13
1.5 Matsferlið	14
1.6 Hvað hefur gerst í matsferlinu til þessa?	14
1.7 Frávik frá matsáætlun	15
1.8 Breytingar frá auglýstri frummatsskýrslu	15
1.9 Uppbygging þessa skjals	15
1.10 Umsagnir og athugasemdir	16
2 NÚVERANDI ELDISSTÖÐ ÍSPÓRS	17
2.1 Um stöðina	17
2.2 Umsagnir og athugasemdir	19
3 UM FRAMKVÆMDINA	21
3.1 Markmið	21
3.2 Valkostir	21
3.3 Framkvæmdasvæði	22
3.4 Helstu framkvæmdapættir	22
3.4.1 Seiðahús og eldisker	22
3.4.2 Önnur mannvirki	23
3.4.3 Vatnstaka	25
3.4.4 Fóðrun	26
3.4.5 Fráveita	27
3.4.6 Lagnir	32
3.4.7 Vegagerð	32
3.4.8 Efnistaka	32
3.4.9 Varnir gegn slysasleppingum	32
3.4.10 Sjúkdómsvarnir	33
3.4.11 Lyfja- og efnanotkun	34
3.4.12 Förgun úrgangs	34
3.4.13 Framkvæmdatími	35
3.5 Leyfi sem framkvæmdin er háð	35
3.6 Samræmi við skipulag	36
3.6.1 Landsskipulag	36
3.6.2 Aðalskipulag	36
3.6.3 Deiliskipulag	36
3.7 Eignarhald á landi	37
3.8 Umsagnir og athugasemdir	37
4 AÐFERDAFRÆÐI	39

<b>4.1</b>	<b>Forsendur mats á umhverfisáhrifum</b>	<b>39</b>
<b>4.2</b>	<b>Mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar</b>	<b>40</b>
<b>4.3</b>	<b>Umsagnir og athugasemdir</b>	<b>43</b>
<b>5</b>	<b>UMHVERFISMAT</b>	<b>44</b>
<b>5.1</b>	<b>Grunnvatn</b>	<b>44</b>
5.1.1	Aðferðafræði	44
5.1.2	Grunnástand	46
5.1.3	Lýsing á áhrifum	47
5.1.4	Mótvægisaðgerðir	53
5.1.5	Mat á áhrifum og niðurstaða	53
<b>5.2</b>	<b>Vatnsgæði viðtaka</b>	<b>54</b>
5.2.1	Aðferðafræði	54
5.2.2	Grunnástand	56
5.2.3	Lýsing á áhrifum	58
5.2.4	Mótvægisaðgerðir	60
5.2.5	Mat á áhrifum og niðurstaða	61
<b>5.3</b>	<b>Lífríki viðtaka</b>	<b>61</b>
5.3.1	Aðferðafræði	61
5.3.2	Grunnástand	62
5.3.3	Lýsing á áhrifum	64
5.3.4	Mótvægisaðgerðir	65
5.3.5	Mat á áhrifum og niðurstaða	65
<b>5.4</b>	<b>Fuglar</b>	<b>65</b>
5.4.1	Aðferðafræði	65
5.4.2	Grunnástand	66
5.4.3	Lýsing á áhrifum	67
5.4.4	Mótvægisaðgerðir	67
5.4.5	Mat á áhrifum og niðurstaða	67
<b>5.5</b>	<b>Sjónræn áhrif</b>	<b>68</b>
5.5.1	Aðferðafræði	68
5.5.2	Grunnástand	68
5.5.3	Lýsing á áhrifum	72
5.5.4	Mótvægisaðgerðir	72
5.5.5	Mat á áhrifum og niðurstaða	72
<b>5.6</b>	<b>Fornleifar</b>	<b>73</b>
5.6.1	Aðferðafræði	73
5.6.2	Grunnástand	73
5.6.3	Lýsing á áhrifum	74
5.6.4	Mótvægisaðgerðir	74
5.6.5	Mat á áhrifum og niðurstaða	74
<b>5.7</b>	<b>Umsagnir og athugasemdir</b>	<b>74</b>
<b>6</b>	<b>KYNNING OG SAMRÁÐ</b>	<b>78</b>
<b>6.1</b>	<b>Drög að tillögu að matsáætlun</b>	<b>78</b>
<b>6.2</b>	<b>Tillaga að matsáætlun</b>	<b>78</b>
<b>6.3</b>	<b>Kynning á frummatsskýrslu</b>	<b>78</b>

6.4	Umsagnir og athugasemdir	79
7	<b>NIÐURSTAÐA</b>	80
7.1	Umhverfisáhrif	80
7.2	Mótvægisaðgerðir og vöktun	81
7.3	Umsagnir og athugasemdir	82
8	<b>HEIMILDASKRÁ</b>	83

## MYNDASKRÁ

<b>MYND 1-1</b>	Ferli mats á umhverfisáhrifum og framkvæmdaleyfis skv. lögum nr. 106/2000.	14
<b>MYND 2-1</b>	Yfirlitsmynd af eldisstöð Íspórs ásamt yfirstandandi stækku sem rúmast innan núverandi leyfa.	20
<b>MYND 3-1</b>	Yfirlitsmynd af eldisstöð Íspórs í Þorlákshöfn eftir fyrirhugaða stækku í 1.800 t/ári. Á myndinni er einnig sýnd yfirstandandi stækku sem rúmast innan núverandi leyfa (1. áfangi). Mynd í betri upplausn má sjá í viðauka A.	24
<b>MYND 3-2</b>	Vestari fráveita frá eldisstöð Íspórs. Á myndunum er horft til suðurs yfir fráveituna frá; a) eldisstöð að efri varnargarði, b) efri varnargarði að neðri varnargarði og c) neðri varnargarði og yfir klappir við útrás í sjó.	28
<b>MYND 3-3</b>	Eystri fráveita frá eldisstöð Íspórs. Fráveitan er niðurgrafin nema við fiskigildru (mynd a) og útrás í viðtaka (mynd b). Frá fiskigildru og að útrás í sjó liggur fráveitan í steyptum stokk, svokölluðum hamarhaus. Á mynd c) má sjá grunninn sem hamarhausinn var steyptur á. Hann er nú hulinn jarðvegi og stórgryti (sjá mynd a og b).	29
<b>MYND 3-4</b>	Fiskigildra í frárennslu.	33
<b>MYND 3-5</b>	Þéttbýlisuppráttur eftir breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022 sem gerð var árið 2016. Iðnaðarsvæðið fyrir eldisstöð Íspórs er auðkennt sem I2.	36
<b>MYND 4-1</b>	Dæmi um framsetningu á niðurstöðu umhverfismats.	41
<b>MYND 5-1</b>	Yfirlitsmynd skoðaðs svæðis í kringum Íspór.	46
<b>MYND 5-2</b>	Niðurdráttur vatnsborðs vegna aukinnar vinnslu Íspórs	47
<b>MYND 5-3</b>	Lækkun þrýstihæðar á dýptarbili jarðsjávarvinnslunnar vegna aukinnar vinnslu Íspórs	48
<b>MYND 5-4</b>	Seltubreytingar vegna aukinnar vinnslu Íspórs á sniði 2	49
<b>MYND 5-5</b>	Seltubreytingar vegna aukinnar vinnslu Íspórs á sniði 3	50
<b>MYND 5-6</b>	Niðurdráttur vatnsborðs við fyrirhugaða framtíðarvinnslu vatns á svæðinu samkvæmt tilfelli 3.	51
<b>MYND 5-7</b>	Lækkun þrýstihæðar á dýptarbili jarðsjávarvinnslunnar við fyrirhugaða framtíðarvinnslu vatns á svæðinu samkvæmt tilfelli 3 [10].	51
<b>MYND 5-8</b>	Seltubreytingar vegna samlegðaráhrifa aukinnar vinnslu vatns á svæðinu um snið 2	52
<b>MYND 5-9</b>	Seltubreytingar vegna samlegðaráhrifa aukinnar vinnslu vatns á svæðinu um snið 3	53
<b>MYND 5-10</b>	Staðsetning straummælis (rauður fáni) og botnsýnatökustaða (bláir krossar). Til hliðsjónar er einnig sýnd s	55
<b>MYND 5-11</b>	Rós yfir mælingar straumhraða viðtaka frárennslis frá Íspór tímabilið 27. september til 25. október 2019.	57
<b>MYND 5-12</b>	Straumhraðamælingar sem fall af tíma	57
<b>MYND 5-13</b>	Möl á sem fannst á sjávarbotni með Van Veen greip á einum sýnatökustað (ST3) [13].	58
<b>MYND 5-14</b>	Klettar við ströndina (til vinstri) og kletta- og hnnullungafjara (til hægri) [19].	62
<b>MYND 5-15</b>	Þangfjara nærri Hafnarnesvita (til vinstri) og hnnullungafjara nærri Hafnarnesvita (til hægri) [19].	62
<b>MYND 5-16</b>	Tangar út frá ströndinni (til vinstri) og helluhraun (til hægri) [19].	63

<b>MYND 5-17</b> Hrúðurkarlar (til vinstri) og klettadoppur (til hægri) [19].	63
<b>MYND 5-18</b> Horft til suðvesturs yfir eldisstöð Íspórs frá Nesbraut.	69
<b>MYND 5-19</b> Horft til austurs yfir eldisstöð Íspórs af slóða sem liggar frá Nesbraut niður að sjó vestan við lóðina.	70
<b>MYND 5-20</b> Horft til austurs yfir eldisstöð Íspórs frá Nesbraut.	70
<b>MYND 5-21</b> Horft til suðausturs yfir eldisstöð Íspórs frá tengingu milli Faxabrautar og Nesbrautar, í námunda við hesthúsahverfið í Þorlákshöfn.	71
<b>MYND 5-22</b> Horft til suðurs yfir eldisstöð Íspórs frá suðurjaðri byggðarinnar í Þorlákshöfn.	71

## TÖFLUSKRÁ

<b>TAFLA 1-1</b> Verkefnisstjórn við mat á umhverfisáhrifum.	13
<b>TAFLA 1-2</b> Yfirlit yfir þá sérfræðinga sem komu að rannsóknum vegna mats á umhverfisáhrifum.	13
<b>TAFLA 2-1</b> Seiðaframleiðsla Íspórs árin 2015-2019 ásamt áætlaðri framleiðslu og áætluðum hámarks lífmassa 2020-2021.	17
<b>TAFLA 2-2</b> Viðbrögð Íspórs við umsögnum og athugasemdum við umfjöllun um núverandi eldisstöð í frummatsskýrslu.	19
<b>TAFLA 3-1</b> Helstu kennistærðir fyrirhugaðrar eldisstöðvar Íspórs eftir stækjun, samanborið við núverandi eldisstöð.	23
<b>TAFLA 3-2</b> Notkun á heitu vatni á mánuði við eldisstöð Íspórs.	26
<b>TAFLA 3-3</b> Fóðrun, framleiðsla og heildarlosun fosfórs hjá Íspór árin 2015-2019.	27
<b>TAFLA 3-4</b> Áætlaðar hámarkslífmassi eftir mánuðum miðað við 1.800 tonna framleiðslu á ári.	27
<b>TAFLA 3-5</b> Núverandi rennslí á fersku vatni hjá Íspór (l/s) og endurnýtingarhlutfall (%).	30
<b>TAFLA 3-6</b> Mæld gildi köfnunarefnis (N) og fosfórs (P) í fráveituvatni frá eldisstöð Íspórs árin 2016 til 2019.	31
<b>TAFLA 3-7</b> Lyfja- og efnanotkun hjá Íspór árin 2015-2019.	34
<b>TAFLA 3-8</b> Úrgangur frá eldisstöð Íspórs tímabilið 2015-2019.	35
<b>TAFLA 3-9</b> Viðbrögð Íspórs við umsögnum og athugasemdum við umfjöllun um framkvæmdina í frummatsskýrslu.	37
<b>TAFLA 4-1</b> Viðbrögð Íspórs við umsögnum og athugasemdum við umfjöllun um aðferðafræði í frummatsskýrslu.	43
<b>TAFLA 5-1</b> Skoðuð tilfelli í mati á grunnvatni. Allar tölur eru í l/s.	45
<b>TAFLA 5-2</b> Samantekt seltubreytinga á lóðum við Laxabraut vegna aukinnar vinnslu Íspórs	49
<b>TAFLA 5-3</b> Fóðurnotkun og áætluð losun lífrænna úrgangsefna (kg) frá eldisstöð Íspórs miðað við stöðu framkvæmda á árs grundvelli. Frá stöðinni berst kolefni (C), köfnunarefni (N) og fosfór (P), ýmist á föstu (S) eða uppleystu formi (AQ).	58
<b>TAFLA 5-4</b> Fóðurnotkun og áætluð losun lífrænna úrgangsefna (mg/l) frá eldisstöð Íspórs miðað við stöðu framkvæmda á árs grundvelli. Frá stöðinni berst kolefni (C), köfnunarefni (N) og fosfór (P), ýmist á föstu (S) eða uppleystu formi (AQ).	59
<b>TAFLA 5-5</b> Fóðurnotkun og áætlað magn lífrænna úrgangsefna sem kemur frá núverandi fiskeldi við Þorlákshöfn á árs grundvelli. Einnig er sýnt áætlað magn lífrænna úrgangsefna sem myndi koma frá fiskeldi við Þorlákshöfn ef framtíðaráform allra aðila um fiskeldi ganga eftir.	59
<b>TAFLA 5-6</b> Fjöldi skráðra fugla eftir tegundum í grennd við eldisstöð Íspórs 6. júní 2019. Til hliðsjónar er sýndur hættuflokkur viðkomandi tegundar á válista, en þar geta tegundir flokkast sem útdauð (EX), útdauð í náttúrunni (EW), útdauð sem varpfugl á Íslandi (RE), í bráðri hættu (CE), í hættu (E), í nokkurri hættu (VU), í yfirfandi hættu (NT), gögn vantar (DD), ekki í hættu (LC) og uppfylla ekki forsendur mats (NA).	67

<b>TAFLA 5-7</b> Viðbrögð Ísþórs við umsögnum og athugasemdum við umfjöllun um umhverfismat í frummatsskýrslu.	74
<b>TAFLA 7-1</b> Yfirlit yfir fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir sem ætlað er að koma í veg fyrir eða draga úr líkum á neikvæðum umhverfisáhrifum vegna stækunar eldisstöðvar Ísþórs.	82

## VIÐAUKAR

**Viðauki A** Mat á áhrifum aukinnar vatnstöku

**Viðauki B** Niðurstöður straummælinga og botnsýnatöku

**Viðauki C** Niðurstöður úttektar á lífríki fjöru og fuglalífi

**Viðauki D** Niðurstöður fornleifakönnunar

**Viðauki E** Teikningar af fiskigildru í frárennsli frá eldisstöð Ísþórs

**Viðauki F** Umsagnir og athugasemdir við frummatsskýrslu fyrir stækun eldisstöðvar Ísþórs

# 1 INNGANGUR

## 1.1 Um framkvæmdina

Framkvæmdaraðili er Eldisstöðin Íspór hf. sem er í eigu fiskeldisfyrirtækjanna Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða. Í dag rekur Íspór eldisstöð í Þorlákshöfn sem hefur leyfi til að framleiða 600 tonn af regnbogasilunga- og laxaseiðum á ári. Fyrirtækið áformar að stækka eldisstöðina í 1.800 tonna ársframleiðslu á laxaseiðum. Meginmarkmið framkvæmdarinnar er að framleiða seiði laxfiska (lax eða regnboga) til áframeldis í sjókvíum Arnarlax á Vestfjörðum og Fiskeldis Austfjarða á Austfjörðum. Að framkvæmdum loknum verður heildar eldisrými um  $51.360\text{ m}^3$ , þar af  $46.360\text{ m}^3$  utandyra og  $5.000\text{ m}^3$  undir þaki. Heildarvatnsþörf í kjölfar framkvæmda hefur verið áætluð allt að  $6.500\text{ l/s}$  af jarðsjó,  $700\text{ l/s}$  af fersku vatni og  $15\text{ l/s}$  af heitu vatni. Gert er ráð fyrir að öll vatnstaka á fersku vatni og jarðsjó fari fram innan lóðar fyrirtækisins en að heitt vatn verði aðkeypt. Þegar stöðin verður komin í fullan rekstur má gera ráð fyrir að árleg fóðurnotkun nemi um 1.800 tonnum.

## 1.2 Af hverju er framkvæmdin matsskyld?

Í febrúar 2017 sendi Jónatan Þórðarson fyrir hönd Íspórs inn drög að tilkynningu um stækkun á framleiðslu upp í 2.500 tonn og óskaði eftir undanþágu frá umhverfismati. Þessi drög að tilkynningu fengu heldur dræmar undirtektir hjá Skipulagsstofnun og koðnaði málið niður í kjölfarið. Ári síðar eða á útmánuðum 2018 var send inn fyrirspurn til Skipulagsstofnunar hvort stofnunin teldi að stækkun stöðvarinnar upp í 1.500 tonn væri líkleg til að vera háð mati á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun taldi svo vera út af túlkun á vatnstöku á grunnvatni skv. lið 10.24 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Hér kveður við nýjan tón hjá opinberum stofnunum en fram að þessu hefur jarðsjór ekki verið skilgreindur sem grunnvatn. Eldisstöðin Íspór hefur verið með leyfi í lóðaleigusamning við Sveitarfélagið Ölfus síðan fyrir 1985 um nýtingu á allt að  $350\text{ l/s}$  af ferskvatni og  $3.000\text{ l/s}$  af jarðsjó. Árið 2015 í tengslum við stækkun á starfs- og rekstrarleyfi upp í 600 tonn fékk Íspór svo nýtingarleyfi frá Orkustofnun fyrir allt að  $350\text{ l/s}$  af ferskvatni og  $3.000\text{ l/s}$  af jarðsjó. Í umræddu leyfi kemur m.a. fram að: „*Boranir vegna grunnvatnsnýtingar samkvæmt leyfi þessu eru ekki matsskyldar, sbr. lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Aðrar framkvæmdir leyfishafa kunna eftir atvikum að vera matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, þ.m.t. vinnsla grunnvatns og vatnsleiðslur*

*utan þéttbýlis*". Í ljósi afstöðu Skipulagsstofnunar var ákveðið að hefja vinnu við mat á umhverfisáhrifum fyrir stækjun á starfs- og rekstrarleyfum fyrir Íspór úr 600 tonnum í 1.800 tonn.

### 1.3 Tilgangur mats á umhverfisáhrifum

Mat á umhverfisáhrifum er ferli þar sem á kerfisbundinn hátt eru metin þau áhrif sem framkvæmd kann að hafa á umhverfið, áður en tekin er ákvörðun um hvort umrædd framkvæmd skuli leyfð. Mat á umhverfisáhrifum er unnið í samræmi við lög nr. 106/2000. Matinu er ætlað að tryggja að umhverfisáhrif framkvæmda séu innan ásættanlegra marka. Nánar tiltekið eru markmið laganna:

- að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar,
- að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar,
- að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða vegna framkvæmda sem falla undir ákvæði laganna,
- að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmda sem falla undir ákvæði laganna og mótvægisáðgerðir vegna þeirra og gefa almenningi kost á að koma að athugasemdum og upplýsingum áður en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar liggar fyrir.

### 1.4 Hverjir vinna umhverfismatið?

Íspór hefur falið verkfræðistofunni EFLU hf. að hafa umsjón með mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. EFLA vinnur helstu skjöl sem framkvæmdaraðila ber að leggja fram, s.s. tillögu að matsáætlun, frummatsskýrslu og þessa matsskýrslu sem lögð er fram að loknu kynningarferli frummatsskýrslu. Sérstök verkefnisstjórn var skipuð um matið (Tafla 1-1). Að auki önnuðust utanaðkomandi sérfræðingar rannsóknir vegna afmarkaðra umhverfispáttu (Tafla 1-2).

**TAFLA 1-1** Verkefnisstjórn við mat á umhverfisáhrifum.

AÐILI	HLUTVERK	STARFSMAÐUR
Eldisstöðin Íspór	Verkefnisstjóri framkvæmdaraðila	Þórarinn Ólafsson
EFLA hf.	Verkefnisstjóri umhverfismats og ritstjóri matsskýrslu	Jón Águst Jónsson

**TAFLA 1-2** Yfirlit yfir þá sérfræðinga sem komu að rannsóknum vegna mats á umhverfisáhrifum.


AÐILI	HLUTVERK
RORUM	Úttekt á fjöru og fuglalífi
Akvaplan-niva	Straummælingar og botnsýnataka
Minjavörður Suðurlands	Fornleifakönnun
Vatnaskil	Líkanreikningar vegna mats á áhrifum vatnstöku

## 1.5 Matsferlið

Matsferlinu má í grófum dráttum skipta í tvennt, annars vegar vinnu áætlunar um gerð umhverfismatsins sem er kynnt í matsáætlun og hins vegar vinnslu umhverfismatsins sjálfs sem kynnt er í frummatsskýrslu. Almenningi og umsagnaraðilum gefast nokkur tækifæri til að koma á framfæri athugasemnum eða ábendingum í matsferlinu. Það er mikilvægt fyrir framkvæmdaraðila að fá sem fyrst fram ábendingar og umræðu um hvernig á að standa að mati á fyrirhugaðri framkvæmd. Ábendingar um mögulega valkosti, umhverfisþætti sem tilefni er til að leggja til grundvallar í matinu eða upplýsingar um grunnástand svæðisins eru dæmi um gagnlegar upplýsingar í upphafi matsferlisins.

Tillaga að matsáætlun er fyrsta skref matsferlisins, en í henni er að finna áætlun um þá þætti framkvæmdar og umhverfis sem lögð verður áhersla á við matsvinnuna og fjallað verður um í frummatsskýrslu. Áætlunin er nokkurs konar verkáætlun fyrir framkvæmdaraðila, Skipulagsstofnun, umsagnaraðila og almenning til að vinna eftir og fylgjast með hvort fullnægjandi upplýsingar muni komi fram í frummatsskýrslu um framkvæmd, starfsemi sem henni fylgir og áhrif á umhverfið. Í tillögu að matsáætlun er gerð grein fyrir framkvæmdinni, þeim valkostum sem á því stigi hafa komið til umræðu og framkvæmda- og áhrifasvæði, ásamt þeim þáttum umhverfisins sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum. Í tillögu að matsáætlun er því jafnframt lýst hvernig staðið er að rannsóknun og mati á áhrifum í frummatsskýrslu.

Í frummatsskýrslu er fylgt eftir þeim rannsóknum og athugunum sem framkvæmdar voru vegna mats á umhverfisáhrifum og greint var frá í matsáætlun. Ef vikið er frá matsáætlun í frummatsskýrslunni þarf framkvæmdaraðili að gera nákvæma grein fyrir því í hverju frávikið felst og rökstyðja það sérstaklega. Í frummatsskýrslu eru borin saman umhverfisáhrif þeirra valkosta sem til greina koma. Gerð og kynning frummatsskýrslu er því mikilvægur liður í að greina virkni mismunandi valkosta til að uppfylla markmið þessarar framkvæmdar, og bera saman umhverfisáhrif þeirra.



**MYND 1-1** Ferli mats á umhverfisáhrifum og framkvæmdaleyfis skv. lögum nr. 106/2000.

## 1.6 Hvað hefur gerst í matsferlinu til þessa?

Undirbúningur vegna stækkunar eldisstöðvar Ísþórs hefur staðið yfir um nokkurt skeið. Á undirbúningstíma voru m.a. gerðar rannsóknir á grunnvatni, fjöru, fuglalífi og fornleifum. Ýmsir

sérfræðingar komu að þessum rannsóknum, hver á sínu fagsviði. Almenningi, hagsmunaaðilum og lögbundnum umsagnaraðilum gafst tækifæri til að kynna sér framkvæmdina og koma með athugasemdir við drög að tillögu að matsáætlun áður en þeim var skilað inn til Skipulagsstofnunar til formlegrar umfjöllunar. Tillagan var aðgengileg á vef EFLU verkfræðistofu ([www.efla.is](http://www.efla.is)) frá 16. apríl til 7. maí 2019. Engar athugasemdir bárust. Í kjölfarið var tillaga að matsáætlun lögð fram til Skipulagsstofnunar. Skipulagsstofnun leitaði umsagna leyfisveitenda og annarra aðila um tillöguna og auglýsti eftir athugasemdum almennings. Alls bárust athugasemdir og umsagnir frá 10 aðilum. Íspór fór yfir allar athugasemdir og gerði Skipulagsstofnun grein fyrir afstöðu sinni til einstakra athugasemda. Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsáætlun var birt þann 9. október 2019. Skipulagsstofnun féllst á matsáætlunina með athugasemdum.

Frummatsskýrsla var unnin samkvæmt samþykktri matsáætlun og þeim rannsóknum sem unnar hafa verið í tengslum við matið. Henni var ætlað að varpa ljósi á fyrirhugaða framkvæmd, grunnástand umhverfis fyrir framkvæmdir og möguleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar. Frummatsskýrslan lá frammi til kynningar frá 8. apríl til 25. maí 2020. Öllum var frjálst að kynna sér skýrsluna og leggja fram skriflegar athugasemdir til Skipulagsstofnunar á kynningartíma. Skipulagsstofnun leitaði jafnframt umsagnar hjá hlutaðeigandi stjórnvöldum. Alls bárust umsagnir og athugasemdir frá 8 aðilum. Allar athugasemdir og umsagnir við frummatsskýrslu hafa nú verið yfirfarnar og þeim svarað. Svörin voru skrifuð inn í matsskýrslu þessa sem hefur verið send til Skipulagsstofnunar. Stofnunin veitir svo álit sitt á mati á umhverfisáhrifum byggt á matsskýrslu. Sveitarstjórnun ber að taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar við útgáfu framkvæmdaleyfa. Að því loknu er framkvæmdaleyfið auglýst og er þá í einn mánuð hægt að kæra framkvæmdaleyfið.

### **1.7 Frávik frá matsáætlun**

Matsskýrsla þessi var unnin samkvæmt samþykktri tillögu að matsáætlun.

### **1.8 Breytingar frá auglýstri frummatsskýrslu**

Matsskýrsla þessi hefur verið unnin með hliðsjón af þeim umsögnum og athugasemdum sem gerðar voru við frummatsskýrslu (sjá viðauka F). Aftan við alla kafla hefur einnig verið settur undirkafli með þeim athugasemdum sem tengjast viðkomandi kafla og viðbrögðum Íspórs við þeim.

### **1.9 Uppbygging þessa skjals**

Uppbygging þessa skjals er með eftirfarandi hætti:

- Í kafla 2 er fjallað um núverandi eldisstöð Íspórs.
- Í kafla 3 er framkvæmdinni lýst.
- Í kafla 4 er greint frá aðferðafræði við mat á umhverfisáhrifum.
- Í kafla 5 er gerð grein fyrir grunnástandi þeirra umhverfisþátta sem voru skoðaðir og áhrif framkvæmdarinnar á þá metin.
- Í kafla 6 er gerð grein fyrir samráði og kynningu.
- Í kafla 7 er tekin saman niðurstaða umhverfismatsins.

## **1.10 Umsagnir og athugasemdir**

Engar athugasemdir voru gerðar við umfjöllun í inngangskafla frummatsskýrslu.

## 2 NÚVERANDI ELDISSTÖÐ ÍSPÓRS

### 2.1 Um stöðina

Íspór hf. er ein stærsta og rótgrónasta seiðaeldisstöðin á Íslandi. Strandeldisstöðin var byggð í kringum 1985 og var í rekstri til ársins 1992. Rekstur hófst aftur árið 1995 í matfiskeldi á lúðu undir merkjum FISKEY en eldi á lúðu lagðist af í kringum 2006. Strandeldisstöðin Íspór var svo endurvakin árið 2010 og hefur síðan þá verið eingöngu í seiðaeldi á laxfiskum, þ.e. laxi og regnbogasilungi. Framleiðslan hefur verið í kringum 3 milljónir laxaseiða. Heildareldisrými er 14 þúsund rúmmetrar og fer eldið fram í kerjum frá 18 rúmmetrum upp í 2.400 rúmmetra að stærð. Íspór er svokölluð „gegnumrennslis“ strandeldisstöð sem reiðir sig á borholuvatn, bæði ferskvatn og jarðsjó. Eigendur Íspórs eru fiskeldisfyrirtækin Arnarlax og Fiskeldi Austfjarða og eru öll framleidd seiði Íspórs flutt til eigenda í brunnbátum til áframeldis í sjókvíum. Alls eru í kringum 11 stöðugildi í fiskeldisstöðinni. Núverandi starfs- og rekstrarleyfi hljóðar upp á 600 tonna framleiðslu á regnbogasilungs- og laxaseiðum. Hvert framleitt tonn miðast við útsettann lífmassa árlega.

**TAFLA 2-1** Seiðaframleiðsla Íspórs árin 2015-2019 ásamt áætlaðri framleiðslu og áætluðum hámarks lífmassa 2020-2021.

ÁR	FJÖLDI SEIÐA	MEÐALVIGT (g)	FRAMLEIÐSLA (t)	HÁMARKS LÍFMASSI (t)
2015	2.461.000*	164	404	422
2016	3.009.100	164	495	517
2017	2.832.012	183	518	541
2018	2.965.020	174	515	538
2019	3.203.836	140	447	467
2020**	4.000.000	135	540	564
2021**	5.500.000	135	740	773

\* af þessum fjölda voru rúmlega milljón regnbogaseiði

\*\* spá

Heitt vatn er keypt af Veitum ohf. en önnur vatnstaka fyrir framleiðsluna fer fram á svæðinu. Þar er einn ferskvatnsbrunnur, fjórar borholur fyrir ferskvatn og 11 borholur fyrir jarðsjó. Flestar borholurnar eru gamlar og í misgóðu ástandi. Íspór hefur nýtingarleyfi frá Orkustofnun fyrir allt að 350 l/s af ferskvatni og 3.000 l/s af jarðsjó. Í dag er verið að nýta að hámarki hverju sinni um 300 l/s af ferskvatni

og um 800 l/s af jarðsjó. Ársmeðaltalsnotkun á jarðsjó er mun lægri eða um og undir 400 l/s, en notkun á jarðsjó nær hámarki frá apríl til júní þegar lífmassi í kerjum til afsetningar eykst. Ferskvatn er notað á fyrri stigum eldisins og eru minni sveiflur í notkun þar sem svipaður fjöldi af smáseiðum er í stöðinni á öllum árstínum.

Eldisrými hjá Eldisstöðinni Íspór er eftirfarandi. Svakallað C-hús með tengingu við klakhús er það eldisrými sem er undir þaki nú um stundir. Í klakhúsi eru 6 klakskápar, en hver klakskápur er með 16 bakka fyrir hrogn. A/B salir í klakhúsi eru með fjögur startkör, 6 metrar í þvermál, sem eru ca. 28 m<sup>3</sup> og fjögur startkör, 4 metrar í þvermál, sem eru ca. 18 m<sup>3</sup>. Heildarrými fyrir start á seiðum er tæplega 190 m<sup>3</sup>. Í C-sal eru tvær gerðir af eldiskerjum, átta kör, 4 metrar í þvermál, sem eru 18 m<sup>3</sup> og sex kör, 8 metrar í þvermál, sem eru 75 m<sup>3</sup>. Heildareldisrými í C-sal fyrir smáseiði er um 600 m<sup>3</sup>. Á útisvæði eru tíu svokölluð S-kör sem eru 9 metrar í þvermál og 140 m<sup>3</sup>. Heildareldisrými S-kerja er 1400 m<sup>3</sup>. Búið er að byggja stálgrindarhús yfir átta af þessum S-kerjum þannig að heildareldisrými undir þaki fyrir smáseiði er í kringum 2000 m<sup>3</sup>. Á útisvæði eru starfrækt ellefu svokölluð M-kör, átta M kör eru 13 metrar í þvermál og 540 m<sup>3</sup> og þrjú M kör eru 26 metrar í þvermál og 2400 m<sup>3</sup>. Heildareldisrými allra M-kerja er í kringum 11.500 m<sup>3</sup>.

Eldisferillinn hjá Íspór er eftirfarandi. Augnhrogn eru tekin inn fjórum sinnum á ári og komið fyrir í klakskápum. Hver klakskápur er með 16 bökkum og getur fóstrað á milli 300-400 þúsund hrogn. Í dag eru starfræktir sex klakskápar hjá Íspór með afkastagetu upp á 1,8 milljón hrogna hverju sinni. Eftir rúma two mánuði í klakskápum, þegar kviðpoki er á þrotum, eru seiðin færð úr klakskápum í startker. Alls eru átta startker notuð í framleiðslunni með um 200 m<sup>3</sup> heildareldisrými. Eftir u.p.b. 2-3 mánuði í startkerjum fara seiðin, þá um þrjú til fimm grömm, yfir í smáseiðaeldi í svokölluðum C-sal og S-kerjum sem eru með um 2.000 m<sup>3</sup> heildareldisrými. Þegar seiðin hafa náð á milli 40-50 g í smáseiðaeldi þá eru þau bólusett og færð yfir í 540 m<sup>3</sup> kör þar sem seiðin klára smoltun (umbreyting fyrir sjögöngu). Seiðin klára eldisferilinn í þeim körum eða ennþá stærri eldiskörum (2.400 m<sup>3</sup>). Heildareldisrými stærri kerja sem notuð eru til að smolta og geyma seiði til afsetningar er um 11.500 m<sup>3</sup>.

Á Íslandi er útsetningargluggi fyrir laxaseiði frekar þróngur miðað við okkar nágrannalönd. Vegna sjávarhita er einungis raunhæft að setja út laxaseiði frá lokum maí fram í byrjun október, eða á u.p.b. fjögurra mánaða tímabili. Öllum eldisseiðum er dælt með sérstakri flutningslögnum sem liggur frá Íspór niður á höfnina í Þorlákshöfn þar sem seiðin fara um borð í brunnbáta sem eru á vegum eigenda seiðanna. Heildarvegalengdin á flutningslögnum er tæpir tvær kílómetrar. Misunandi árgöngum (hópum) er aldrei blandað saman og framan af í eldisferlinu eru misunandi hópar aðskildir eftir svæðum sem partur af sjúkdómavörnum. Stærð seiða við útsetningu er misunandi og hafa útsett seiði að jafnaði verið frá 70 g til 500 g. Meðalþyngd seiða sem fara til Fiskeldis Austfjarða mun fara lækkandi á næstu árum þar sem jákvæð reynsla er komin á útsetningu seiða seinna á haustin. Hefur það mikið að segja varðandi útsettlan lífmassa (framleiðsla) úr stöðinni. Með öðrum orðum, seiði sem hefðu verið 400g+ árið X+1 fara út sem 80-100g árið X. Sem dæmi stendur til að afsetja allt að 700 þúsund seiði af seiðahóp 20-1 í október 2020. Meðalþyngd þessara seiða verður í kringum 90g þannig að útsettur lífmassi í október er í kringum 63 tonn. Ef þessi seiði kæmust ekki út úr stöðinni í október 2020 þá þyrftu þau að vera veturninn í stöðinni og útsettur lífmassi í júní 2021 af þessum hópi væri í kringum 300 tonn.

Megnið af öllu fersku vatni sem notað er í eldisferlinu er hreinsað og endurnýtt með tromlusíum, lofturum o.fl. Seti úr tromlusíum er safnað í þrær og reglulega koma hreinsibílar og tæma þrærnar og

fara með setið/úrganginn í móttöku/eyðingu í Sorpu eða til sambærilegra sorpstöðva. Allur jarðsjór fer óhreinsaður til sjávar og er ekki að sjá mikil merki þess í skurðinum eða ströndinni fyrir neðan, enda mjög brimasamt við ströndina og sjórinn öflugur viðtaki. Öflug sjálfvirk öryggis- og stjórnkerfi (fóður, súrefni o.fl.) eru í notkun í Ísbór ásamt því að haldið er utan um allan lífmassann í viðurkenndu tölvukerfi (Fishtalk). Daglegur vinnutími er á milli 7-16 alla virka daga og það er alltaf næturvaktmaður á milli 20:00 til 06:00, alla daga vikunnar árið um kring. Á öðrum tímum er alltaf maður á bakvakt og við vinnu á dagtíma um helgar.

Í dag er verið að stækka eldisstöðina Ísbór til að nýta betur starfs- og rekstrarleyfi félagsins. Búið er að byggja yfir eldiskör fyrir smáseiðaeldi og koma upp nýrri flokkunar- og bólusetningaraðstöðu í þeirri byggingu. Búið er að byggja tólf ný 540 m<sup>3</sup> ker þar sem eingöngu verður notast við jarðsjó í eldi á smoltuðum laxaseiðum. Búið er að bæta inntöku á fersku- og heitu vatni með varmaskiptum, vacuum lofturum o.fl. fyrir startseiði. Einnig er áformað að auka hreinsun og endurnýtingu á öllu fersku vatni.

## 2.2 Umsagnir og athugasemdir

Hér að neðan má sjá umsagnir og athugasemdir varðandi umfjöllun um núverandi eldisstöð og viðbrögð Ísbórs við þeim.

**TAFLA 2-2** Viðbrögð Ísbórs við umsögnum og athugasemdum við umfjöllun um núverandi eldisstöð í frummatsskýrslu.

ATHUGASEMD	VIÐBRÖGÐ ÍSPÓRS
<b>Umhverfisstofnun</b>	
Fram kemur í frummatsskýrslu að: „Meðalþyngd seiða mun fara lækkandi á næstu árum þar sem jákvæð reynsla er komin á útsetningu seiða seinna á haustin“ og hefur það áhrif á útsettan lífmassa í stöðinni (bls. 17). Umhverfisstofnun veltir því fyrir sér hvort hér hafi rekstraraðili átt við að meðalþyngd seiða muni fara hækkandi á næstu árum í stað lækkandi. Stefna fiskeldisfyrirtækja á síðustu árum hefur verið að haga útsetningu stærri seiða seinna á haustin. Ef framangreint var ekki villa telur Umhverfisstofnun að í frummatsskýrslu ætti að útskýra betur hvernig útsetning seinna á haustin valdi lækkandi meðalþyngd seiða á næstu árum.	Ísbór getur ekki svarað fyrir önnur fiskeldisfyrirtæki en þau sem standa að fyrirtækinu. Sjávarhitu er misjafn milli Austfjarða og Vestfjarða og mismunandi áherslur milli fyrirtækja. Það gengur t.d. ekki vel að setja út 80g seiði í sjóinn fyrir vestan í október en það gengur vel fyrir austan. Fiskeldi Austfjarða vilja því taka sinn hluta af 20-1 hóp í október sem 80-100g fisk. Hinsvegar vill Arnarlax taka sinn hluta af 20-1 hóp. í júní 2021, þá sem 400g+. Umfjöllun í kaflanum hefur verið uppfærð.
Í frummatsskýrslu kemur fram að fóðurstuðull stöðvarinnar er áætlaður 1 þar sem gert er ráð fyrir að árleg fóðurnotkun nemí um 1.800 tonnum sem er jafnt á við áætlaða framleiðslu seiða á ári. Þá er fjallað um „hámarkslífmassa framleiðsla“ upp á 1.800 tonn (bls. 27) en Umhverfisstofnun tekur fram að „framleiðsla á ári“ og „hámarkslífmassi í stöð á hverjum tíma“ er ekki endilega sá sami ef seiði eru flutt úr stöðinni oftar en einu sinni á ári (lotuframleiðsla). Sjá má í töflu 2-1 að áætlaður lífmassi í stöðinni árið 2020 er 540 tonn og árið 2021 er 740 tonn. Umhverfisstofnun telur að í matsskýrslu ætti að skýra betur í töflu 2-1 hver verði hámarkslífmassi í stöðinni á hverjum tíma og hvenær sé ráðgert að stöðin verði komin í full afköst. Því má, að mati stofnunarinnar, einnig sýna betur áætlað lotueldi á ársgrundvelli þar sem losun lifrænna efna í frárennsli endurspeglast best í standandi lífmassa seiða í fóðrun í stöðinni. Umhverfisstofnun telur því að koma ætti fram í matsskýrslu framkvæmdar hvað sé áformað að hafa mikinn lífmassa í stöðinni á hverjum tíma auk þess hversu mörg tonn af seiðum verði framleidd árlega.	Upplýsingum um hámarks lífmassa hefur verið bætt inn í töflu 2-1. Einnig hefur áætluðum lífmassa eftir mánuðum verið bætt inn í kafla 3.4.4.



**MYND 2-1** Yfirlitsmynd af eldisstöð Ísþórs ásamt yfirstandandi stækku sem rúmast innan núverandi leyfa.

## 3 UM FRAMKVÆMDINA

### 3.1 Markmið

Framkvæmdaraðili er Eldisstöðin Íspór hf. sem er í eigu fiskeldisfyrirtækjanna Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða. Meginmarkmið framkvæmdarinnar er að framleiða seiði laxfiska (lax eða regnboga) til áframeldis í sjókvíum Arnarlax á Vestfjörðum og Fiskeldis Austfjarða á Austfjörðum.

### 3.2 Valkostir

Aðalvalkostur felst í stækkun númerandi eldisstöðvar Íspórs í Þorlákshöfn úr 600 t í 1.800 t af laxafiskaseiðum (lax og regnbogi) til áframeldis í sjókvíum. Ekki verður lagt mat á umhverfisáhrif annarra valkosta. Helsta ástæða þess er sú að þetta er það magn sem Íspór þarf að framleiða til að anna eftirspurn Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða eftir seiðum til áframeldis í sjókvíum. Þá er fyrirhuguð staðsetning talin afar heppileg fyrir eldið vegna þess að svæðið er auðugt af fersku vatni og jarðsjó sem þarf til framleiðslunnar. Á svæðinu eru jafnframt til staðar innviðir, s.s. til vatnstöku, sem nýtast við framleiðsluna. Síðast en ekki síst er sjórinn talinn öflugur viðtaki fyrir fráveituvatn frá stöðinni, enda stendur hún fyrir opnu hafi á stórbrimasömu strandsvæði með sterka strauma. Núllkostur felur í sér að ekki verði ráðist í stækkun stöðvarinnar.

Að öllu jöfnu er um að ræða eldi á laxaseiðum. En í ljósi þess að regnbogasilungur var alinn í stöðinni fyrir nokkrum árum þykir eðlilegt að hafa þann möguleika inni í framtíðar starfs- og rekstrarleyfum aðala regnbogasilungsseiði. Eldisferlar hjá laxi og regnbogasilungi eru mjög líkir. Sama á við um fóðurstuðla o.fl. Á þessum tímapunktum eru engin áform uppi um að rækta regnbogasilungsseiði. Það er samt alltaf sá möguleiki fyrir hendi að aðstæður breytist og regnbogasilungur verður ákjósanlegur kostur, t.d. vegna breyttra markaðsaðstæðna eða vegna breytinga á lögum og reglugerðum stjórnvalda sem hefðu áhrif á starfs- og rekstrarleyfi hjá eigendum Íspórs. Regnbogasilungsseiði gætu þá ýmist verið alin í hluta eða allri eldisstöðinni. Ekki stendur til að fara í matfiskeldi í eldisstöðinni.

### **3.3 Framkvæmdasvæði**

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er í Sveitarféluginu Ölfus. Það er staðsett á iðnaðarsvæði sunnan þéttbýlisins í Þorlákshöfn, nánar tiltekið á Nesbraut 23-27 (Mynd 3-1). Svæðið er um 67.123 m<sup>2</sup> að flatarmáli og liggur á milli Nesbrautar í norðri og sjávar í suðri. Á svæðinu er núverandi eldisstöð Ísbórs. Stórum hluta svæðisins hefur því þegar verið raskað. Samkvæmt vistgerðagögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands [1] er eyðihraunavist ríkjandi vistgerð á svæðinu. Í eyðihraunavist er gróðurþekja að jafnaði mjög lítil og hún er fátæk af tegundum æðplantna og fugla. Vistgerðin er útbreidd á svæðinu og hefur lágt verndargildi. Við ströndina eru hrúðurkarlafjörur ríkjandi vistgerð samkvæmt vistgerðakortinu. Vistgerðinni má lýsa sem mjóu belti af klapparfjöru þar sem skjól er lítið og brim mikið. Vegna brimsins er lítið um plöntur og dýr, helst hrúðurkarlar og/eða smávaxinn kræklingur. Vistgerðin er algeng á landsvísu og talin hafa lágt verndargildi.

Austan við framkvæmdasvæðið er Hafnarnes, en það er á náttúrumínjaskrá (svæði nr. 757) sem útivistarsvæði í grennd við þéttbýli. Vestan við framkvæmdasvæðið er iðnaðarsvæði fyrir fiskeldi (Mynd 3-5). FISK-Seafood (áður Náttúra fiskirækt ehf.) rekur matfiskstöð með leyfi fyrir 1.200 t ársframleiðslu á bleikju við Laxabraut 5. Einnig reka Laxar Fiskeldi ehf. strandeldisstöð (laxaseiði) með leyfi fyrir 500 t ársframleiðslu við Laxabraut 9 og áforma aukningu upp í 2.500 t ársframleiðslu. Þessu til viðbótar þá áformar Landeldi ehf. að reisa strandeldisstöð með 5.000 t ársframleiðslu á laxaafurðum. Ef öll þessi áform um fiskeldi ganga eftir má því gera ráð fyrir árlega verði framleidd um 10.500 t af laxfiskum á svæðinu.

### **3.4 Helstu framkvæmdaþættir**

#### **3.4.1 Seiðahús og eldisker**

Skipta má helstu framkvæmdaþáttum upp í nokkra áfanga. Fyrir utan fyrsta áfangann þá verður ekki byrjað á seinni áföngum fyrr en umhverfismati er lokið og öll tilskilin leyfi liggja fyrir. Fyrsti áfangi felst í að byggja stálgrindarhús yfir átta ferskvatnsker (1.120 m<sup>3</sup>) og byggja nýjan kerjfleka sem samanstendur af tólf 540 m<sup>3</sup> eldiskerjum. Einnig þarf að uppfæra rafmagn í núverandi stöð, vatnstöku og frárennsli á fersku vatni. Þessi áfangi er allur innan marka þeirra leyfa sem Ísbór hefur úr að spila í dag. Í lok þessa áfanga hefur eldisrými Ísbórs aukist um 6.480 m<sup>3</sup>.

Annar áfangi er að byggja upp smáseiðahús með fullkomnu endurnýtingarkerfi. Húsið verður 2.000 m<sup>2</sup> til 4.000 m<sup>2</sup> með heildar eldisrými upp á 3.000 m<sup>3</sup>. Á þessum tímapunkti er ekki búið að taka ákvörðun hvort byggð verða tvö smáseiðahús eða eitt stærra. Ef tekin verður ákvörðun um að byggja tvö smærri seiðahús má gera ráð fyrir að bygging seinna seiðahússins myndi gerast í þriðja eða fjórða áfanga. Samhliða verður byggð upp ný starfsmannaðstaða og tæknirými. Gera má ráð fyrir að þetta húsnæði verið í kringum 1.200 m<sup>3</sup>. Í þessum áfanga verður einnig klárað að byggja síðustu fjögur 540 m<sup>3</sup> körin í kerjflekanum frá fyrsta áfanga. Öll eldisker sem eru í notkun undir berum himni eru og verða með fuglanet eða svokallaðar fuglayfirbreiðslur. Um er að ræða vandaðar yfirbreiðslur frá Ísfell með 200mm möskva sem varna því að fuglar komist í kerin.

Priðji áfangi er að byggja upp nýjan 16 kara kerjafleka austan megin á lóðinni. Heildareldisrými væri  $8.640 \text{ m}^3$  og allt afrennsli úr þessum kerjafleka væri sameinað núverandi eystra afrennsli. Fjórði og síðasti áfanginn væri svo að byggja upp 32 kara kerjafleka vestan megin á lóðinni. Heildareldisrými væri  $17.280 \text{ m}^3$ . Allt afrennsli úr þessum kerjafleka myndi vera sameinað núverandi afrennsli frá stöðinni.

**TAFLA 3-1** Helstu kennistærðir fyrirhugaðrar eldisstöðvar Íspórs eftir stækkun, samanborið við núverandi eldisstöð.

	NÚVERANDI ELDISSTÖÐ	EFTIR FYRSTA ÁFANGA	EFTIR STÆKKUN ELDISSTÖÐVAR
Seiðaframleiðsla (tonn/ár)	500	600	1.800
Seiðaframleiðsla (milljónir seiða/ár)	3	5	10-12
Hámarks vatnstaka á ferskvatni (l/s)	300	350	700
Hámarks vatnstaka á jarðsjó (l/s)	800	2.000	6.500
Eldisrými undir þaki ( $\text{m}^3$ )	800	2.000	5.000
Eldisrými utan dyra ( $\text{m}^3$ )	14.320	18.280	46.360
Fóðurnotkun (tonn/ár)	500	600	1.800
Lóðarstærð ( $\text{m}^2$ )	44.600	44.600	67.123

### 3.4.2 Önnur mannvirki

Í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir nýjum súrefnistanki norðaustur af núverandi lóð (Mynd 3-1). Þá er einnig gert ráð fyrir nýjum fóðurgámi og þremur fóðursílóum sem verða staðsett í gömlu aflögðu  $2.400 \text{ m}^3$  eldiskari. En þessu stóra eldiskari var breytt í sláturaðstöðu á meðan lúðueldi var starfrækt í Íspór. Einnig er gert ráð fyrir að byggja lítið  $76 \text{ m}^2$  rafstöðvarhús og svipaða stærð af húsi ( $70 \text{ m}^2$ ) sem endurnýtingarrými fyrir ferskvatn. Þá má gera ráð fyrir um  $54 \text{ m}^2$  vatnshreinsibyggingu í grennd við brunnhús. Að lokum er verið að ljúka við að reisa  $1.200 \text{ m}^2$  stálgrindarhús yfir átta núverandi eldisker.

Í öðrum áfanga er ráðgert að reisa nýja starfsmannaðstöðu ásamt tæknirými. Eins og áður segir má gera ráð fyrir að stærð þess húss verði í kringum  $1.200 \text{ m}^2$ . Varðandi aðrar byggingar í tengslum við seinni áfanga þá má gera ráð fyrir einum fóðurgám fyrir hver 16 eldisker. Þannig að þrír fóðurgámar verða á svæðinu ásamt fóðursílóum, en gera má ráð fyrir þremur fóðursílóum fyrir hvern fóðurgám.

Núverandi varnargarðar vegna sjávarflóða er meðfram allri lóðinni í hæðarkóta 11 nema austast á svæðinu þar sem ráðist var í nýjan garð með hæðarkóta 12. Þá er svokallaður innri varnargarður (hæðarkóti 10) inn á lóðinni til að verja bæði sjódælur og gamla rafstöðvarhúsið. Þann 9. janúar 1990 var gríðarlegt sjávarflóð sem olli m.a. miklu tjóni á Stokkseyri og Eyrarbakka. Íspór lenti líka í umtalsverðu tjóni þar sem flóðið náði að slá út borholudælur með þeim afleiðingum að 160 tonn af eldisfiski drápusháttum í stöðinni á þeim tíma.

Jarðskjálftahætta er á framkvæmdasvæðinu, bæði frá jarðskjálftabeltinu á Suðurlandi og Hengilssvæðinu. Þess vegna er mikilvægt að huga vel að undirstöðum bygginga og gæta þess að ekki séu sprungur, misgengi eða stallar undir sökkum. Samkvæmt ÍST 13/1989 er Sveitarfélagið Ölfus á álagssvæði 4 og þar gilda sérstakar reglur um burðarþol bygginga [9]. Framkvæmdaraðili mun fylgja þessum reglum við uppbyggingu á lóðinni.



**MYND 3-1** Yfirlitsmynd af eldisstöð Íspórs í Þorlákshöfn eftir fyrirhugaða stækkuin í 1.800 t/ári. Á myndinni er einnig sýnd yfirstandandi stækku sem rúmast innan núverandi leyfa (1. áfangi). Mynd í betri upplausn má sjá í viðauka A.

### 3.4.3 Vatnstaka

Það er ekki að ástæðulausu að stórar strandeldisstöðvar voru byggðar á sínum tíma á Flesjum við Þorlákshöfn. Landið er á grófu hraunlagi sem er óhemju ríkt af bæði fersku vatni og jarðsjó. Meginreglan varðandi vatnstöku á þessum slóðum hefur verið sú að bora eftir fersku vatni efst í lóðunum (að norðanverðu) og neðst í lóðunum (nærri sjó) fyrir jarðsjó. Í dag er Ísbór með nýtingarleyfi frá Orkustofnun upp á allt að 350 l/s af ferskvatni og allt að 3.000 l/s af jarðsjó.

#### *Jarðsjór*

Eins og áður segir þá eru 11 borholur fyrir jarðsjó á lóð Ísbórs. Sex eldri holur í misgóðu ástandi og fimm nýjar holur sem boraðar voru árið 2019. Allar eldri holurnar voru boraðar með sérstakri leirtækni til að koma í veg fyrir að þær falli saman fyrir fóðringu. Í dag er komin ný og betri tækni (Rotex tækni) þar sem fóðringin á holunni er dregin niður á sama tíma og holan er boruð. Þetta er í senn hraðvirkari og öruggari borun. Eldri holurnar sex eru með 22-24" opi efst en nýju holurnar eru með 20" opi. Allar holurnar eru í kringum 7°C og með seltustig um 30 (S). Gert er ráð fyrir að halda áfram að bora eftir jarðsjó neðst við lóðamörk, líkt og verið hefur (sjá yfirlitsmynd). Alls er gert ráð fyrir að bora fjórar borholur í fyrsta áfanga nærrí kerjafleka. Í öðrum áfanga er síðan gert ráð fyrir að bora þrjár borholur í framhaldi af síðustu fjórum í vestur. Í þriðja og fjórða áfanga er svo gert ráð fyrir að bora allt að 12 nýjar borholur fyrir jarðsjó, þá í vestur neðst á lóðamörkum. Í dag eru notaðar 19" dælur við dælingu á jarðsjó sem gefa að jafnaði 260 l/s. Mjög sennilega verður notast við samskonar dælur í framtíðarholum. Í dag er öllum jarðsjó dælt upp í svokallaðan „vatnstank“ á lóð Ísbórs og miðlað þaðan beint í eldiskerin án sérstakrar loftunar. Varðandi framtíðarvatnstöku þá er ráðgert að dæla jarðsjónum í hefðbundna miðlunarlögn og stýra vatninu þaðan í kerjaflekana. Gera má ráð fyrir að hámarksdæling geti verið allt að 6.500 l/s ef öll plön ganga eftir.

#### *Ferskvatn*

Eins og áður segir þá eru fjórar ferskvatnsholur á lóð Ísbórs ásamt stórum ferskvatnsbrunni (aðal ferskvatns uppsprettu Ísbórs). Tvær af þessum fjórum ferskvatnsholum eru í notkun. Þriðja holan hefur ekki verið í notkun en það stendur til að prófa hana fyrr en síðar. Fjórða holan er að öllum líkindum ónýt eins og sakir standa í dag. Ein ferskvatnsholan er staðsett ofarlega á lóðinni ekki langt frá ferskvatnsbrunninum, hinár tvær eru staðsettar neðarlega á lóðinni ekki fjarri sjóholum. Í dag er verið að dæla um 200 l/s úr ferskvatnsbrunninum en um 100 l/s úr báðum ferskvatnsholunum sem eru í notkun. Allt ferskvatn er leitt í lögnum upp í miðlunarkassa þar sem heitu vatni er blandað saman við og það loftað. Varðandi frekari ferskvatnstöku þá þarf að ganga hægt um gleðinnar dyr. Það er ráðgert að reyna auka ferskvatnstöku úr núverandi brunni um 100 l/s. Sérfræðingar telja að það ætti að vera hægt þar sem ekki hefur mælst niðurdráttur við að slökkva skyndilega á 200 l/s vatnstöku úr brunninum. Það er mjög mikilvægt að auka alla ferskvatnstöku úr brunninum varlega þar sem hann er lífæð Ísbórs og ef ferskvatnslinsan er brotin með of mikilli dælingu þá getur ferskvatnsbrunnurinn orðið saltur með skelfilegum afleiðingum. Þegar farið verður í uppbyggingu á nýjum smáseiðaeldishúsum er ráðgert að hefja borun á ferskvatnsholum efst í norðvestur á lóð Ísbórs. Ráðgert er bora fimm ferskvatnsholur með afkastagetu upp á 250 l/s. Sama lögmal gildir við borun á þeim holum, þ.e. að rannsaka og skoða vel hvað hægt sé að taka upp af fersku vatni án þess að ganga á ferskvatnslinsuna. Hámarks ferskvatnsnotkun gæti verið um 700 l/s ef áætlanir ganga eftir.

### *Heitt vatn*

Líkt og verið hefur er ráðgert að halda áfram að kaupa heitt vatn af Veitum ohf., eða öðrum aðilum sem kunna að bjóða heitt vatn til sölu. Þar sem Íspór er að taka heitt vatn úr sama lagnakerfi og bærinn þarf aukin notkun á heitu vatni að ákveðast í samráði við bæjaryfirvöld og Veitur ohf. Ekki er ráðgert að reyna að bora eftir heitu vatni á lóð Íspórs. Ekki er gert ráð fyrir að heitavatnsnotkun aukist neitt í tengslum við rekstur fyrirhugaðra smáseiða eldishúsa þar sem þau verða keyrð á mikilli endurnýtingu á vatni (RAS) og varmadælum. Hinsvegar kallar fyrsti áfangi stækkunar á núverandi eldisstöð eftir aukningu á heitu vatni. Viðræður hafa staðið yfir við Veitur síðan í mars 2016 um mögulega aukningu á heitu vatni til starfsemi Íspórs. Búið er að leggja nýja lögn frá Bakka þar sem heitavatnsholur fyrir Þorlákshöfn eru staðsettar og sumarið 2019 var farið í endurnýjun á dælum ofl. hjá Veitum að Bakka. Eftir nýja lögn og lagfæringar ættu Veitur að vera aflögufærar um afhendingu á frekari heitu vatni til Íspórs. Með þessar væntingar í huga var m.a. ákveðið að fara út í stækkanir á eldisrými hjá Íspór. Notkun á heitu vatni hefur farið vaxandi á allra síðustu árum hjá Íspór. Gera má ráð fyrir að Íspór þurfi 14-15 l/s að meðaltali á mánuði yfir árið til að halda uppi eðlilegri starfsemi. Hámarksnotkun gæti farið upp í 20 l/s. Allar aukningar á notkun á heitu vatni munu þurfa að fara í gegnum viðræður við Veitur ohf. Eldisstöðin Íspór getur aldrei einhliða krafist þess að hafa aðgang að auknu magni af heitu vatni frá Veitum. Þess ber að geta að öll samskipti við Veitur hafa í gegnum tíðina verið mjög góð hvort er varðar umræður um samninga eða samvinnu varðandi skerðingar og er það von Íspórs að sama verði upp á teningnum í framtíðinni.

**TAFLA 3-2** Notkun á heitu vatni á mánuði við eldisstöð Íspórs.

ÁR:	MEÐALNOTKUN (l/s)	HÁMARKSNOTKUN (l/s)
2016	9,1	10,8
2017	9,2	10,8
2018	10,2	12,5
2019	11,2	14,2

### **3.4.4 Fóðrun**

Notast verður við hefðbundið fóður fyrir laxfiska í starfseminni sem samanstendur af próteini (55-60%), fitu (15-20%), kolvetni (15-20%) og steinefnum (<1%). Íspór tekur fóður frá nokkrum birgjum en stærsti fóðurbirgir Íspórs á síðustu árum hefur verið Fóðurblandan. Megninu af fóðrinu er dælt af bílum í fóðursíló sem eru staðsett nærri fóðurkerfum. Sjálfvirk fóðrun er á öllum eldiskerjum og er fóðrinu blásið úr tölvustýrðum fóðurkerfum. Íspór er yfirleitt ekki með stóran fóðurlager, oftast örfá bretti með startfóðri og svo bara það sem er í fóðursílóunum. Varðandi stækkun á eldisstöðinni er ráðgert að hafa hlutina með svipuðu sniði enda hefur það reynst vel og ekki tilefni til neinna stórkostlegra breytinga í þeim efnum. Flest allt fóður hefur að geyma fosfór og er hægt að reikna út heildarmagn fosfórs [2] sem fer út í umhverfið, bæði fast og uppleyst.

**TAFLA 3-3** Fóðrun, framleiðsla og heildarlosun fosfórs hjá Íspór árin 2015-2019.

ÁR:	FÓÐURMAGN (KG)	FRAMLEIÐSLA (KG)	FÓÐUR-STUÐULL	HEILDARLOSUN FOSFÓRS (KG)	KG FOSFÓR/FRAML. TONN
2015	375.500	403.841	0,93	2.364	5,85
2016	499.744	494.582	1,01	3.143	6,35
2017	521.360	518.143	1,01	3.279	6,33
2018	503.217	514.518	0,98	3.165	6,15
2019	472.803	447.330	1,06	2.974	6,65
Meðaltal:	474.525	475.683	1,00	2.985	6,27

Fóðurstuðullinn hjá Íspór síðustu árin hefur verið tæplega 1. Í framtíðaráætlunum er gert ráð fyrir að hann verði sá sami, eða í kringum 1. Þess má geta að smáfiskur í seiðaeldi nýtir að jafnaði fóður betur en í hefðbundnu matfiskeldi. Á móti kemur að menn reyna yfirleitt að offóðra í smáseiðaeldi til að koma í veg fyrir uggabit o.fl. Um 2/3 af heildarfóðrun fer fram á tímabilinu frá janúar og fram í júní.

Miðað við 1.800 tonna ársframleiðslu má gera ráð fyrir að lífmassi í stöðinni geti farið niður í 315 tonn í september og upp í 1.880 tonn í júní (Tafla 3-4).

**TAFLA 3-4** Áætlaðar hámarkslífmassi eftir mánuðum miðað við 1.800 tonna framleiðslu á ári.

MÁNUÐUR	HÁMARKS LÍFMASSI (t)
Janúar	740
Febrúar	880
Mars	1.030
Apríl	1.200
Maí	1.450
Júní	1.880
Júlí	560
Ágúst	630
September	315
Október	560
Nóvember	500
Desember	640

### 3.4.5 Fráveita

Tvær fráveiturásir eru hjá Íspór. Upphaflega var fyrsta fráveitan steypt rör alla leið til sjávar. Það rör gjöreyðilagðist á fyrstu rekstrarárum stöðvarinnar, enda mikill sjógangur þarna við Flesjar. Síðan þá hefur frárennslið runnið meira og minna opið til sjávar, en reglulega þarf að lagfæra frárennslisrör undir grjótgörðum eftir sjógang. Önnur fráveiturás var gerð árið 2018 fyrir nýja kerjaflekann í fyrsta áfanga. Sú útrás stórskemmdist í miklum sjógangi í febrúar 2019. Sumarið 2019 var brugðið á það ráð að steypa niður mikið mannvirki á klöppina, svokallaðan „hamarhaus“ og verja með stórgryti. Ef þessi útfærsla gefur góða raun má búast við að farið verði í sambærilegar aðgerðir við gamla frárennslið. Vegna sjógangs á svæðinu er talið ómögulegt að uppfylla ákvæði 2. mgr. 9. gr. reglugerðar um fráveit og skólp nr. 798/1999 um að veita skólpi 5 m niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 m út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Af þeim sökum er gert ráð fyrir að sækja um undanþágu frá umræddu ákvæði á grundvelli 7. mgr. sömu greinar reglugerðarinnar.



**MYND 3-2** Vestari fráveita frá eldisstöð Íspórs. Á myndunum er horft til suðurs yfir fráveituna frá; a) eldisstöð að efri varnargarði, b) efri varnargarði að neðri varnargarði og c) neðri varnargarði og yfir klappir við útrás í sjó.



**MYND 3-3** Eystri fráveita frá eldisstöð Ísþórs. Fráveitan er niðurgrafin nema við fiskigildru (mynd a) og útrás í viðtaka (mynd b). Frá fiskigildru og að útrás í sjó liggur fráveitan í steyptum stokk, svokölluðum hamarshaus. Á mynd c) má sjá grunninn sem hamarshausinn var steyptur á. Hann er nú hulinn jarðvegi og stórgryti (sjá mynd a og b).

Samkvæmt 7. gr. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 skal hreinsa skólp með eins þreps hreinsun verði viðtaki skilgreindur sem síður viðkvæmur. Í 20. gr. reglugerðarinnar kemur einnig fram að notkun síubúnaðar til hreinsunar skólps er sambærileg eins þreps hreinsun á síður viðkvæmum svæðum. Í reglugerðinni er grófhreinsun skilgreind sem hreinsun fastra hluta úr fráveituvatni með rist, síu eða öðrum búnaði til að koma í veg fyrir sjónmengun. Í eldisstöð Ísþórs er slíkar ristar (1,5-15mm) að finna í öllum kerjum. Ristarnar varna því að dauður fiskur berist með fráveituvatni til sjávar. Fiskigildrar í frárennsli hreinsa einnig allt rusl í frárennsli yfir 10 mm. Framkvæmdaraðili telur því hreinsun skólps samræmast ákvæðum 7. gr. reglugerðar um fráveitur og skólp.

Megnið af ferskvatni í núverandi eldisstöð er eitthvað endurnýtt, það er bara vatnið sem fer í gegnum klakskápa og startkör sem er ekkert endurnýtt. Öll M-kör og tvö S-kör eru útbúin kolsýrulefturum sem gerir kleift að endurnýta 2/3 af fersku vatni. Það er hinsvegar ekki verið að endurnýta nægilega mikið úr C-húsini og stendur til að reisa vatnshreinsihús með tromlufilterum og CO<sub>2</sub> loftun. Húsið verður

samskonar og núverandi vatnshreinsihús við S-körin. Þá er búið að byggja varmaskiptahús við hliðina á ferskvatnsbrunninum þar sem hægt verður að hita upp ferskvatnið fyrir hrognaskápa og startkör án þess að blanda heitu vatni beint út í ferskvatnið. Allt vatn sem fer í start- og klakskápa er UV filterað. Þessi framkvæmd ætti að draga úr ferskvatnsnotkun og stórbæta nýtingu á heitu vatni. Hafa ber í huga að stór hluti núverandi eldisstöðvar var reistur fyrir yfir 30 árum og það eru takmörk fyrir því hversu mikið er hægt að breyta frárennsli frá gömlum kerjum og koma fyrir hreinsibúnaði.

**TAFLA 3-5** Núverandi rennslí á fersku vatni hjá Ísþór (l/s) og endurnýtingarhlutfall (%).

	NÝTT VATN (l/s)	ENDURNÝTT VATN (l/s)	HEILDARRENNSLI (l/s)	ENDURNÝTING (%)
Hrogn og start kör	50	0	50	0%
C - Hús (smáseiði)	80	20	100	20%
S - Hús (smáseiði)	96	180	276	65%
S kör (tvö stk)	24	40	64	63%
M kör (fimm stk)	100	200	300	67%
Samtals	350	440	790	56%

Gera má ráð fyrir að endurnýtt vatn fari vel upp fyrir 60% þegar tekin verða í notkun vatnshreinsihús fyrir C-hús. Í framtíðinni og með nýjum smáseiðahúsum er ráðgert að hreinsa allt ferskvatn áður en því er veitt í frárennsli, líkt og gert er við núverandi smáseiðahús (S-hús). Framtíðar smáseiðahús verða keyrð á endurnýtingarkerfi (RAS) og má ætla að endurnýtingarhlutfallið verði allt að 99,9%, eða hver lítri af ferskvatni notaður allt að 1000 sinnum áður en hann fer út úr kerfinu. Kosturinn við að keyra á RAS kerfi er sá að ekki mun þurfa að notast við heitt vatn til að hita upp ferskvatnið heldur varmadælu.

Í stuttu máli má lýsa RAS (Recirculating Aquaculture Systems) eldisstöð á eftirfarandi hátt. Allt vatn er meira og minna endurnýtt og keyrt í gegnum tromlusíur til að fjarlægja fóðurleifar og annan skít. Þá er vatnið loftað til að losna við CO<sub>2</sub> og keyrt í gegnum lífsíu (Biofilters) til að brjóta niður ammóníak. Þá er yfirleitt notað óson til að dauðhreinsa vatnið ásamt UV ljósi. Einn grundvallar munur á milli RAS stöðva og gegnumrennslisstöðva er sá að yfirleitt er allt vatn endurnýjað í hverju eldiskeri á um 45 mínútum í RAS stöð á meðan það er ekki óalgengt að endurnýjunartími vatns í gegnumrennslis kari sé 90-120 mínútur eða jafnvel lengur eftir hita, fóðrun, lífmassa ofl. Þetta leiðir til þess að dæling er meiri í slíkri stöð og meiri orkunotkun. Einnig má gera ráð fyrir meira viðhaldi á RAS stöð en gegnumrennslisstöð þar sem tæknibúnaður er meiri og flóknari.

Á þessum tímapunktí liggur ekki fyrir nákvæm hönnun á þeirri RAS smáseiðastöð sem fyrirhugað er að reisa. En gera má ráð fyrir að það verði ekki mikið minni stöð en 6.000 m<sup>3</sup>. Gera má ráð fyrir að framleiddur heildarlífmassi í slíkri stöð væri í kringum 500 tonn árlega og þ.a.l. fóðurmagnið í tonnum talið í svipuðum stærðarflokki miðað við einn í fóðurstuðul. Miðað við 500 tonna fóðrun er ekki ólíklegt að það þurfi um 150 tonn af kalsíum sóda til að viðhalda réttu sýrustigi ofl. Þá er ekki ólíklegt að stöðin muni þurfa í kringum 4 MW af rafmagni árlega. Hafa ber í huga að RAS eldisstöðvar nota ca. 30% meira rafmagn en gegnumrennslisstöð líkt og núverandi eldisstöð Ísþórs.

Ekki er stefnt á að hreinsa jarðsjó frekar en lýst hefur verið hér að ofan, enda er verið að dæla miklu magni af jarðsjó í gegnum eldiskerin. Ný fráveita hefur verið lögð fyrir kerjfleka í fyrsta áfanga. Hafa ber í huga að sú fráveita er ekki starfrækt allt árið. Frá miðju sumri og fram að áramótum verður líklega

enginn fiskur í þeim kerjafleka. Nýja fráveitan verður bara í notkun þegar lífmassi er í hámarki og mun bara renna í gegnum hana jarðsjór. Ekki er ráðgert að gera fleiri fráveitur en þessar tvær sem þegar eru á svæðinu. Ráðgert er að tengja fráveitu frá nýjum kerjaflekum við núverandi fráveitur (Mynd 3-1). Varðandi nýja starfsmannaðstöðu þá stendur til að koma fyrir rotþró líkt og við núverandi stöð. Í fráveitu frá eldiskerjum er einungis um að ræða úrgangsefni (þvag/skítur) frá lífmassanum og fóðurleifar. Eins og áður segir þá er gert ráð fyrir að fóðurstuðull verði 1 og gefur því hámarkslífmassa framleiðsla upp á 1.800 tonn heildarlosun á fosfór yfir 11 tonn. Gera má ráð fyrir að kg fosfórs per framleitt tonn verði svipað og verið hefur eða í kringum 6 kg/tonn af framleiddum fiski. Í báðum fráveitum eru staðsettar fiskigildrur sambærilegar þeim sem MAST samþykkti hjá fyrirtækinu Löxum. Gera má ráð fyrir að heildarrennsli um útrásir frá eldisstöðinni verði á bilinu 6,5 - 7,2 m<sup>3</sup>/s þegar eldisstöðin er komin í fullan rekstur eftir stækkun og innleiðingu endurnýtingaráforma. Fosfór og stundum köfnunarefnir hafa verið mæld reglulega síðustu árin hjá Ísþór (Tafla 3-6).

**TAFLA 3-6** Mæld gildi köfnunarefnis (N) og fosfórs (P) í fráveituvatni frá eldisstöð Ísþórs árin 2016 til 2019.

ÁR	MÁNUÐUR	N (MG/L)	P (MG/L)
2016	Október	<0,5	0,2
	Nóvember	<0,5	0,1
	Desember	1,5	0,2
	Desember II	<0,5	0,2
2017	Febrúar	0,5	0,2
	Mars	1,1	0,2
	Apríl	1,1	0,1
	Maí	<0,5	0,2
	Júní	1,4	0,2
	Júlí	<0,5	0,2
	Ágúst	0,6	0,2
	September	0,9	0,13
	Október		0,1
	Nóvember		0,2
	Desember		0,1
2018	Janúar		0,1
	Febrúar		0,2
	Mars		0,3
	Apríl		0,3
	Maí		0,2
	Júní		0,2
	Júlí		0,3
	Ágúst	0,5	0,2
	September		0,3
	Október		0,2
	Nóvember		0,2
	Desember		0,1
2019	Janúar		0,2
	Febrúar		0,2
	Mars		0,1

Apríl		0,1
Maí	0,5	0,2
Júní		0,2
Júlí		0,1
Ágúst		0,1
September		0,1
Október		0,2
Nóvember		0,2
Desember		0,2

Í núverandi starfsleyfi er kveðið á um losun og frágang við útrás frárennslis sem og vöktun. Nánara fyrirkomulag fráveitu verður ákveðið í samráði við Umhverfisstofnun sem veitir starfsleyfi fyrir reksturinn.

#### 3.4.6 Lagnir

Leggja þarf lagnir frá vatnstökuholum að kerjum og tönkum. Þessar lagnir eru allar innan lóðar. Ekki er talin ástæða til að sýna legu lagna innan lóðar þar sem yfirborði lóðar verður að mestu raskað við framkvæmdirnar. Grófa legu frárennslislagna og fráveiturása má sjá á mynd 3-1.

#### 3.4.7 Vegagerð

Aðkomuvegur er til staðar og bílastæði við lóðina. Vegagerð verður því bundin við akstursleiðir innan lóðar. Ekki er talin ástæða til að sýna legu akstursleiða innan lóðar þar sem yfirborði lóðar verður að mestu raskað við framkvæmdirnar.

#### 3.4.8 Efnistaka

Uppgraftarefni verður nýtt innan lóðar. Annað efni sem þarf við framkvæmdina verður tekið úr Lambafellsnámu, en áætlað fyllingarmagn er með grús/pitrun 0-150 mm 24.000 m<sup>3</sup>. Áætlað sandmagn 3.000 m<sup>3</sup> verður tekið úr námu í landi Hrauns í Ölfus.

#### 3.4.9 Varnir gegn slysasleppingum

Skilgreining á slysasleppingu hjá Ísbór er þegar fiskur sleppur niður fyrir fiskigildru sem er staðsett í frárennslu eldisstöðvarinnar. Fiskigildran er svokölluð „seinni“ vörn. Til að fiskur komist niður að fiskigildru þarf stálrist, sem varnar fiski útgöngu úr eldiskörum í afrennsli, að rofna af einhverjum orsökum. Stálrist í eldiskari er skilgreind sem „fyrsta“ vörn. Grófleiki stálristanna er hannaður út frá stærð seiða í hverju kari þannig að þau sleppi ekki í gegn. Þannig er grófleiki ristanna ávallt minni en breidd minnstu seiðanna hverju sinni. Í núverandi starfsleyfi Ísbórs er ekki kveðið á um neina sérstaka fiskigildru í starfsemanni (seinni vörn). Í ljósi þess að umræða um slysasleppingar hefur verið hávær og talin ógn við villta laxastofna þá var farið í að gera sérstaka fiskigildru í frárennslu. Þess ber samt að geta að á þeim árum sem Ísbór hefur verið starfræktur án fiskigildru í frárennslu hefur aldrei átt sér stað nein slysaslepping. Stálristar í eldiskari (fyrsta vörn) hafa hingað til ekki gefið sig, enda verða menn ekki

langlífir í fiskeldi ef fiskur er stöðugt að blæða úr eldiskörum. Þegar kom að því að hanna fiskigildru var meðal annars leitað til stjórvalda (MAST og UST) varðandi mögulegar útfærslur. Það komu aldrei neinar formlegar ábendingar um hönnunarforsendur á fiskigildru. Íspór var búin að leggja út töluverða vinnu í hönum á fiskigildru með verkfræðistofunni VERKÍS þegar fréttir bárust af fiskigildru sem Laxar hefðu látið hanna fyrir sig og hafði verið samþykkt af MAST. Í ljósi þessa var haft samband við hönnuði þeirrar fiskigildru og í framhaldinu voru smíðaðar eftir þeirra teikningum tvær fiskigildrur í hvort frárennsli. Teikningar af fiskigildrunni má sjá í viðauka E. Fiskigildran er steypt mannvirki með tveimur 10mm stálristum sem eru tvöfaldar til öryggis og viðhalds. Daglega er fiskigilda þrifin og farið yfir ástandið á henni. Líkur á að báðar varnir bregðist eru litlar sem engar. Ef slysaslepping á sér stað virkjast sérstök viðbragðsáætlun, enda litið mjög alvarlegum augum ef slíkt myndi gerist. Í þessari viðbragðsáætlun er m.a. kveðið á um að setja strax út smáriðin net framan við frárennsli og eru þau net til taks í eldisstöðinni ef svo ólíklega vill til að báðar varnir bregðist.



**MYND 3-4** Fiskigilda í frárennsli.

#### 3.4.10 Sjúkdómsvarnir

Sjúkdómavarnir eru teknar mjög föstum tökum hjá Íspór, enda Íspór ein af örfáum seiðastöðum hérlandis sem aldrei hefur orðið vart við nýrnaveiki (BKD). Öll hrogn sem tekin eru inn í stöðina frá Stofnfiski eru skimuð sérstaklega fyrir bæði BKD og POX vírus. Þrátt fyrir að eldisstöðin sé gömul og

ekki sérstaklega hönnuð með tilliti til sjúkdómavarna á milli svæða þá er reynt að takmarka umgang manna og umferð dauðs fisks milli svæða.

### 3.4.11 Lyfja- og efnanotkun

Engin sýklalyf hafa verið notuð hjá Íspór á síðustu árum og ekki stendur til að nota slík efni í framtíðinni. Í frumfóðrun (starti) eru seiðin stundum böðuð með formalíni til að koma í veg fyrir costíu sýkingar o.fl. Ólíklegt er að heildarnotkun á formalíni muni fara yfir 1.100 lítra á ári eftir stækkun. Þá er notast við hefðbundnar iðnaðar sápur varðandi þrif og annað. Varðandi sótthreinsun þá er mest notast við efnið Virkon þar sem það skaðar ekki fiskinn út af endurnýtingarkerfinu. Öll laxaseiði eru bólusett með Alpha Ject 5-3 bóluefni sem fengið er hjá dýralækni. Öllum dauðum fiski er komið fyrir í sérstökum meltutönkum sem í er blandað maurasýru.

**TAFLA 3-7** Lyfja- og efnanotkun hjá Íspór árin 2015-2019.

HREINSIEFNI, SÓTTHREINSIEFNI OG LYF	EINING	2015	2016	2017	2018	2019
Maurasýra	lítrar	125	168	120	125	240
Iðnaðarsápur	lítrar	400	200	200	400	200
Olíuhreinsir	lítrar	10	10	10	10	5
Virkon S duft - Sótthreinsir	kg		10	10	10	20
Alpha Ject 5-3 (bóluefni)	Einingar	500	602	570	600	528
Formalín gegn sníkjudýrum á seiðum	Lítrar	200	660	880	1100	220
Svefnlyf fyrir fiska (Finquel/ Tricaine)	kg	5	7	6	7	28

### 3.4.12 Förgun úrgangs

Íspór er með samning við Íslenska Gámafélagið varðandi hreinsun á öllu sorpi sem fellur til hjá Íspór. Búið að biðja um sérstakan plast- og pappagám til auka flokkun. Alla daga vikurnar er dauður fiskur (afföll) hirtur upp úr öllum kerjum. Í kerjum á svæði C og S er dauður fiskur háfaður við botnristar (gamli skólinn). Ker á öðrum svæðum eru öll með svokölluðum „Færeying“ sem safnar á rist sem er í boxi við hliðina á karinu (nýi skólinn). Allur dauður fiskur fer í meltugerð með maurasýru, en Íspór er með þrjá eins rúmmetra meltutanka á svæðinu. Allri meltu er komið fyrir í svokölluðum „bömbum“ (stór eins rúmmetra plast ílát). Bömbunum er svo safnað saman innan svæðis og komið til förgunar hjá Íslenska Gámafélaginu. Íspór er með sérstakan samning við bæði Íslenska gámafélagið (urðun) og S. Iceland Hafnarfirði (kt. 660271-0159) um að taka á móti allt að 500 tonnum í einu verði óvæntur massadauði vegna sjúkdóma eða óhappa. Eins og staðan er í dag þá er ekki auðvelt að losna við meltu nema að urða hana með tilheyrandi kostnaði, en vonir standa til að fljótlega bjóðist kostir þar sem hægt er að nota meltuna í framleiðslu eða áburð.

Gera má ráð fyrir úrgangur aukist hlutfallslega með auknu eldi á lífmassa. Þannig að ef farið verður í hámarkslífmassa (1.800 t) þá má gera ráð fyrir að um 15 tonn af dauðum fiski falli til árlega.

**TAFLA 3-8** Úrgangur frá eldisstöð Ísbórs tímabilið 2015-2019.

GERÐ ÚRGANGS	ÁR				
	2015	2016	2017	2018	2019
Lífrænn úrgangur (dauður fiskur) (kg)	9.780	6.000	5.500	4.500	10.580
Almennt sorp (kg)			6.580	6.320	7.040
Grófur úrgangur (kg)					32.910
Hreint timbur (kg)					2.080
Almennt, hráefni til orkuvinnslu (kg)					1380
Málmari til endurvinnslu					7500
Flutningur og umstöflun					580
Grænt efni til endurvinnslu					1240
Seyra úr eldiskerjum					1200
Samtals:			12.080	10.820	72.630

### 3.4.13 Framkvæmdatími

Fyrsti áfangi framkvæmda er þegar hafinn, enda innan þeirra leyfa sem Ísbór hefur úr að spila. Aðrir áfangar munu ekki hefjast fyrr en umhverfismati er lokið og öll tilskilin leyfi liggja fyrir. Vonir standa til að öll nauðsynleg leyfi liggi fyrir seinnipart ársins 2020. Þá verður hægt að byrja á síðari áföngum. Ráðgert er að hver áfangi taki í kringum ár í uppbyggingu.

## 3.5 Leyfi sem framkvæmdin er háð

Eftir atvikum getur framkvæmdin verið háð eftirfarandi leyfum:

- Framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar samkvæmt 13. gr. í skipulagslögum nr. 123/2010. Sveitarstjórnir hafa jafnframt lögsögu innan netlaga sem eru 115 metra út frá stórrstraumsfjöruborði.
- Byggingarfulltrúar veita byggingarleyfi skv. 9. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010.
- Rekstrarleyfi Matvaelastofnunar skv. 7. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008.
- Starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- Starfsleyfi heilbrigðisnefndar samkvæmt 14. gr. reglugerðar 798/1999 um fráveitur og skólp.
- Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 33/2004, varnir gegn mengun vatns og stranda þarf Umhverfisstofnun að samþykkja lagningu neðansjávarleiðslna.
- Leyfi Orkustofnunar til nýtingar á fersku vatni og jarðsjó, sbr. 6. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.
- Ef hrófla þarf við fornleifum þarf samþykki Minjastofnunar Íslands samkvæmt 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.
- Skila þarf rafrænni umsókn 1.07 - *Skráning/Umsókn um vinnslu og/eða geymslu á aukaafurðum dýra í þjónustugátt Matvaelastofnunar.*
- Ef ekki er unnt að staðsetja útrás a.m.k. 5 m neðan við meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 m út frá meðalstórstraumsfjörumörkum vegna landfræðilegra aðstæðna er heimilt að leggja til

aðrar lausnir sem heilbrigðisnefnd metur fullnægjandi að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar, sbr. 2. og 7. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999.

### 3.6 Samræmi við skipulag

#### 3.6.1 Landsskipulag

Í kafla 4 í landsskipulagsstefnu 2015-2026 [3] er fjallað um skipulag á haf- og strandsvæðum en þar er ekki mörkuð stefna um landeldi og/eða staðsetningu þess. Í skipulaginu er sýnd núverandi staðsetning fiskeldis á korti m.a. við Þorlákshöfn. Í sama kafla er einnig bent á að almennt er gengið út frá svokallaðri vistkerfisnálgun við skipulagsgerð á haf- og strandsvæðum til að stuðla að viðhaldi og eflingu vistkerfa. Í því samhengi er m.a. bent á að huga þarf að áhrifum fráveitu frá landi á vistfræði strandsvæða. Í samræmi við það er fjallað um áhrif fráveitu á vatnsgæði og lífríki viðtaka í matsskýrslu.

#### 3.6.2 Aðalskipulag

Framkvæmdasvæðið er allt innan iðnaðarsvæðis í aðalskipulagi Ölfuss. Iðnaðarsvæðið var stækkað árið 2016 til að veita svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnaði fyrir fiskeldi og nýbyggingar á svæðinu sem falla að nýtingu svæðisins. Stækkinin er því talin samræmast aðalskipulagi Ölfuss.



**MYND 3-5** Péttbýlisuppráttur eftir breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022 sem gerð var árið 2016. Iðnaðarsvæðið fyrir eldisstöð Íspórs er auðkennt sem I2.

#### 3.6.3 Deiliskipulag

Fyrir liggur samþykkt skipulag frá hreppsnefnd Ölfuss frá 1989 (Viðauki B). Þar kemur fram það byggingarmagn sem má reisa á lóðinni. Unnið verður deiliskipulag fyrir lóðina sem nær yfir núverandi starfsemi og þá áfanga sem þetta umhverfismat nær til (áfangar 2-4 á mynd 3-1). Deiliskipulagið var auglýst frá og með 1. apríl sl. með athugasemdarfresti til 13. maí. Engar athugasemdir bárust og gáfu

umsagnir ekki tilefni til breytinga. Skipulagið hefur verið sent til Skipulagsstofnunar til yfirferðar og mun taka gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

### 3.7 Eignarhald á landi

Núverandi starfsemi fer fram á Nesbraut 25, sunnan Þorlákshafnar. Um er að ræða 44.600 m<sup>2</sup> lóð (landnúmer 172061) í eigu Sveitarfélagsins Ölfus. Sótt hefur verið um að stækka lóðina með því að fella lóðir að Nesbraut 23 og 27 inn í núverandi lóð Ísþórs. Þær lóðir eru einnig í eigu Sveitarfélagsins Ölfus og er stækkunarbeiðnin í vinnslu hjá sveitarfélaginu.

### 3.8 Umsagnir og athugasemdir

Ísþór hefur farið yfir allar umsagnir og athugasemdir við frummatsskýrslu og tekið afstöðu til þeirra. Hér að neðan má sjá umsagnir og athugasemdir varðandi umfjöllun um framkvæmdina og viðbrögð Ísþórs við þeim.

**TAFLA 3-9** Viðbrögð Ísþórs við umsögnum og athugasemdum við umfjöllun um framkvæmdina í frummatsskýrslu.

ATHUGASEMD	VIÐBRÖGÐ ÍSÞÓRS
<b>Veitur ohf.</b>	
Samkvæmt notkunartölum Veitna hefur Ísþór undanfarið verið að nota 15 l/s og verður því umtalsverð aukningu á heildar heitavatnsþörf Ísþórs. Veitur benda á að um alla aukna notkun á iðnaðarvatni þarf að semja um sérstaklega og skoða hvort hún kalli á auknar fjárfestingar að hálfu Veitna til þess að mögulegt sé að anna aukinni notkun.	Fyrirtækið er meðvitað um þau atriði sem Veitur benda á.
Veitur benda á að iðnaðarnotkun víkur fyrir húshitun og er því mikilvægt að starfsemin geri ráðstafanir með eigið varaafli.	Ísþór mun gripa til viðeigandi ráðstafana.
<b>Matvælastofnun</b>	
Matvælastofnun vekur athygli á því að í kafla 3.5 vantar upplýsingar um að sækja þurfi um skráningu á vinnslu og/eða geymslu á aukaafurðum dýra í þjónustugátt stofnunarinnar á <a href="http://www.mast.is">www.mast.is</a> (umsókn 1.07).	Kafli 3.5 í matsskýrslu hefur verið uppfærður m.t.t. ábendingar Matvælastofnunar.
<b>Umhverfisstofnun</b>	
Umhverfisstofnun telur að skýra mætti betur frá því í matsskýrslu hvar í deiliskipulagsferli lóðin er í dag.	Umfjöllun um deiliskipulag hefur verið uppfærð í kafla 3.6.3.
<b>Orkustofnun</b>	
Þann 26. maí 2015 veitti Orkustofnun Fiskeldissstöðinni Ísþór ehf. nýtingarleyfi til töku á allt að 350 l/sek af fersku vatni og allt að 3.000 l/sek af sjóblönduðu grunnvatni, jarðsjó. Fram kemur í frummatsskýrslu að eftir stækkan geti heildarferskvatsnotkun verið stöðug um 700 l/sek ef áætlanir gangi eftir. Jafnframt kemur þar fram að hámarksdæling jarðsjávar gæti verið allt að 6.500 l/sek. Á bls. 24 í frummatsskýrslu segir að nýtingarleyfi heimili 350 l/sek af ferskvatni og 3.000 l/sek af jarðsjó <b>miðað við meðalnýtingu á ársgrundvelli</b> [leturbr. OS]. Orkustofnun kannast ekki við að umrædd leyfi tilgreini meðalársnotkun. Þvert á móti er tilgreind heimild upp á <b>allt að 350 l/sek af fersku vatni og allt að 3.000 l/sek af sjóblönduðu</b>	Umhverfismatið miðast við að hámarks vatnsnotkun eftir stækkan verði allt að 6.500 l/s á jarðsjó og allt að 700 l/s á ferskvatni. Orðalag í köflum 2.1 og 3.4.3 hefur verið endurskoðað með tilliti ábendinga Orkustofnunar.

ATHUGASEMD	VIÐBRÖGÐ ÍSPÓRS
<p>grunnvatni/jarðsjó, sbr. 4. gr. leyfisins. Stofnunin lítur svo á að þar sé um hámarksupptökuhraða, í samræmi við svo uppfærðan lóðarsamning fyrirtækisins dags. 10. september 2013 þar sem í 3. gr. er tilgreind hámarksnotkun af fersku vatni.</p> <p>Út frá framansögðu ber framkvæmdaraðila, að mati Orkustofnunar, að tilgreina þá hámarksnýtingu sem hann áformar. Á þetta einkum við töku á fersku grunnvatni þar sem ferskvatnslinsan er þunn á þessu svæði og jafnvægi hennar við undirliggjandi jarðsjó er einkar viðkvæmt.</p>	

## 4 AÐFERÐAFRÆÐI

### 4.1 Forsendur mats á umhverfisáhrifum

Mat á umhverfisáhrifum er ferli þar sem á kerfisbundinn hátt eru metin þau áhrif sem framkvæmd kann að hafa á umhverfið, áður en tekin er ákvörðun um hvort umrædd framkvæmd skuli leyfð. Matið er unnið í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 660/2015. Markmið laganna er:

- að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar,
- að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar,
- að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða vegna framkvæmda sem falla undir ákvæði laganna,
- að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmda sem falla undir ákvæði laganna og mótvægisáðgerðir vegna þeirra og gefa almenningi kost á að koma að athugasemendum og upplýsingum áður en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar liggr fyrir.

Mat á umhverfisáhrifum felst í að spá fyrir um og leggja vægi á möguleg áhrif sem framkvæmd kann að hafa á umhverfi sitt, með tilliti til hvernig og hversu mikið hún mun mögulega breyta grunnástandi. Margvíslegar aðferðir eru til að vega og meta umhverfisáhrif, en ekki er til staðar nein viðurkennd aðferð sem sannmælst hefur verið um að nota. Flestar aðferðirnar ganga út á að vega með ýmsum hætti saman umfang framkvæmdarinnar og gildi og viðkvæmni viðkomandi umhverfisþáttar/svæðis. Það er mismunandi eftir aðferðum með hvaða hætti grunnástand og áhrif eru lögð fram í matinu og getur meðal annars verið gert með því að nota töluleg gildi, tákn, hugtök eða litamerkingar [4] [5].

Mikilvægt er að mat á umhverfisáhrifum byggi á fyrirframgefnim viðmiðum fyrir hvern umhverfisþátt. Það ræðst af umhverfisþættinum, umfangi framkvæmdar og staðsetningu hennar hvaða viðmið er réttast að leggja á vogarskálar matsins hverju sinni. Það er mikilvægt að aðferðafræðin sem er beitt við umhverfismatið sé gegnsæ, þannig að það sé augljóst hvernig komist var að rökstuddri niðurstöðu um vægi áhrifa [6]. Óháð því hvaða aðferð er beitt, það þarf að hafa í huga að matið getur sjaldnast byggst

á auðmælanlegum viðmiðum eða breytum með skýr forspárgildi og niðurstaðan verður því að einhverju marki matskennd.

Stuðst er við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um mat á umhverfisáhrifum [7] og hins vegar um flokkun umhverfispáttta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa [8]. Rétt er að geta þess að í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar kemur fram að þrátt fyrir tillögur sem þar eru um hugtakanotkun fyrir vægiseinkunnir, þá hafi aðilar sem koma að matinu eftir sem áður frjálsar hendur um að nota önnur hugtök með viðeigandi rökstuðningi [7].

Ætlunin er að aðferðin varpi á skýran hátt ljósi á hvernig komist er að niðurstöðu um vægi áhrifa af framkvæmdum á einstaka umhverfispætti. Leitast er við að viðmiðin sem lögð eru til grundvallar hverjum umhverfispætti séu skýr og undirbyggi rökstuðning fyrir niðurstöðunni.

Í eftirfarandi kafla verður gerð grein fyrir helstu viðmiðum fyrir mat á grunnástandi umhverfispáttta, helstu viðmiðum fyrir mat á einkennum áhrifa og hvernig staðið er að mati á vægi áhrifa. Nánari upplýsingar um aðferðafræði við mat á einstökum umhverfispáttum er að finna í viðeigandi köflum. Aðferðalýsingar vegna rannsókna sem unnar voru í tengslum við matið má finna í viðkomandi sérfræðiskýrslum sem fylgja í viðaukahefti með þessari matsskýrslu.

## 4.2 Mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar

Aðferðafræðin sem notuð er við mat á umhverfisáhrifum þessarar framkvæmdar byggir í grunninn á:


- Viðmiðum fyrir grunnástand umhverfispáttta (t.d. gróðurs, fugla eða fornminja).
- Viðmiðum fyrir einkenni áhrifa (t.d. varanleiki, bein eða óbein áhrif) vegna framkvæmdarinnar á viðkomandi umhverfispátt.

Viðmið fyrir einstaka umhverfispætti eru breytileg, en öll eiga þau það sameiginlegt að hafa verið mótuð með hliðsjón af 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Eftir atvikum taka þau jafnframt mið af niðurstöðum sérfræðinga, lögum og öðrum útgefnum opinberum gögnum/viðmiðum sem eiga við um viðkomandi þátt.

**Grunnástand** einstakra umhverfispáttta á hverju svæði var metið á fimm þrepa skala. Við matið var gjarnan horft til mikilvægis umhverfispáttarins á viðkomandi stað. Þannig var t.d. mikilvægi umhverfispáttta metið hátt ef þeir nutu lögbundinnar verndar eða opinberir aðilar/sérfræðingar töldu þá hafa hátt verndargildi. Að sama skapi var mikilvægi umhverfispáttta metið lægra ef ekkert slíkt átti við. Við mat á grunnástandi var einnig gjarnan horft til viðkvæmni umhverfispáttarins, þ.e. getu hans til að ná grunnástandi að nýju. Þar sem horft var til fleiri en eins viðmiðs var heildargildi grunnástands metið með hliðsjón af öllum viðmiðum.

Með hliðsjón af eðli framkvæmdar var einnig lagt mat á **einkenni áhrifa** hennar á einstaka umhverfispætti innan svæðis á túi þrepa skala, allt frá miklum jákvæðum áhrifum til mikilli neikvæðra áhrifa. Við matið var gjarnan horft til beinna og óbeinna áhrifa framkvæmdarinnar á viðkomandi umhverfispátt og varanleika áhrifa. Þar sem horft var til fleiri en eins viðmiðs var heildargildi áhrifa metið með hliðsjón af öllum viðmiðum.

Við mat á því hversu mikil áhrif framkvæmdin gæti haft í för með sér var vegin saman greining á grunnástandi og helstu einkennum áhrifa sem hlotist geta af framkvæmdinni á viðkomandi umhverfisþátt. Niðurstöður greiningarinnar má setja inn í vægiseinkunnagraf, sem byggir á fyrirmynnd frá norsku Vegagerðinni [9]. Það ræðst af viðmiðum hvers umhverfisþáttar hvaða mælikvarðar eru settir á ása grafsins. Á grundvelli samspils grunnástands og einkenna áhrifa fæst mat á vægi áhrifanna, svökölloð vægiseinkunn, með því að finna næsta skurðpunkt grunnástands og einkenna áhrifanna. Dæmi um framsetningu vægismats má sjá á mynd 4-1.



**MYND 4-1** Dæmi um framsetningu á niðurstöðu umhverfismats. Viðmið fyrir grunnástand og áhrif eru breytileg eftir umhverfisþáttum.

Í þessari aðferðafræði er búið að skilgreina viðeigandi viðmið fyrir grunnástand hvers umhverfisþáttar sem tekinn er til mats til að meta gildi þess og viðkvæmni fyrir breytingum. Jafnframt er búið að setja viðmið fyrir einkenni og umfang áhrifa af framkvæmdinni (sjá viðmið á x og y ás á mynd 4-1). Viðmiðin fyrir hvorn ás eru nokkur og er hvert þeirra kvarðað á skalanum lítið til mikið. Niðurstaða matsins, þ.e. vægiseinkunn fyrir áhrif á hvern umhverfisþátt, er heildarsamantekt af þessum undirliggjandi viðmiðum. Sú samantekt byggir á mati sérfræðinga. Hún er ekki meðaltal heldur er lagt mat á innbyrðis vægi þessara viðmiða á hvorum ás fyrir sig.

Á mynd 4-1 er endanleg vægiseinkunn skurðpunktur á mati á viðkvæmni grunnástands (x-ás) og umfangi áhrifa (y-ás). Til að einfalda framsetningu niðurstaðna hefur vægiseinkunnum verið skipt í flokka á bilinu „Engin áhrif“ yfir í „Veruleg áhrif“ til einföldunar í umræðu um niðurstöðu umhverfismatsins. Litakvarðinn á mynd 4-1 sýnir þetta róf.

Skilgreining á mismunandi flokkum vægiseinkunna er eftirfarandi:

Vægi áhrifa telst **verulega neikvætt** þegar framkvæmdin leiðir til breytinga á grunnástandi þar sem saman fer að gildi umhverfisþáttar og viðkvæmni er *mikið* og umfang áhrifanna er *mikið*, sökum stærðar þess svæðis sem verður fyrir áhrifum eða fjölda einstaklinga. Vægi telst einnig verulega neikvætt þar sem gildi umhverfisþáttar er talið *miðlungs til mikið* og umfang áhrifanna eru *mikil*, eða öfugt.

Vægi áhrifa telst **talsvert neikvætt** þegar framkvæmdin leiðir til breytinga á grunnástandi þar sem saman fer að gildi umhverfisþáttar og viðkvæmni vegna gildis eða næmni er *miðlungs eða miðlungs til mikið* og umfang áhrifanna er *miðlungs eða miðlungs til mikið*, sökum stærðar þess svæðis sem verður fyrir áhrifum eða fjölda einstaklinga. Vægi telst einnig talsvert neikvætt þar sem gildi umhverfisþáttar er talið *miðlungs til mikið eða mikið* og umfang áhrifanna eru *miðlungs*, eða öfugt.

Vægi áhrifa telst **nokkuð neikvætt** þegar framkvæmdin leiðir til breytinga á grunnástandi þar sem saman fer að gildi umhverfisþáttar og viðkvæmni vegna gildis eða næmni er *lítið til miðlungs* og umfang áhrifanna er *lítið til miðlungs*, sökum stærðar þess svæðis sem verður fyrir áhrifum eða fjölda einstaklinga. Vægi telst einnig nokkuð neikvætt þar sem gildi umhverfisþáttar er talið *miðlungs eða mikið* og umfang áhrifanna eru *lítill til miðlungs*, eða öfugt.

Vægi áhrifa telst **óverulega neikvætt** þegar framkvæmdin leiðir til breytinga á grunnástandi þar sem saman fer að gildi umhverfisþáttar og viðkvæmni vegna gildis eða næmni er *lítill* og umfang áhrifanna eru *lítill*, sökum stærðar þess svæðis sem verður fyrir áhrifum eða fjölda einstaklinga. Vægi telst einnig óverulega neikvætt þar sem gildi umhverfisþáttar er *miðlungs eða mikið* og umfang áhrifanna eru *lítill*, eða öfugt.

Framkvæmdin hefur **engin áhrif** á tiltekinn umhverfisþátt. Í sumum tilvikum geta aðstæður hagað því þannig að framkvæmdin snertir viðkomandi umhverfisþátt ekki að neinu leyti.

Vægi áhrifa telst **óverulega jákvætt** þegar framkvæmdin leiðir til jákvæðra breytinga á grunnástandi þar sem saman fer að gildi umhverfisþáttar og viðkvæmni vegna gildis eða næmni er *lítill* og umfang áhrifanna eru *lítill*, sökum stærðar þess svæðis sem verður fyrir áhrifum eða fjölda einstaklinga. Vægi telst einnig óverulega jákvætt þar sem gildi umhverfisþáttar er *miðlungs eða mikið* og umfang áhrifanna eru *lítill*, eða öfugt.

Vægi áhrifa telst **nokkuð jákvætt** þegar framkvæmdin leiðir til jákvæðra breytinga á grunnástandi þar sem saman fer að gildi umhverfisþáttar og viðkvæmni vegna gildis eða næmni er *lítid til miðlungs* og umfang áhrifanna er *lítid til miðlungs*, sökum stærðar þess svæðis sem verður fyrir áhrifum eða fjölda einstaklinga. Vægi telst einnig nokkuð jákvætt þar sem gildi umhverfisþáttar er talið *miðlungs* eða *mikið* og umfang áhrifanna eru *lítill til miðlungs*, eða öfugt.

Áhrifin eru **talsvert jákvæð** þegar framkvæmdin leiðir til jákvæðra breytinga á grunnástandi þar sem saman fer að gildi umhverfisþáttar og viðkvæmni vegna gildis eða næmni er *miðlungs* eða *miðlungs til mikið* og umfang áhrifanna er *miðlungs* eða *miðlungs til mikið*, sökum stærðar þess svæðis sem verður fyrir áhrifum eða fjölda einstaklinga. Vægi telst einnig talsvert jákvætt þar sem gildi umhverfisþáttar er talið *miðlungs til mikið* eða *mikið* og umfang áhrifanna eru *miðlungs*, eða öfugt.

Áhrifin eru **verulega jákvæð** þegar framkvæmdin leiðir til jákvæðra breytinga á grunnástandi þar sem saman fer að gildi umhverfisþáttar og viðkvæmni er *mikið* og umfang áhrifanna er *mikið*, sökum stærðar þess svæðis sem verður fyrir áhrifum eða fjölda einstaklinga. Vægi telst einnig verulega jákvætt þar sem gildi umhverfisþáttar er talið *miðlungs til mikið* og umfang áhrifanna eru *mikil*, eða öfugt.

#### 4.3 Umsagnir og athugasemdir

Íspór hefur farið yfir allar umsagnir og athugasemdir við frummatsskýrslu og tekið afstöðu til þeirra. Hér að neðan má sjá umsagnir og athugasemdir varðandi umfjöllun um aðferðafræði og viðbrögð Íspórs við þeim.

**TAFLA 4-1** Viðbrögð Íspórs við umsögnum og athugasemdum við umfjöllun um aðferðafræði í frummatsskýrslu.

ATHUGASEMD	VIÐBRÖGÐ ÍSPÓRS
<b>Umhverfisstofnun</b>  Áhrif framkvæmdar á margra umhverfisþætti eru metin sem óverulega neikvæð í frummatsskýrslu. Ekki er að finna þessa vægiseinkunn í leiðbeiningarriti Skipulagsstofnunar <sup>1</sup> en þar segir jafnframt „ <i>Þeir aðilar sem koma að matinu hafa eftir sem áður frjálsar hendur til að nota ónnur vægishugtök með tilheyrandi rökstuðningi</i> “ (bls. 18). Í frummatsskýrslu skilgreinir rekstraraðili sína flokkun áhrifa og hefur þar með vægiseinkunina nokkuð neikvæð og óverulega neikvæð áhrif (bls. 37). Að mati Umhverfisstofnunar er betra ef nýttar eru gefnar skilgreiningar Skipulagsstofnunar á áhrifum til að auðvelda samanburð á áhrifum á milli framkvæmda.	Framkvæmdaraðili telur þær vægiseinkunnir sem notast er við í umhverfismatinu vel skilgreindar og lýsandi fyrir áhrifin. Sjá nánar í kafla 4.2.

## 5 UMHVERFISMAT

### 5.1 Grunnvatn

#### 5.1.1 Aðferðafræði

##### 5.1.1.1 Hvaða framkvæmdabættir munu valda áhrifum?

Möguleg áhrif á grunnvatn tengjast aukinni vatnstöku stöðvarinnar sem verður til að standa undir aukinni framleiðslu. Einnig eru hér samlegðaráhrif vegna annarrar fyrirhugaðar vatnsvinnslu á svæðinu sem er í umsóknar- og matsferli.

##### 5.1.1.2 Hvaða svæði er kannað með tilliti til umhverfisáhrifa?

Áhrif á grunnvatn eru skoðuð með útvíkuðu rennsislíkani Vatnaskila í nágrenni við Þorlákshöfn. Áhrifin á aukinni vinnslu eru að mestu staðbundin við nágrenni lóðar fiskeldisfyrirtækjanna, en ná að nokkru leyti inn til landsins og því er stærra svæði skoðað hér.

##### 5.1.1.3 Hvað er lagt til grundvallar þegar umhverfisáhrifin eru metin?

Samkvæmt fyrirliggjandi matsáætlun er umhverfismatinu ætlað að svara eftirfarandi spurningum:

- Hvaða áhrif hefur aukin vatnstaka á ferskvatnsvinnslu sveitarfélagsins?
- Hvaða áhrif hefur framkvæmdin á niðurdrátt og lækkun þrýstihæðar á svæðinu?
- Hvaða áhrif hefur framkvæmdin á seltu vatnsauðlindar á svæðinu?
- Hvernig breytast þessi áhrif með samlegðaráhrifum annarrar fyrirhugaðrar vatnsvinnslu á svæðinu?

Viðmið sem liggja til grundvallar mati á áhrifum framkvæmdarinnar grunnvatn eru eftirfarandi:

- Töluliður 10.24 af viðauka 1 á lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum
- Um nýtingu á grunnvatni fer samkvæmt lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu
- Lög nr 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

- Rammatilskipun Evrópusambandsins (Directive 2000/60/EC) um verndun vatns
- Reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun
- Lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála
- Reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála
- Reglugerð nr 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns
- Aðalskipulag Ölfus 2010-2022 tilgreinir eftirfarandi markmið:
  - Að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda, þ.m.t. grunnvatn
  - Að á iðnaðarsvæðum verði þess gætt að spilla ekki lífríki, grunnvatni né sérstæðum vatnakerfum
  - Að vernda grunnvatn sem neysluvatn fyrir íbúa og atvinnustarfsemi
  - Að tryggja nægt framboð neysluvatns fyrir sveitarfélagið

#### 5.1.1.4 Gögn og rannsóknir

Mat á áhrifum framkvæmda á grunnvatn byggist á rannsóknum verkfræðistofunnar Vatnaskil sem styðjast við niðurstöður líkanreikninga. Notað var útvíkkað rennslislíkan við greiningu á grunnvatnsauðlindinni í nágrenni við Þorlákshöfn sem áður hefur verið nýtt við greiningu fyrir Sveitarfélagið Ölfus [10]. Skoðuð voru þrjú vinnslutilfelli til mats á áhrifum á grunnvatn (Tafla 5-1). Tilfelli 1 lýsir núverandi grunnástandi vatnsvinnslu. Tilfelli 2 er óbreytt ástand fyrir utan aukna vinnslu Íspórs. Tilfelli 3 lýsir mögulegum samlegðaráhrifum. Þar er tekið tillit til aukinnar vatnstöku Íspórs og Laxa og gert ráð fyrir að Landeldi verði á Laxabraut 21-25. Í líkanreikningum var skoðaður niðurdráttur, þrýstilækkun og seltubreytingar miðað við hámarksvinnslu jarðsjávar. Niðurdráttur vegna sjávarvinnslu reiknast sem lækkun vatnsborðshæðar. Þrýstilækkun er reiknuð á dýptarbili jarðsjávarvinnslu Íspórs og leiðir af sér innflæði af vatni, bæði úr lóðrétttri og lárétttri stefnu. Seltubreytingar eru birtar með dýpt á þremur sniðum, en einnig á yfirlitskortum á fjórum mismunandi dýptarbilum, 0-5 m.u.s, 10-15 m.u.s., 30-35 m.u.s. og 60-70 m.u.s.

**TAFLA 5-1** Skoðuð tilfelli í mati á grunnvatni. Allar tölur eru í l/s.

	TILFELLI 1			TILFELLI 2			TILFELLI 3		
	Jarðsjór	Ísalt	Ferskt	Jarðsjór	Ísalt	Ferskt	Jarðsjór	Ísalt	Ferskt
Íspór	780	-	290	6500	-	700	6500	-	700
Laxar	2500	-	5	5000	-	5	5000	-	375
FISK-Seafood	490	-	450	490	-	450	490	-	450
Landeldi	-	-	-	2350	-	-	2350	2650	500
Sveitarfélagið	-	-	50	-	-	50	-	-	50
Aðrir notendur	-	-	-	-	-	-	-	-	-

Mynd 5-1 sýnir það svæði sem að reikningarnir voru gerðir á sem og borholur á svæðinu, bæði núverandi og fyrirhugaðar samkvæmt mats- og umsóknarferlum. Myndin sýnir einnig þrjú snið sem unnið var með til reikninga á seltubreytingum. Frekari upplýsingar um aðferðafræði rannsókna má finna í skýrslu Vatnaskila um mat á áhrifum aukinnar vatnstöku vegna framkvæmdarinnar (Viðauki A).



**MYND 5-1** Yfirlitsmynd skoðaðs svæðis í kringum Íspór. Á myndinni má sjá lóðir fiskeldisfyrirtækjanna og yfirlit yfir núverandi og framtíðar vinnsluholur. Snið sem niðurstöður eru birtar á eru á myndinni [10].

### 5.1.2 Grunnástand

Umfangsmestu núverandi notendur vatns í Þorlákshöfn eru þrjú fiskeldisfyrirtæki, Íspór, Laxar fiskeldi og FISK-Seafood auk sveitarfélagsins Ölfus og Icelandic Glacial sem vinnur vatn úr lind undir Hlíðarfjalli. Núverandi vinnsla Íspórs er 770 l/s af jarðsjó úr þremur holum og 300 l/s af saltblönduðu ferskvatni úr ferskvatnsbrunni og tveimur holum. Ferskvatnsvinnsla er stöðug en jarðsjávarvinnsla sveiflast yfir árið og fer minnst niður í um 25 l/s. Samkvæmt mælingum er selta vatns sem unnið er úr jarðsjávarholum Íspórs um það bil 30% sem gefur til kynna að jarðsjávarvinnslan sé ekki að draga niður mikil af ferskara vatni úr blandlaginu fyrir ofan. Að jafnaði eru núverandi jarðsjávarholur Íspórs gataðar neðan 35 m dýpis. Selta í ferskvatnsholum og brunni Íspórs mælist á bilinu 0,6 - 8% og er því um ísalt vatn að ræða. Þykkt ferskvatnslags er breytilegt eftir tíma og er háð bæði náttúrulegum aðstæðum (t.d. flóði og fjöru, úrkomu) og rekstri vinnsluholanna á svæðinu. Mælingar gefa til kynna að innan lóðar Íspórs sé ferskvatnslagið þunnt eða jafnvel ekki til staðar, að minnsta kosti hluta tímans. Þykkt ferskvatnslagsins er breytileg á svæðinu en ferskvatnslagið er þynnst á Hafnarnesinu þar sem Íspór og FISK-Seafood eru með eldi en lagið þykknar við lóð Laxa og er dýpst niður á blandlagið í Keflavík. Þetta ástand er breytilegt og fer eftir vatnsvinnslu fiskelda á svæðinu en náttúrulegt ástand sýnir jafnframt þann karakter að ferskvatnslagið er þykkara í Keflavík heldur en á Hafnarnesi. Ferskvatnsvinnsla Íspórs dregur að einhverju leyti blandlagið upp en jarðsjávartaka heldur að hluta aftur af frekari seltu aukningu í ferskvatnsholum [10].


FISK-Seafood vinnur allt að 450 l/s af ferskvatni og um 490 l/s af jarðsjó og Laxar eru með vinnslu upp á 5 l/s af ferskvatni og 2500 l/s af jarðsjó. Alls eru því fiskeldisfyrirtækin með vinnslu upp á 3760 l/s af

jarðsjó og 755 l/s af ferskvatni. Núverandi ferskvatnsvinnsla sveitarfélagsins er upp á 50 l/s sem unnið er úr tveimur 28 m djúpum holum á Hafnarsandi og úr einni 9 m djúpri holu á Unubakka [10].


### 5.1.3 Lýsing á áhrifum

#### 5.1.3.1 Aukin vinnsla Íspórs (tilfelli 2)

Framkvæmdin felur í sér að hámarksinnsla Íspórs verður 700 l/s af ferskvatni úr fimm nýjum holum, 25 m djúpum, sem bætast við þær þrjár sem eru nú þegar til staðar. Einnig er gert ráð fyrir 19 nýjum og þremur endurvirkjuðum holum fyrir vinnslu á 6.500 l/s af jarðsjó. Gert er ráð fyrir að jarðsjávarholurnar verði 85 m djúpar og gataðar neðan 45 m dýpis. Mikil sveifla er í vinnslu jarðsjós þar sem lífmassi stöðvarinnar breytist yfir árið, en ársmeðalvinnsla jarðsjós fer úr 250 l/s í 2.440 l/s. Samkvæmt líkanrekningum verkfræðistofunnar Vatnaskil [10] eru áhrif aukinnar vinnslu Íspórs hvað varðar niðurdrátt og þrýstilækkun að mestu bundin við lóð Íspórs, þar sem niðurdráttur er metinn mestur um 20 cm, en áhrif ná ekki til annarra fiskeldisfyrirtækja, né til vatnsbóls sveitarfélagsins. Lækkun á þrýstihæð á dýptarbili jarðsjávartöku er mest um 50 cm við jarðsjávartökuholur Íspórs.



**MYND 5-2** Niðurdráttur vatnsborðs vegna aukinnar vinnslu Íspórs samkvæmt tilfelli 2. Niðurdráttur reiknast 20 cm á lóð Íspórs og nær ekki á aðrar úthlutaðar lóðir fiskeldisfyrirtækja, né að vatnsbóli Sveitarfélagsins [10].





**MYND 5-3** Lækkun þrýstihæðar á dýptarbili jarðsjávarvinnslunnar vegna aukinnar vinnslu Ísþórs samkvæmt tilfelli 2 [10].

Hvað varðar seltubreytingar, verða áhrif viðtækari, sérstaklega á dýptarbili blandlags. Á því dýptarbili eru engin önnur fiskeldi að vinna vatn. Áhrif á blandlag má minnka með því að vinna jarðsjó dýpra, fjær blandlagi. Selta á dýptarbili 15-20 m.u.s. undir lóð FISK-Seafood getur aukist um allt að 2,5%, en það bil er að mestu fyrir neðan dýpt ferskvatnshola þeirra. Samkvæmt líkani eru mest áhrif aukinnar vinnslu Ísþórs á dýptarbili 20-30 m.u.s., fyrir neðan ferskvatnsvinnsluholur og fyrir ofan jarðsjávarvinnsluholur starfandi fiskeldisfyrirtækja. Breytt vinnsluhlutfall milli ferskvatns og jarðsjávar við tilfelli 2 (úr um 30% ferskvatn á móti 70% jarðsjó í um 10% ferskvatn á móti 90% jarðsjó) skilar sér í því að selta getur lækkað við ferskvatnstöku Ísþórs þegar jarðsjávartaka er sem mest. Samkvæmt niðurstöðum verða engar seltubreytingar við vatnsból sveitarfélagsins á Hafnarsandi á því dýpi sem vinnsluholurnar eru að vinna vatn á (u.p.b. 10 m u.s.) [10].

**TAFLA 5-2** Samantekt seltubreytinga á lóðum við Laxabraut vegna aukinnar vinnslu Íspórs samkvæmt tilfelli 2 [10]

	DÝPT (M.U.S.)	LANDELDI	LAXABR. 15-17	LAXAR	FISK-SEAFOOD	ÍSPÓR	
Breytingar í seitu við ferskvatnsholur	0-5					0 - 2,5%	Algeng vinnsludýpi ferskvatns-hola
	5-10					-1 - 5%	
	10-15					-2,5 - 5%	
	15-20				0 - 2,5%	-5 - 1%	
	20-25			0 - 0,5%	-0,5 - 5%	-5 - -2,5%	
	25-30		0 - 0,5%	0 - 0,5%	-0,5 - 2,5%	-10 - -0,5%	
Breytingar í seitu á suðurhlutu lóða	30-35					-5 - -0,5%	Algeng vinnsludýpi jarðsjávarhola
	35-40					-5 - -0,5%	
	45-50					-5 - 0,5%	
	50-60					-2,5 - -0,5%	
	60-70					-2,5 - -0,5%	
	70-80					-1 - -0%	


**MYND 5-4** Seltubreytingar vegna aukinnar vinnslu Íspórs á sniði 2, norðan við fiskeldislöðirnar samkvæmt tilfelli 2 [10]. Aukin selta vegna aukinnar vinnslu er sýnd með rauðu en lækkun í seltu er sýnd með bláu.




**MYND 5-5** Seltubreytingar vegna aukinnar vinnslu Íspórs á sniði 3, sunnan við fiskeldislóðirnar samkvæmt tilfelli 2 [10].

#### 5.1.3.2 Samlegðaráhrif með annarri fyrirhugaðri vatnstöku (tilfelli 3)

Með líkanrekningum með þeim forsendum sem eru í tilfelli 3 sjást samlegðaráhrif á aukinni vinnslu fiskeldisfyrirtækjanna fjögurra á svæðinu. Áhrif eru að mestu leyti bundin við lóðir fiskeldisfyrirtækjanna, en ná þó yfir víðara svæði. Lækkun á þrýstihæð er að mestu bundin við lóðir fiskeldisfyrirtækjanna, þar sem mest er allt að 50 cm við jarðsjávartökuholur, en þar fyrir utan er lækkunin mest um 20 cm á óútlutaðri lóð við Laxabraut 29-31. Niðurdráttur er mestur um 40 cm á lóð Landeldis, en reiknast um 10-15 cm við núverandi vinnsluholur sveitarfélagsins. Líkanrekningarnir gefa til kynna að þessi áhrif séu ekki nægjanleg til að breyta seltu á núverandi ferskvatnsvinnslu sveitarfélagsins.




**MYND 5-6** Niðurdráttur vatnsborðs við fyrirhugaða framtíðarvinnslu vatns á svæðinu samkvæmt tilfelli 3. Hér má sjá niðurdrátt upp á 10-15 cm í vinnsluholum sveitarfélagsins [10].




**MYND 5-7** Lækkun þrystihæðar á dýptarbili jarðsjávarvinnslunnar við fyrirhugaða framtíðarvinnslu vatns á svæðinu samkvæmt tilfelli 3 [10].

Niðurstöður reikninga á seltubreytingum í tilfelli 3 benda til þess að á dýptarbili fyrir ofan 15 m.u.s. eru áhrifin mest bundin við lóðir fiskeldisfyrirtækja, en á meira dípi ná þessar breytingar inn til landsins. Þó eru mestar breytingar á töluverðu dípi sem hafa líklegast hverfandi áhrif á núverandi vinnslu sveitarfélagsins eða framtíðarvinnslu annarra hugsanlega aðila utan fiskeldissvæðisins. Þegar reiknað er með samlegðaráhrifum skapast þó óvissa í forsendum vegna skorts á upplýsingum um vinnslufyrirkomulag Landeldis. Samlegðaráhrif eru mjög háð staðsetningu, dípi og götun hola, sérstaklega í tilfelli jarðsjávarvinnsluhola þar sem götun nær ekki niður fyrir blandlag í fullsaltan jarðsjó [10].



**MYND 5-8** Seltubreytingar vegna samlegðaráhrifa aukinnar vinnslu vatns á svæðinu um snið 2, norðan við fiskeldislóðirnar samkvæmt tilfelli 3 [10]



**MYND 5-9** Seltubreytingar vegna samlegðaráhrifa aukinnar vinnslu vatns á svæðinu um snið 3, sunnan við fiskeldislóðirnar samkvæmt tilfelli 3 [10].

#### 5.1.4 Mótvægisaðgerðir

Til að lágmarka áhrif á ferskvatn og blandlag þarf að tryggja lágmörkun á upptöku ferskvatns við vinnslu á jarðsjó. Það verður gert með því að láta dýpi jarðsjávarhola nái vel niður fyrir blandlag og í fullsaltan sjó, en götun nýrra jarðsjávarhola Íspórs byrjar á dýptarbílinu 45-50 metra, ásamt því að seltumælingar verða framkvæmdar í unnum jarðsjó.

Framkvæmdaraðili telur mikilvægt að fylgjast með mögulegum breytingum í grunnvatni með vöktun á auðlindinni. Á þessu stigi liggur ekki fyrir hvernig staðið verður að vöktuninni. Endanleg útfærsla á vöktuninni verður ákveðin í samráði við leyfisveitendur. Í sérfræðiskýrslu [10] er lagt til að vöktunin fara fram í holu sem nær niður í fullsaltan jarðsjó og hefur verið götuð frá yfirborði niður á botn. Lagt er til að þar verði mældir rafleiðniprófílar með reglulegu millibili. Jafnframt er lagt til að selta verði mæld í vinnsluholum samhliða mælingum á flæði og skoðað hvort valin verði hentug hola til síritunar vatnsborðs eða hvort vatnsborð verði einfaldlega síritað í vinnsluholum. Sérfræðingar benda einnig á að endanleg útfærsla vöktunar þarf að taka tillit til hvernig til tekst með boranir og útfærslu vinnslunnar.

#### 5.1.5 Mat á áhrifum og niðurstaða

Niðurstöður líkanreikninga benda til þess að áhrif vegna aukinnar vinnslu Íspórs á niðurdrátt og þrystilækkun verði að mestu staðbundin á lóð fyrirtækisins. Ef tekið er tillit til samlegðaráhrifa með öðrum áformuðum framkvæmdum á svæðinu reiknast niðurdráttur upp á 10-15 cm við vinnsluholur

sveitarfélagsins, sem reiknast þó ekki nægur til að hafa áhrif á ferskvatnsvinnslu þar. Mestar eru seltubreytingarnar á töluverðu dýpi sem líklegast hefur hverfandi áhrif á núverandi vinnslu sveitarfélagsins eða framtíðarvinnslu annarra hugsanlegra aðila utan fiskeldissvæðanna. Með hliðsjón af ofanrituðu er það niðurstaða framkvæmdaraðila að framkvæmdin hafi nokkuð neikvæð áhrif á grunnvatn.

## 5.2 Vatnsgæði viðtaka

### 5.2.1 Aðferðafræði

#### 5.2.1.1 Hvaða framkvæmdaþættir munu valda áhrifum?

Við stækkan eldisstöðvar Ísþórs mun vatnsflæði gegnum stöðina aukast. Með auknu frárennsli og magni úrgangsefna frá stöðinni þarf að meta hvort dreifing í viðtaka sé það öflug að vatnsgæði í viðtaka skerðist ekki.

#### 5.2.1.2 Hvaða svæði er kannað með tilliti til umhverfisáhrifa?

Áhrifasvæði vegna áhrifa á vatnsgæði nær til sjávar við eldisstöð Ísþórs.

#### 5.2.1.3 Hvað er lagt til grundvallar þegar umhverfisáhrifin eru metin?

Samkvæmt fyrirliggjandi matsáætlun er umhverfismatinu ætlað að svara eftirfarandi spurningum:

- Hvaða efni eru í fráveituvatni frá stöðinni í dag og hver er styrkur þeirra?
- Hvaða efni verða í fráveituvatni frá stöðinni eftir stækkan og hver er styrkur þeirra?
- Hvaða áhrif hefur framkvæmdin á vatnsgæði viðtaka?

Viðmið sem liggja til grundvallar mati á áhrifum framkvæmdarinnar á vatnsgæði eru eftirfarandi:

- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir
- Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999
- Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999
- Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004
- Lög um náttúruvernd nr. 60/2013
- Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011
- Reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlöta, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun

#### 5.2.1.4 Gögn og rannsóknir


Mat á áhrifum framkvæmdar á vatnsgæði viðtaka byggir á útreikningum á efnasamsetningu fráveituvatns og mælingum á straumhraða og botnseti. Styrkur úrgangsefna í frárennsli var reiknaður út frá efnasamsetningu og nýtingu fóðurs samkvæmt viðurkenndum stuðlum sem eru hlutfall af heildarfóðurnoktun [2]. Útreiknuð úrgangsefni losuð og stuðlar fyrir þau voru kolefni (8,55%), köfnunarefni (0,81%) og fosfór (0,44%) á föstu formi auk köfnunarefnis (2,59%) og fosfórs (0,19%) á uppleystu formi. Í þessum útreikningum er ekki gert ráð fyrir hreinsun úrgangsefna. Við áætlun á losun

næringarefna var miðað við 500.000 kg fóðurnotkun í grunnástandi, 600.000 kg fóðurnotkun eftir fyrsta áfanga og 1.800.000 kg fóðurnotkun eftir stækkun.

Notaðir voru sömu stuðlar til að reikna út myndun úrgangsefna hjá öðrum fiskeldisfyrirtækjum á svæðinu nema FISK-Seafood, en þar var notast við stuðla sem fyrirtækið notaði við skil á grænu bókhaldi til Umhverfisstofnunar árið 2018 [11]. Fyrir áformaða starfsemi Landeldis var fóðurstuðull 1,1 notaður í stað 1,0 fyrir hin þar sem um áframeldi er að ræða.

Akvaplan-niva AS kannaði straumhraða utan við stöðina og uppsöfnun á botnseti. Straummælingarbúnaðinum Aanderaa Seaguard 4420 var komið fyrir um kílómetra suður af strandlengjunni ( $63^{\circ}50,033'N; 21^{\circ}22,997'V$ ). Straumhraði á 18 metra dýpi var mældur á 10 mínútna fresti án truflana í 28 daga, frá 27. september til 25. október 2019. Staðsetning mælinga er talin lýsandi fyrir svæðið sem heild. Mælibúnaðurinn hefur nákvæmni upp á  $\pm 1\%$ , upplausn upp á 0,5 mm/s og mælihæfni á bilinu 0-3 m/s. Botnsýnataka fór fram með Van Veen greip á átta fyrirfram ákveðnum staðsetningum 260-770 metra frá frárennslinu og á 8-19 metra dýpi (Mynd 5-10). Að minnsta kosti tveimur sýnum var safnað á hverjum stað. Frekari upplýsingar um framkvæmd mælinga á straumhraða og botnseti má finna í skýrslu Akvaplan-niva AS í viðauka B.

Við mat á áhrifum framkvæmdarinnar var einnig stuðst við eftirlitsskýrslur á heimasíðu Umhverfisstofnunar og skýrslu heilbrigðiseftirlits Suðurlands um mengun frá fráveitum við Þorlákshöfn [12]. Í úttekt heilbrigðiseftirlitsins voru tekin 38 sýni í sjó við Þorlákshöfn, flest við útrás frá þéttbýlinu en líka við höfnina og útrásir frá fiskeldiss töðvum. Gerðar voru mælingar á saurkóli, E.kokkum og efnafræðilegri súrefnispörf (COD) sem er mælikvarði á magn lífræns efnis í vatni. Mælingar við eldisstöð Ísþórs fóru fram 25. mars 2014 í annars vegar 10 m fjarlægð frá útrás og hins vegar 150 m fjarlægð frá útrás.




**MYND 5-10** Staðsetning straummælis (rauður fáni) og botnsýnatökustaða (bláir krossar). Til hliðsjónar er einnig sýnd staðsetning útrásar frá eldisstöð Ísþórs (rauður kross) [13].

## 5.2.2 Grunnástand


Miðað við núverandi framleiðslu í eldisstöð Ísþórs má gera ráð fyrir að árlega berist um 42.800 kg af kolefni (C), 4.100 kg af köfnunarefni (N) og 2,200 kg af fosför (P) á föstu formi auk 13.000 kg af köfnunarefni og 950 kg af fosför á uppleystu formi með fráveituvatni frá stöðinni út í sjó (Tafla 5-3). Í athugun heilbrigðiseftirlits Suðurlands árið 2014 mældist efnafræðileg súrefnisþörf (COD) í sjó undir greiningarmörkum (<1,5) í 10 m fjarlægð frá útrás Ísþórs. Fjöldi saurkólígerla og E.kokka var á bilinu 1-5 á báðum athugunarstöðum í sjó utan við eldisstöðina. Í skýrslu heilbrigðiseftirlitsins [12] kemur eftirfarandi fram: „*Talsvert set er í lækjarbotni. Mengunaráhrif eru lítil, í sjó eru engin áhrif mælanleg 10-100 metra frá landi, þ.e. utan þynningarsvæðis. Við útrás lækjar í sjó er mengun ekki sýnileg.*“ Við eldisstöð FISK-Seafood fengust sambærilegar niðurstöður [12]: „*Lítilsháttar set er í lækjarbotnum. Mengunaráhrif eru lítil en COD er 1,91 mg/100 ml í læknum og lítilsháttar saurkólímengun, 22-62 í 100 ml síun. Í sjó eru engin áhrif mælanleg 10-100 metra frá landi, þ.e. utan þynningarsvæðis. Við útrás lækjar í sjó er mengun ekki sýnileg.*“

Við eftirlit með starfseminni kannar Umhverfisstofnun ástand frárennslis frá stöðinni. Í eftirlitinu er m.a. horft til þess hvort við útrás sé að finna set, útfellingar, olíu, froðu, sorp, hitauppgufun frá frárennslí eða óeðlilega lykt. Samkvæmt fyrirliggjandi eftirlitsskýrslum var ástand frárennslis talið í lagi m.t.t. ofangreindra atríða í heimsóknum 7. desember 2016 [14], 4. október 2017 [15] og 15. nóvember 2018 [16]. Í síðustu heimsókninni [16] fannst lítilsháttar lykt við ytri grjótgarð. Í sömu skýrslu kemur einnig fram að COD mældist 68 mg/l í frárennslí 27.6.2018 og að svifagnir mældust 8 mg/l í frárennslí 19.9.2018.

Straummælingar frá Akvaplan-niva sýna að á 18 metra dýpi er aðalstraumátt til vesturs ( $285^{\circ}$ ) með minni straum til austurs ( $105^{\circ}$ ) (Mynd 5-11). Meðalstraumhraði mælinga á tímabilinu er 14,5 cm/s og var 63% mælinga yfir 10 cm/s og 30,5% til viðbótar á milli 3-10 cm/s (Mynd 5-12). Hæsta straummæling á tímabilinu var 52,1 cm/s en 95% mælinga voru undir 31,8 cm/s og aðeins 0,9% yfir 40 cm/s. Lægsta straummæling á tímabilinu var 0,2 cm/s en alls voru 0,8% mælinga undir 1 cm/s. Þrátt fyrir að straummælingar hafi farið fram á miklu dýpi voru vísbendingar um að vindur geti haft áhrif á straumhraðann. Sérfræðingar benda einnig á að mælingarnar fóru fram að hausti, þegar bráðnun á snjó og ís er almennt lítil. Vegna nálægðar við Ölfusá má gera ráð fyrir meiri straumhraða frá svæðinu í vorleysingum [13].



**MYND 5-11** Rós yfir mælingar straumhraða viðtaka frárennslis frá Íspór tímabilið 27. september til 25. október 2019. Lengd hvers geira í rósinni merkir fjölda mælinga í prósentum í hverja átt fyrir sig. Litur er fjöldi mælinga í hverjum straumhraða fyrir sig. Meginstraumátt er til vesturs ( $270-290^\circ$ ) en minni straumar eru til austurs ( $95-115^\circ$ ) [13].



**MYND 5-12** Straumhraðamælingar sem fall af tíma [13].

Botnsýnataka með Van Veen greip bendir ekki til þess að lífrænn úrgangur frá fiskeldi sé að safnast upp á sjávarbotninum utan við eldisstöðina. Á öllum átta sýnatökustöðum var sjávarbotninn harður. Greipin kom tóm upp frá öllum nema einum stað (ST3) en þar var lítilsháttar möl (undir 100 ml) en ekkert set (Mynd 5-13). Engin ummerki um botndýralíf fundust við sýnatöku en lítilsháttar þari var til staðar [13].



**MYND 5-13** Möl á sem fannst á sjávarbotni með Van Veen greip á einum sýnatökustað (ST3) [13].

### 5.2.3 Lýsing á áhrifum

Losun lífrænna úrgangsefna frá eldisstöð Ísþórs vex línulega með framleiðslu á laxaseiðum. Eftir stækkan eldisstöðvar Ísþórs má gera ráð fyrir að árlega berist um 154.000 kg af kolefni (C), 14.600 kg af köfnunarefni (N) og 7.900 kg af fosfór (P) á föstu formi auk 46.700 kg af köfnunarefni og 3.400 kg af fosfór á uppleystu formi með fráveituvatni frá stöðinni út í sjó (Tafla 5-3). Þannig má gera ráð fyrir að losunin þrefaldist við stækkanina. Til samanburðar er einnig sýndur styrkleiki (mg/l) lífrænna úrgangsefna sem áætlað er að berist út í sjó frá eldisstöð Ísþórs (Tafla 5-4).

**TAFLA 5-3** Fóðurnotkun og áætluð losun lífrænna úrgangsefna (kg) frá eldisstöð Ísþórs miðað við stöðu framkvæmda á árs grundvelli. Frá stöðinni berst kolefni (C), köfnunarefni (N) og fosfór (P), ýmist á föstu (S) eða uppleystu formi (AQ).

	FÓÐURNOTKUN [KG]	C (S) [KG]	N (S) [KG]	P (S) [KG]	N (AQ) [KG]	P (AQ) [KG]
Grunnástand	500.000	42.800	4.100	2.200	13.000	950
Eftir fyrsta áfanga	600.000	51.300	4.900	2.600	15.600	1.100
Eftir stækkan	1.800.000	154.000	14.600	7.900	46.700	3.400

**TAFLA 5-4** Fóðurnotkun og áætluð losun lífrænna úrgangsefna (mg/l) frá eldisstöð Íspórs miðað við stöðu framkvæmda á árs grundvelli. Frá stöðinni berst kolefni (C), köfnunarefni (N) og fosfór (P), ýmist á föstu (S) eða uppleystu formi (AQ).

	FÓÐUR [KG]	C (S) [MG/L]	N (S) [MG/L]	P (S) [MG/L]	N (AQ) [MG/L]	P (AQ) [MG/L]
Grunnástand	500.000	0,54	0,05	0,028	0,16	0,012
Fyrsti áfangi	600.000	0,65	0,06	0,033	0,20	0,014
Eftir stækkun	1.800.000	1,95	0,18	0,100	0,59	0,043

Tafla 5-5 sýnir áætlaða heildarlosun lífrænna úrgangsefna frá núverandi fiskeldisstarfsemi við Þorlákshöfn auk áætlaðrar losunar ef framtíðaráform allra aðila ganga eftir. Gera má ráð fyrir að árlega berist um 129.000 kg af kolefni (C), 12.500 kg af köfnunarefni (N) og 6.400 kg af fosfór (P) á föstu formi auk 40.000 kg af köfnunarefni og 2.800 kg af fosfór á uppleystu formi með fráveituvatni frá öllum eldisstöðvum við Þorlákshöfn út í sjó. Ef framtíðaráform allra aðila um fiskeldi við Þorlákshöfn ganga eftir má gera ráð fyrir að árleg losun lífrænna úrgangsefna verði um sjöfalt meiri en hún er í dag. Núverandi losun Íspórs er um þriðjungur (33%) af heildarlosun allra aðila í Þorlákshöfn. Ef horft er til framtíðarlosunar, að því gefnu að áform um landeldi og stækkun núverandi aðila gangi eftir, yrði losun Íspórs aftur á móti um 16% af heildarlosun í viðtakann. Athuga þarf að um er að ræða það magn úrgangs sem myndast við eldið. Með hreinsun frárennslis má draga úr losun úrgangs í viðtaka. Ekki er slík hreinsun til staðar í núverandi stöðvum en mögulegt er að það verði í framtíðinni.

**TAFLA 5-5** Fóðurnotkun og áætlað magn lífrænna úrgangsefna sem kemur frá núverandi fiskeldi við Þorlákshöfn á árs grundvelli. Einnig er sýnt áætlað magn lífrænna úrgangsefna sem myndi koma frá fiskeldi við Þorlákshöfn ef framtíðaráform allra aðila um fiskeldi ganga eftir.

	FÓÐURNOTKUN [KG]	C (S) [KG]	N (S) [KG]	P (S) [KG]	N (AQ) [KG]	P (AQ) [KG]
Íspór (núv.)	500.000	42.800	4.100	2.200	13.000	950
Laxar (núv.)	500.000	42.800	4.100	2.200	13.000	950
FISK-Seafood (núv.)	500.000	43.600	4.400	2.000	14.000	900
<b>Samtals (núv.)</b>	<b>1.500.000</b>	<b>129.000</b>	<b>12.500</b>	<b>6.400</b>	<b>40.000</b>	<b>2.800</b>
Íspór (eftir stækkun)	1.800.000	154.000	14.600	7.900	46.700	3.400
Laxar (framtíð)	2.500.000	214.000	20.300	11.000	64.800	4.700
FISK-Seafood (framtíð)	1.200.000	104.600	10.500	4.800	33.700	2.300
Landeldi (framtíð)	5.500.000	470.300	44.600	24.200	142.600	10.400
<b>Samtals (framtíð)</b>	<b>11.000.000</b>	<b>943.000</b>	<b>89.900</b>	<b>47.900</b>	<b>288.000</b>	<b>20.800</b>

Fjörugerðin á svæðinu er brimasöm kletta- og hnnullungafjara. Strandlengjan verður fyrir miklum áhrifum oldugangs sem sést m.a. á því að sandur og fín möl helst ekki innan strandlengjunnar. Hafsbottn viðtaka frárennslis Íspórs, suður af Þorlákshöfn, er harður steinn. Straumar á svæðinu eru kraftmiklir, með meðalstraum 14,5 cm/s yfir mánaðartímabil samkvæmt mælingum. Van Veen sýnatökur benda ekki til þess að lífrænn úrgangur frá fiskeldi sé að safnast upp á sjávarbotni. Þá leiddi athugun heilbrigðiseftirlits Suðurlands í ljós að engin mengunaráhrif voru mælanleg í sjó 10-100 m utan við

eldisstöðvar Íspórs og Fisk-Seafood. Allt þetta gefur til kynna að viðtakinn sé mjög áhrifamikill til dreifingar lífrænna úrgangsefna og geti meðhöndlað meira magn en hann gerir í dag. Núverandi fóðurnotkun Íspórs er 500.000 kg/ár en eftir fyrsta áfanga fyrirhugaðra framkvæmda eykst fóðurnotkun í 600.000 kg/ár. Eftir stækken er reiknað með að fóðurnotkun verði 1.800.000 kg/ár sem er meira en þrefalt á við núverandi ástand. Við stækken eldisstöðvar Íspórs myndi heildarlosun lífrænna úrgangsefna frá eldisstöðvum á svæðinu tæplega tvöfaldast. Miðað við fyrirriggjandi upplýsingar eru engar vísbendingar um annað en að viðtakinn ráði við að það. Engu að síður telur Íspór æskilegt að gera vöktunaráætlun fyrir viðtaka í samráði við starfsleyfisveitanda svo hægt sé að fylgjast með mögulegum breytingum á ástandi viðtaka eftir stækken starfseminnar.

Óvissa er um samlegðaráhrif á viðtaka ef framtíðaráform allra aðila um fiskeldi við Þorlákshöfn ganga eftir, þótt viðtaki sé afar kröftugur. Þá yrði árleg losun lífrænna úrgangsefna um sjöfalt meiri en hún er í dag. Eins og áður segir benda fyrirriggjandi gögn til að viðtakinn sé öflugur og geti meðhöndlað meira magn en hann gerir í dag. Til samanburðar má horfa til skólpviðtaka höfuðborgarsvæðisins, Faxaflóa, sem einnig er sterkur viðtaki líkt og sjórinn sunnan við Þorlákshöfn. Meðalstraumhraði á Sundunum út af Ánanaustum er 7,1 cm/s en við Klettagarða 7,6 cm/s [17]. Í sjónum sunnan við Þorlákshöfn mældist meðalstraumhraði sem fyrr segir 14,5 cm/s. Nýjustu niðurstöður mælinga í Faxaflóa eru frá 2011 en þær niðurstöður töluðu gegn áhrifum skólps [17]. Í þessu samhengi má einnig benda á nýlegt umhverfismat fyrir hreinsistöð frá Selfossi. Þar var m.a. lagt mat á áhrif valkostar sem fólst í að dæla skólpi frá Selfossi, Eyrarbakka og Stokkseyri út í sjó við Eyrarbakka, um 10 km austan við eldisstöð Íspórs. Samkvæmt líkanrekningum verkfræðistofunnar Vatnaskil var talið ólíklegt að losun skólps í sjóinn hafi teljandi áhrif á næringarefni, svifagnir eða súrefnisstöðu í sjónum. Þar var reiknað með að styrkleiki heildar köfnunarefnis og heildar fosfórs væri annars vegar 7,9 mg/L og hins vegar 1,7 mg/L [18]. Til samanburðar má sjá að miðað við það fóðurmagn sem nota þarf til starfsemi Íspórs eftir fyrirhugaða stækken er reiknað með að í frárennslisvatni verði styrkleiki köfnunarefnis og fosfórs, á föstu og uppleystu formi, annars vegar 0,77 mg/L og 0,14 mg/L. Styrkleiki þessi er 10 sinnum minni en reiknað er með í skólpi frá Selfossi. Áætlaður losunarstaður skólps frá Selfossi við Eyrarbakka er um 10 km vestan við útrás Íspórs. Líkast til eru straumar við Eyrarbakka sterkir og þynning mikil, líkt og við útrás Íspórs. Það má því leiða líkur að því að fiskeldi við Þorlákshöfn hafi takmörkuð áhrif á viðtakann.

Fari svo að viðtakinn nái ekki að meðhöndla lífrænu úrgangsefnin má gera ráð fyrir staðbundinni uppsöfnun á lífrænum úrgangsefnum næst útrásum. Hins vegar eru áhrif slíkrar uppsöfnunar afturkræf með aðgerðum eins og minnkun á framleiðslu og/eða hreinsun á frárennslisvatni. Gangi framtíðaráform allra aðila eftir er því æskilegt að vakta vatnsgæði viðtakans svo unnt sé að grípa tímanlega til mótvægisáðgerða ef mengunaráhrifa verður vart.

#### 5.2.4 Mótvægisáðgerðir

Styrkur köfnunarefnis (N) og fosfórs (P) verður mældur reglulega í fráveituvatni frá eldisstöðinni, líkt og gert hefur verið undanfarin ár.

Íspór telur æskilegt að gera vöktunaráætlun fyrir viðtaka í samráði við starfsleyfisveitanda svo hægt sé að fylgjast með mögulegum breytingum á ástandi viðtaka eftir stækken starfseminnar.

## 5.2.5 Mat á áhrifum og niðurstaða

Með hliðsjón af ofanrituðu er það niðurstaða framkvæmdaraðila að áhrif framkvæmdarinnar á vatnsgæði viðtaka verði óverulega neikvæð.

## 5.3 Lífríki viðtaka

### 5.3.1 Aðferðafræði

#### 5.3.1.1 Hvaða framkvæmdapættir munu valda áhrifum?

Möguleg áhrif framkvæmdarinnar á lífríki viðtaka tengjast einkum fráveitu í sjó. Fráveituvatnið getur haft áhrif á lífríki fjöru og sjávar. Að sama skapi geta villtir laxastofnar orðið fyrir áhrifum, t.d. ef laxaseiði sleppa til sjávar með fráveituvatni.

#### 5.3.1.2 Hvaða svæði er kannað með tilliti til umhverfisáhrifa?

Við matið var lögð áhersla á að kanna fjöruna umhverfis útrás í viðtaka. Einnig var gerð könnun á uppsöfnun á botnseti í sjónum.

#### 5.3.1.3 Hvað er lagt til grundvallar þegar umhverfisáhrifin eru metin?

Samkvæmt fyrirliggjandi matsáætlun er umhverfismatinu ætlað að svara eftirfarandi spurningum:

- Hvaða tegundir finnast í fjörunni við útrás?
- Hvert er verndargildi fjörunnar?
- Hvaða áhrif hefur framkvæmdin á tegundasamsetningu og verndargildi fjörunnar?
- Hvaða áhrif hefur framkvæmdin á lífríki viðtakans?
- Hvaða áhrif hefur framkvæmdin á villta laxastofna?

Viðmið sem liggja til grundvallar mati á áhrifum framkvæmdarinnar á lífríki viðtakans eru eftirfarandi:

- Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.
- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
- Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.
- Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999.
- Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004.
- Lög um stjórн vatnamála nr. 36/2011.
- Lög um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.
- Reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlotu, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.


#### 5.3.1.4 Gögn og rannsóknir

Rorum kannaði lífríki fjörunnar milli Látra, vestan eldisstöðvar, og Hafnarnesvita, austan eldisstöðvar. Úttektin fór fram á stórstreymi þann 6. júní 2019. Fjörusniði var lýst með um það bil 200 m millibili. Einnig voru skráðar háplöntur. Niðurstöður fjöruthugana má finna í viðauka C. Í matinu var einnig stuðst við niðurstöður mats á vatnsgæðum og fyrirliggjandi gögn.

### 5.3.2 Grunnástand

Fjörugerðin á svæðinu er brimasöm kletta- og hnullungafjara. Vestast á athugunarsvæðinu eru klettar í sjó fram (yfirleitt 10 – 13 m, mynd 5-14). Þeir fara lækkandi eftir því sem austar dregur. Klappir eru gjarnan áberandi undir klettunum vestast, en hnullungafjaran breikkar og verður yfirgnæfandi fjörugerð austast á svæðinu. Samkvæmt vistgerðakortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands flokkast fjaran ýmist undir hrúðurkarlafjörur eða brimasamar hnullungafjörur. Í skýrslu sérfræðinga kemur fram að báðar fjörugerðirnar hafa lágt verndargildi og eru algengar allt í kringum landið þar sem fjörur eru fyrir opnu hafi [19].

Á stórgrýti og klöppum neðst í fjörunni er hrossaþari (*Laminaria digitata*) og marinkjarni (*Alaria esculenta*). Ofar í fjörunni og neðst í klettum er smávaxið skúfaþang (*Fucus distichus*) ríkjandi og efst er stundum klapparþang (*Fucus spiralis*). Rauðþörungar og grænþörungar vaxa á stórum hnullungum. Belti af fjörusvertu (*Verrucaria maura*) er í klettunum. Uppi á hrauninu, í fjörupollum, vex grænþörungur (*Enteromorpha spp.*) og skúfaþang [19].



**MYND 5-14** Klettar við ströndina (til vinstri) og kletta- og hnullungafjara (til hægri) [19].




**MYND 5-15** Þangfjara nærri Hafnarnesvita (til vinstri) og hnullungafjara nærri Hafnarnesvita (til hægri) [19].



**MYND 5-16** Tangar út frá ströndinni (til vinstri) og helluhraun (til hægri) [19].

Smádýralíf er takmarkað í fjörunni. Hrúðurkarlabelti (*Semibalanus balanoides*) er þar sem brim er ekki of mikið, en víða sjást engir hrúðurkarlar. Klettadoppur (*Littorina saxatilis*) eru í sprungum og glufum. Klettadoppur voru líka í fjörupollum. Undir hnallungum getur myndast skjól fyrir fjöruflær (*Gammarus spp.*) en það var ekki skoðað sérstaklega. Aðrir skráðir hryggleysingjar voru kræklingur (*Mytilis edulis*) og nákuðungur (*Nucella lapillus*) [19].



**MYND 5-17** Hrúðurkarlar (til vinstri) og klettadoppur (til hægri) [19].

Í fjörujaðrinum, bæði á hraunjaðrinum og á malarkambinum efst í fjörunni, voru nokkrar tegundir háplantna áberandi. Helstu tegundirnar voru: skarfakál (*Cochlearia officinalis*), fjöruarfí (*Honckenya peploides*), blálilja (*Mertensia maritima*), kattartunga (*Plantago maritima*), geldingahnappur (*Armeria maritima*), holurt (*Silene uniflora*), ætihvönn (*Angelica archangelica*), sjávarfitjungur (*Puccinellia maritima*) og melgresi (*Leymus arenarius*) [19].

Við eftirlit með starfseminni kannar Umhverfisstofnun ástand frárennslis frá stöðinni. Við eftirlitið er m.a. horft til þess hvort fisk sé að finna í frárennslinu. Í þremur aðskildum eftirlitsheimsóknum árin 2016-2018 var aldrei gerð athugasemd við að fisk væri að finna í frárennslinu [14] [15] [16]. Þessar niðurstöður eru í samræmi við reynslu Ísþórs um að seiði hafa ekki verið að sleppa niður fyrir stálristar í eldiskörum (fyrsta vörn).

### 5.3.3 Lýsing á áhrifum

Við fiskeldi fellur til lífrænn úrgangur. Mikil losun lífræns úrgangs getur raskað jafnvægi næringarefna í viðtaka. Þannig getur of mikil losun næringarefna, einkum köfnunarefnis (N) og fosfórs (P), leitt til þörungablóma og aukið niðurbrot lífræns efnis, sem síðan getur orsakað súrefnisskort í viðtaka. Almennt má gera ráð fyrir því að mest hætta sé á slíkri ofauðgun þar sem vatnsskipti eru hæg og rúmmál viðtaka lítið, t.d. í grunnum innilokuðum fjörðum [20]. Við Þorlákshöfn eru aðstæður með öðrum hætti. Eldisstöðin stendur fyrir opnu hafi og við ströndina eru bæði sterkir hafstraumar og brimasamt. Þar sem þannig háttar til er hætta á ofauðgun almennt talin lítil. Líkt og fram kemur í umfjöllun um vatnsgæði (kafla 5.2.2) benda Van Veen sýnatökur ekki til þess að lífrænn úrgangur frá fiskeldi sé að safnast upp á sjávarbotni. Fyrirliggjandi gögn benda einnig til þess að viðtakinn sé mjög áhrifamikill í viðtöku og dreifingu lífrænna úrgangsefna og geti meðhöndlað meira magn en losað er í hann í dag. Framkvæmdin er því ekki talin líkleg til að hafa mikil áhrif á lífríki viðtaka.

Í skýrslu sérfræðinga [19] kemur fram að fjaran á þessum slóðum er greinilega mjög brimasöm. Þörungaflóran einkennist af tegundum sem þola mikið brim. Smádýralíf er talið fátæklegt og bent er á að brimið sé það mikið að hrúðurkarlar hverfa á stórum svæðum. Niðurstaða sérfræðinga var sú að: „*Fjaran einkennist af miklu brimi og er því mjög ólíklegt að lífrænt efni nái að safnast upp í fjörunni. Þar sem lífrænt efni frá eldisstöðinni safnast ekki upp verður ekki hægt að finna nein áhrif eldisstöðvarinnar á lífríki fjörunnar. Jafnframt verður ekki hægt að finna áhrif af aukningu eldis í nálægum stöðvum, eða samlegðaráhrif.*“ Í ljósi ofanritaðs er talið að framkvæmdin hafi lítil áhrif á tegundasamsetningu og/eða verndargildi fjörunnar.

Til þess að eldisseiði geti haft áhrif á villta laxastofna þurfa seiðin að sleppa úr eldisstöðinni, lifa af í villtri náttúru, ná kynþroska, ganga í ferskvatn til hrygningar, taka þátt á æxlun og eignast afkvæmi sem lifa. Varnir gegn slysasleppingum frá eldisstöð Íspórs eru tvöfaldar, þ.e. annars vegar stálristar í eldiskerjum og hins vegar fiskigildra í frárennsli (sjá nánar kafla 3.4.9). Á þeim áratug sem eldisstöðin hefur verið starfrækt hafa verið framleidd um 15 milljónir seiða, án vísbendinga um að seiði hafi sloppið úr eldisstöðinni. Athuganir á eldislöxum sem veiðast í íslenskum ám styðja það. Þannig báru allir 12 eldislaxar sem veiddust í íslenskum ám árið 2018 merki síðbúins stroks úr sjókvíum [21]. Allt bendir því til að seiði séu ekki að sleppa í gegnum tvöfalt varnarkerfi eldisstöðvarinnar. Á meðan varnir halda skiptir litlu máli hversu mikið magn af seiðum er framleitt í stöð Íspórs eða nálægum eldisstöðvum. Stækkun eldisstöðvarinnar ætti því ekki að hafa áhrif á villta laxastofna.

Ef svo ólíklega færí að báðar varnir myndu bresta og seiði sleppa úr eldisstöðinni er ekki sjálfgefið að þau hafi áhrif á villta laxastofna, enda er lífshæfni og hrygningarárangur eldisfisks í villtri náttúru mun síðri en villts lax [22]. Í áhættumati Hafrannsóknastofnunar er miðað við 1,85% endurkomuhlutfall fyrir seiði úr snemmbúnu stroki [21]. Þetta mat er líklega fremur varfærið. Nýleg norsk rannsókn gaf endurheimtuhlutfall upp á 0,36% af töpuðum gönguseiðum [23]. Ógnin af seiðasleppingum liggar því einna helst í miklum fjölda seiða. Eftir framkvæmdir má gera ráð fyrir að í heildina geti verið allt að 4 milljónir sjógönguseiða í stöðinni á sama tíma þegar mest lætur og allt að 200.000 sjógönguseiði í þeim kerjum sem hafa mestan þéttleika. Þar sem hvert og eitt ker er með stálrist til varnar sleppingum er nær óhugsandi að seiði sleppi úr mörgum kerjum á sama tíma. Ef stálrist myndi af einhverjum ástæðum gefa sig má gera ráð fyrir að allt að 200.000 seiði komist í frárennslið. Ef það gerðist að þau komist niður fyrir fiskigildruna, sem þau ættu ekki að gera, má gera ráð fyrir að einhver hluti seiðanna í lengist

í frárennslinu, þ.e. fari ekki beint út í sjó. Þannig er mögulega hægt að ná hluta seiðanna aftur ef sleppingin uppgötvest tímanlega. Árstími sleppingsar hefur áhrif á lifun seiðanna í hafi. Ef slepping á sér stað að hausti eða vetri eru líkur á að lifun seiðanna sé hverfandi [24] [22] og þar af leiðandi litlar líkur á erfðablöndun við villtan lax. Meiri hætta er af völdum sleppingsa sem eiga sér stað að vori eða fyrri part sumars. Á þeim árstíma má gera ráð fyrir að 720 (0,36%) til 3.700 (1,85%) af 200.000 seiðum lifi af sjávardvöolina og geti gengið upp í nálægar ár, miðað við ofangreind endurheimtuhlutföll. Þrátt fyrir að um mikið magn laxa sé að ræða er óvist að þeir hefðu varanleg áhrif á villta stofna nálægra áa, því sumir sérfræðingar telja að mikið innstremmi á eldislaxa í á við einskiptisatburð, eða með löngu árabili, hafi ekki greinileg blöndunaráhrif til langframa [22].

Slysasleppingsar geta líka átt sér stað við flutning seiða úr eldisstöðinni í brunnbáta. Þá er seiðum dælt um sérstaka flutningslögn frá eldisstöðinni niður á höfnina í Þorlákshöfn og áfram um barka í brunnbáta. Lítill hætta er talin á sleppingsum ef flutningslögnin rofnar þar sem hún er á þurru landi. Seiði gætu hins vegar sloppið í sjó ef barkinn sem gengur í brunnbátinn rofnar. Til að fyrirbyggja sleppingsar er notast við barka að norskri fyrirmund sem er útbúinn sérstöku öryggisneti sem á að fanga seiði ef barkinn skyldi rofna. Umræddur barki hefur ekki rofnað á þeim áratug sem eldisstöðin hefur verið í rekstri og engin seiði hafa heldur sloppið í flutningum. Ekki er talin ástæða til að ætla að það breytist eftir stækkan eldisstöðvarinnar.

### 5.3.4 Mótvægisgerðir

Ísþór telur æskilegt að gera vöktunaráætlun fyrir viðtaka í samráði við starfsleyfisveitanda svo hægt sé að fylgjast með mögulegum breytingum á ástandi viðtaka eftir stækkan starfseminnar.

### 5.3.5 Mat á áhrifum og niðurstaða

Með hliðsjón af ofanrituðu er það niðurstaða framkvæmdaraðila að framkvæmdin hafi óverulega neikvæð áhrif á lífríki viðtaka.

## 5.4 Fuglar

### 5.4.1 Aðferðafræði

#### 5.4.1.1 Hvaða framkvæmdapættir munu valda áhrifum?

Möguleg áhrif framkvæmdar á fuglalíf tengjast einkum seiðaeldi, losun lífræns úrgangs í viðtaka, skerðingu búsvæða vegna framkvæmda og truflun á framkvæmdatíma.

#### 5.4.1.2 Hvaða svæði er kannað með tilliti til umhverfisáhrifa?

Framkvæmdin kemur einkum til með að hafa áhrif á fuglalíf á lóðinni og í næsta nágrenni útrása í viðtaka.

#### 5.4.1.3 Hvað er lagt til grundvallar þegar umhverfisáhrifin eru metin?

Samkvæmt fyrirliggjandi matsáætlun er umhverfismatinu ætlað að svara eftirfarandi spurningum:

- Eru fuglar að sækja sér æti í eldisstöðina og/eða fráveitu?
- Er líklegt að framkvæmdin breyti ásókn fugla í eldisstöðina og/eða fráveitu?

Viðmið sem liggja til grundvallar mati á áhrifum framkvæmdarinnar á fuglalíf eru eftirfarandi:

- Lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.
- Náttúruverndaráætlun.
- Válistar Náttúrufræðistofnunar Íslands yfir fugla.
- SPEC-viðmið Alþjóða fuglaverndarsamtakanna, BirdLife International.
- Bernarsamningurinn um vernd villtra dýra, plantna og vistgerða í Evrópu.
- Náttúruminjaskrá.
- Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.
- Áhrif á vistgerðir og búsvæði. Í stefnumörkun stjórvalda til 2020 segir að viðhalda beri fjölbreytileika tegunda.
- Reglugerð nr. 252/1996 um friðun tiltekinna villtra fuglategunda.
- Ramsarsamningurinn um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf.
- Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 55 um mikilvæg fuglasvæði á Íslandi.

#### 5.4.1.4 Gögn og rannsóknir

Rorum skráði fugla samhliða úttekt á fjöru þann 6. júní 2019. Ströndin var gengin og fuglar skráðir á um 200 m fresti á milli Látra vestan eldisstöðvar og Hafnarnesvita austan eldisstöðvar. Niðurstöður fuglaathugana má finna í viðauka C. Þar sem framkvæmdasvæðinu hefur þegar verið raskað að stórum hluta og fábreytt fuglalíf einkennir þá vistgerð sem er ríkjandi á svæðinu var ekki talin þörf á að framkvæma sérstaka varpúttekt.

#### 5.4.2 Grunnástand

Samkvæmt afmörkun Náttúrufræðistofnunar Íslands á mikilvægum fuglasvæðum telst svæðið ekki mikilvægt fuglasvæði [25]. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar er að mestu um eyðihraunavist að ræða. Strjált og fábreytt fuglalíf einkennir vistgerðina. Algengustu tegundir eru heiðlöa, spói, steindepill og snjótittlingur [26]. Í vettvangsferð um svæðið voru skráðir 440 fuglar sem tilheyrðu 14 tegundum (Tafla 5-6). Fuglalífið einkennist af fuglum í fæðuleit í fjörunni og sjónum úti fyrir. Sílamáfur var algengasta tegundin á svæðinu með 375 einstaklinga en einnig sást 21 æðarfugl. Aðrar tegundir voru sjaldgæfari. Fuglar sáust í fjörunni, á sjónum úti fyrir og við efri fjörujaðar. Þeir voru ýmist á setstöðum eða í fæðuleit um svæðið. Talsvert af sílamáfi sækir að útfalli seiðaeldis á svæðinu, eins og við er að búast, en ekki sást að þeir væru að taka upp fæðuagnir. Eitt par (lóuþræll) var við hreiður [19]. Á nýjasta válista er sílamáfur flokkaður sem DD (upplýsingar vantar) vegna óvissu um hvort stofnþróun í heild á viðmiðunarárum (1975-2017) hafi leitt til heildarfækkunar á þessu tímabili [27].

**TAFLA 5-6** Fjöldi skráðra fugla eftir tegundum í grennd við eldisstöð Íspórs 6. júní 2019. Til hliðsjónar er sýndur hættuflokkur viðkomandi tegundar á válista, en þar geta tegundir flokkast sem útdauð (EX), útdauð í náttúrunni (EW), útdauð sem varpfugl á Íslandi (RE), í bráðri hættu (CE), í hættu (E), í nokkurri hættu (VU), í yfirvofandi hættu (NT), gögn vantar (DD), ekki í hættu (LC) og uppfylla ekki forsendur mats (NA).

TEGUND	FJÖLDI	HÆTTUFLOKKUR Á VÁLISTA
Sílamáfur ( <i>Larus fuscus</i> )	375	DD
Silfurmáfur ( <i>Larus argentatus</i> )	4	NT
Hettumáfur ( <i>Larus ridibundus</i> )	1	LC
Kría ( <i>Sterna paradisae</i> )	5	VU
Fýll ( <i>Fulmaris glacialis</i> )	2	EN
Stelkur ( <i>Tringa totanus</i> )	8	NT
Spói ( <i>Numenius phaeopus</i> )	1	LC
Tjaldur ( <i>Haematopus ostralegus</i> )	9	VU
Sandlöa ( <i>Charadrius hiaticula</i> )	3	LC
Sendlingur ( <i>Calidris maritima</i> )	1	EN
Lóuþræll ( <i>Calidris alpina</i> )	2	LC
Æðarfugl ( <i>Somateria mollissima</i> )	21	VU
Hrafn ( <i>Corvus corax</i> )	7	VU
Starí ( <i>Sturnus vulgaris</i> )	1	LC

#### 5.4.3 Lýsing á áhrifum

Ef framkvæmdir fara fram á varptíma má gera ráð fyrir að fuglar geti orðið fyrir tímabundinni truflun á framkvæmdatíma. Þar sem framkvæmdasvæðið er lítið og fuglavarp að öllum líkindum fremur strjált eru þessi áhrif ekki talin vega þungt. Að sama skapi er ekki talið að framkvæmdir á framkvæmdatíma hafi mikil áhrif á umferð fugla með ströndinni. Gera má ráð fyrir að ásókn fugla í frárennsli frá stöðinni geti mögulega dregist saman tímabundið vegna truflunaráhrifa þegar verið er að vinna næst frárennslinu. Líklega eru fuglar sem sækja í frárennslið að eltast við lífrænt efni frá núverandi starfsemi. Fuglar koma ekki til með að geta náð sér í seiði eða fóður í eldiskerjum þar sem öll ker sem eru staðsett undir berum himni eru varin með fuglaneti. Þegar framkvæmdum er lokið og eldisstöðin komin í fullan rekstur verður losun lífrænna úrgangsefna rúmlega þrefalt meiri en hún í dag (Tafla 5-3). Líklegt er talið að þessi aukning á lífrænu efni geti aukið ásókn fugla í frárennslið. Áhrif á fugla ættu þó að mestu að vera þegar komin fram með núverandi starfsemi. Með hliðsjón af umfjöllun um áhrif framkvæmdar á vatnsgæði (sjá kafla 5.2) og lífríki viðtaka (sjá kafla 5.3) má gera ráð fyrir að áhrifin verði bæði staðbundin og afturkræf.

#### 5.4.4 Mótvægisáðgerðir

Engar mótvægisáðgerðir eru fyrirhugaðar vegna áhrifa á fugla.

#### 5.4.5 Mat á áhrifum og niðurstaða

Með hliðsjón af ofanrituðu er það niðurstaða framkvæmdaraðila að framkvæmdin hafi óveruleg áhrif fugla.

## 5.5 Sjónræn áhrif

### 5.5.1 Aðferðafræði

#### 5.5.1.1 Hvaða framkvæmdabættir munu valda áhrifum?

Möguleg sjónræn áhrif framkvæmdar tengast einkum mannvirkjum, ljósmengun og losun fráveituvatns í viðtaka.

#### 5.5.1.2 Hvaða svæði er kannað með tilliti til umhverfisáhrifa?

Mannvirki munu sjást frá aðliggjandi svæðum og er áhrifasvæði vegna breytinga á ásýnd því umfangsmeira en sem nemur beinum áhrifum. Jafnframt kann að gæta sjónrænna áhrifa í næsta nágrenni útrásar í viðtaka.

#### 5.5.1.3 Hvað er lagt til grundvallar þegar umhverfisáhrifin eru metin?

Samkvæmt fyrirliggjandi matsáætlun er umhverfismatinu ætlað að svara eftirfarandi spurningum:

- Hvaðan verða mannvirki, ljós og ummerki losunar fráveituvatns í sjó sýnileg?
- Hverjur eru það sem helst munu sjá ummerki framkvæmdarinnar?

Viðmið sem liggja til grundvallar mati á sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar eru eftirfarandi:

- Aðalskipulag Ölfuss.
- Byggingarreglugerð nr. 112/2012: Lýsing á lóðum skal vera þannig að hún valdi hvorki óþarfa ljósmengun, nágrönum óþægindum né trufli umferð utan lóðar.
- Lög um náttúruvernd nr. 60/2013: Við hönnun mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands.

#### 5.5.1.4 Gögn og rannsóknir

Stuðst var við aðferðafræði sem lögð er fram í leiðbeiningum um mat á áhrifum á landslag og ásýnd [28]. Áhersla var lögð á áhrif á ásýnd. Lagt var mat á umfang framkvæmdarinnar og áhrif hennar, og þau borin saman við viðkvæmni svæðisins m.t.t. breytinga á ásýnd. Við mat á sjónrænum áhrifum frá mannvirkjum var stuðst við framkvæmdalýsingu og ljósmynndir af svæðinu. Við mat á ljósmengun var einnig horft til byggingarreglugerðar. Við mat á sjónrænum áhrifum í viðtaka var stuðst við mat á áhrifum framkvæmdar á vatnsgæði og eftirlitsskýrslur Umhverfisstofnunar.

### 5.5.2 Grunnástand

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er á svæði sem skilgreint er sem iðnaðarsvæði á aðalskipulagi. Fiskeldi hefur verið starfrækt á svæðinu um árabil. Landið er fremur flatt og víðsýnt er til allra átta. Frá svæðinu sést yfir sjóinn og til fjalla. Landsagið er fremur einsleitt og flatt. Svæðið er á hrauni sem flokkast sem eyðihraunavist eða mosahraunavist í vefsjá Náttúrufræðistofnunar Íslands [25]. Fjörugerðin á svæðinu er brimasöm kletta- og hnnullungafjara. Lóðinni hefur að stórum hluta þegar verið raskað í tengslum við uppbyggingu fiskeldis. Lóðin er í rúmlega 400 m fjarlægð frá byggðinni í Þorlákshöfn. Fyrir utan

eldisstöðina er það einkum nálægðin við sjóinn og Þorlákshöfn sem einkennir svæðið. Í gegnum tíðina hefur ekki verið stunduð mikil útvist í grennd við fiskeldisstöðina. Austan við framkvæmdasvæðið er Hafnarnes sem er á náttúruminjaskrá (svæði nr. 757) sem útvistarsvæði í grennd við þéttbýli. Heldur hefur færst í vöxt að ferðamenn kíki niður að sjó eftir vegi sem staðsettur er vestan við lóðina. Gönguleið liggar einnig neðan við lóðina en hún er lítið notuð. Engar kvartanir hafa borist til Ísþórs vegna ljósmengunar frá núverandi starfsemi og samkvæmt eftirlitsskýrslum á heimasíðu Umhverfisstofnunar hafa engin sjónræn ummerki losunar fráveituvatns verið greinanleg í sjó. Talið er að svæðið sé nokkuð lítið viðkvæmt.

Á eftirfarandi myndum má sjá útsýni að eldisstöðinni frá völdum stöðum í næsta nágrenni.



**MYND 5-18** Horft til suðvesturs yfir eldisstöð Ísþórs frá Nesbraut.



**MYND 5-19** Horft til austurs yfir eldisstöð Ísbórs af slóða sem liggur frá Nesbraut niður að sjó vestan við lóðina.



**MYND 5-20** Horft til austurs yfir eldisstöð Ísbórs frá Nesbraut.



**MYND 5-21** Horft til suðausturs yfir eldisstöð Ísþórs frá tengingu milli Faxabrautar og Nesbrautar, í námunda við hesthúsahverfið í Þorlákshöfn.



**MYND 5-22** Horft til suðurs yfir eldisstöð Ísþórs frá suðurjaðri byggðarinnar í Þorlákshöfn.

### **5.5.3 Lýsing á áhrifum**

Á ofangreindum ljósmyndum má sjá núverandi útsýni til eldisstöðvarinnar. Sjónræn áhrif vegna núverandi starfsemi eru þegar til staðar á svæðinu, s.s. vegna bygginga, eldiskara og varnargarða (Mynd 2-1). Helsta breytingin á útsýninu tengist fjölgun eldiskara og bygginga (Mynd 3-1). Þau mannvirki sem áformað er að reisa eru sambærileg að formi og gerð við þau sem fyrir eru á svæðinu. Þá hefur verið leitast við að hanna mannvirki þannig að þau falli sem best að svipmóti lands. Líklegastir til að sjá mannvirkin eru íbúar Þorlákshafnar, hestamenn og vegfarendur sem leið eiga um nágrennið. Þó svo að mannvirki verði sýnileg frá næstu íbúðabyggð er ekki talið að þau verði áberandi í umhverfinu eða hafi í för með sér verulega neikvæð sjónræn áhrif, enda um að ræða dæmigerð mannvirki sem tengjast fiskeldi og eru staðsett á iðnaðarsvæði sem fiskeldisstöð hefur þegar verið byggð á. Gera má ráð fyrir að ljós frá starfseminni verði greinanlegt frá byggð í Þorlákshöfn. Hins vegar er ekki talið að ljós mengun verði vandamál ef fyrirhuguðum mótvægisgerðum er fylgt. Með hliðsjón af eftirlitsskýrslum Umhverfisstofnunar og umfjöllun um áhrif á vatnsgæði viðtaka, einkum mikils brims og sterkra strauma (sjá kafla 5.2), eru taldar hverfandi líkur á að sjónræn ummerki losunar fráveituvatns verði greinanleg í sjónum.

Heilt yfir eru áhrifin talin minniháttar með tilliti til umfangs svæðis og fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru varanleg en staðbundin. Áhrifin eru einnig að mestu afturkræf ef mannvirkin verða tekin niður. Umfang áhrifa er því talið lítið.

### **5.5.4 Mótvægisgerðir**

Til að draga úr sjónrænum áhrifum er gert ráð fyrir að setja m.a. eftirfarandi skilmála í deiliskipulag:

- Almennt er gert ráð fyrir að hús séu ein hæð. Hámarks mænishæð skal vera 8,5 m yfir uppgefnum gólfkóta á mæli- og hæðarblaði. Heimilt er að ákveðnir byggingarhlutar svo sem lofræstibúnaður og sílo séu hærri, eða allt að 12 m.
- Samræma skal útlit, þakform, lita- og efnisval á svæðinu.
- Við hönnun mannvirkja skal gæta þess að þau falli sem best að svipmóti lands skv. 69. gr. náttúruverndarlagar nr. 60/2013.
- Í byggingareglugerð nr. 112/2012 eru m.a. sett fram markmið fyrir birtu og lýsingu sem skal haft að leiðarljósi. Lóðarhafa er frjálst að lýsa upp lóð og mannvirki innan lóðar á meðan lýsing veldur ekki óþægindum eða truflun utan lóðarmarka. Lýsingu skal beint að aðkomu lóða, húsa og vinnusvæðum. Litið skal til þess að velja lýsingu við hæfi og lágmarka ljósmagn eins og hægt er. Lýsing utanhúss skal vera óbein, látnað og glýjulað með afskermuðum lömpum. Til að lágmarka orkunotkun og draga úr ljós mengun skal lýsingu stillt í hóf.

### **5.5.5 Mat á áhrifum og niðurstaða**

Með hliðsjón af ofanrituðu er það niðurstaða framkvæmdaraðila að sjónræn áhrif framkvæmdarinnar verði óverulega neikvæð.

## 5.6 Fornleifar

### 5.6.1 Aðferðafræði

5.6.1.1 Hvaða framkvæmdapættir munu valda áhrifum?

Öll mannvirkjagerð sem hefur í för með sér jarðrask getur raskað fornleifum.

5.6.1.2 Hvaða svæði er kannað með tilliti til umhverfisáhrifa?

Fornleifikönnun var framkvæmd innan lóðamarka Nesbrautar 23-27 (Mynd 3-1).

5.6.1.3 Hvað er lagt til grundvallar þegar umhverfisáhrifin eru metin?

Samkvæmt fyrirliggjandi matsáætlun er matinu ætlað að svara:

- a) Eru þekktar fornleifar á áhrifasvæði framkvæmdarinnar?
- b) Stafar fornleifum hætta af fyrirhuguðum framkvæmdum?

Viðmið sem liggja til grundvallar mati á áhrifum framkvæmdarinnar á fornleifar eru eftirfarandi:

- Lög um menningarminjar nr. 80/2012.
- Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar.

Samkvæmt lögum um menningarminjar eru allar fornleifar friðaðar sem eru eldri en 100 ára. Þeim má enginn: „[...] spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands“ (21. gr.). Verði ekki hægt að tryggja öryggi fornleifa eða komast hjá raski á þeim vegna framkvæmda þarf leyfi Minjastofnunar að liggja fyrir. Jafnframt þarf framkvæmdaraðili að hlíta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Minjastofnunar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram.

### 5.6.1.4 Gögn og rannsóknir

Minjavörður Suðurlands fór á vettvang 25. júní 2019 og tók út áætlað framkvæmdasvæði. Niðurstöður fornleifikönnunar má sjá í viðauka D.

### 5.6.2 Grunnástand

Engar fornleifar fundust á vettvangi. Minjavörður gerir ekki athugasemd við skipulagið en bendir á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012; „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skyld að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

### 5.6.3 Lýsing á áhrifum

Þar sem fornleifakönnun bendir til þess að engar fornleifar séu á framkvæmdasvæðinu er framkvæmdin ekki talin hafa áhrif á fornleifar.

### 5.6.4 Mótvægisaðgerðir

Ef áður ókunnar forminjar finnast við framkvæmd verks mun Íspór láta stöðva framkvæmdir og upplýsa Minjastofnun Íslands um fundinn, sbr. 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

### 5.6.5 Mat á áhrifum og niðurstaða

Með hliðsjón af ofanrituðu er framkvæmdin ekki talin hafa áhrif á fornleifar.

## 5.7 Umsagnir og athugasemdir

Íspór hefur farið yfir allar umsagnir og athugasemdir við frummatsskýrslu og tekið afstöðu til þeirra. Hér að neðan má sjá umsagnir og athugasemdir varðandi umfjöllun um umhverfismat og viðbrögð Íspórs við þeim.

**TAFLA 5-7** Viðbrögð Íspórs við umsögnum og athugasemdum við umfjöllun um umhverfismat í frummatsskýrslu.

ATHUGASEMD	VIÐBRÖGÐ ÍSPÓRS
<b>Fiskistofa</b>	Kafli 5.3.1.3 hefur verið uppfærður m.t.t. ábendingar Fiskistofu.
<b>Hafrannsóknastofnun</b>	Íspór tekur undir mikilvægi þess að reyna að lágmarka umhverfisáhrif vegna stækunarinnar. Af þeim sökum hefur fyrtæknið m.a. lagt til að unnin verði vöktunaráætlun fyrir viðtaka í samráði við starfsleyfisveitanda svo hægt sé að fylgjast með mögulegum breytingum á ástandi viðtaka eftir stækun starfseminnar. Með slíkri vöktun viðtaka er hægt að grípa tímanlega til mótvægisaðgerða, s.s. minnkun á framleiðslu og/eða hreinsun á frárennslisvatni, ef mengunaráhrifa verður vart.
<b>Sveitarfélagið Ölfus</b>	Í starfsleyfi sem Umhverfisstofnun gaf út fyrir eldisstöð Íspórs þann 3. júní 2015 er kveðið á um umhverfisvöktun á frárennslu. Umhverfisstofnun hefur haft eftirlit með þeim mælingum. Vegna stækunar eldisstöðvarinnar verður gefið út nýtt starfsleyfi sem mun að öllum líkendum kveða á um áframhaldandi vöktun á frárennslu. Sjá nánari umfjöllun í kafla 5.2.
Frárennslu stöðvarinnar er stutt frá ósum Ölfusár og þar fara um þúsundir laxfiska (lax, sjóbirtingur, sjóbleikja) á hverju ári. Því er mikilvægt að ristar og sleppigildur séu ávallt í lagi til að koma í veg fyrir blöndun eldisfiska við	Við hvert ker er stálgrind sem fyrsta vörn. Í sameiginlegu frárennslu er svo 10 mm stálrist sem önnur vörn. Sjá nánari umfjöllun í kafla 3.4.9.

ATHUGASEMD	VIÐBRÖGÐ ÍSPÓRS
villta fiska. Ristar/sleppigildrur skulu vera við hvert ker sem og í sameiginlegu frárennslí stöðvarinna.	
Lífrænan úrgang frá stöðinni (dauð seiði, fóðurafgangar, seyra úr tromlusíu o.s.frv.) skal ekki geyma undir beru lofti heldur ávallt í lokuðum gánum/ílátum.	Lífrænn úrgangur verður ekki geymdur undir beru lofti.
Mikilvægt er að aukin vatnstaka á svæðinu hafi ekki áhrif á aðra nærliggjandi vatnstöku	Áhrif á grunnvatn og vatnstöku, vegna aukinnar vinnslu Íspórs, verða að mestu staðbundin á líð fyrtækisins. Ef tekið er tillit til samlegðaráhrifa með öðrum áformuðum framkvæmdum á svæðinu reiknast niðurdráttur upp á 10-15 cm við vinnsluholur sveitarfélagsins, sem reiknast þó ekki nágur til að hafa áhrif á ferskvatnsvinnslu. Sjá nánari umfjöllun í kafla 5.1.
<b>Umhverfisstofnun</b>	
Í 2. málsgrein kafla 3.4.5 frummatsskýrslu er fjallað um hreinsun fráveitu frá stöðinni. Þar er vísað í kröfur um hreinsun í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Þar segir að rekstraraðili telur hreinsun skólp samræmast ákvæðum 7. gr. reglugerðarinnar (bls. 26). Umhverfisstofnun bendir á að fiskeldi á landi fellur undir fiskiðnað í III. viðauka í reglugerðinni. Í 1. mrg. 25. gr. reglugerðarinnar segir: „ <i>Iðnaðarstarfsemi samkvæmt III. viðauka sem losar skólp sem ekki er leitt í fráveitu fyrir þéttbýli og inniheldur lífræn efni sem brotna auðveldlega niður í umhverfinu er háð ákvæðum um hreinsibúnað í starfsleyfi. Hreinsibúnaður skal vera í samræmi við leiðbeiningar [Umhverfisstofnunar]</i> “. Þar með eru það kröfur um hreinsibúnað í starfsleyfum sem gilda við slíka starfsemi að mati Umhverfisstofnunar.	Framkvæmdaraðili er sammála túlkun Umhverfisstofnunar á reglugerðinni um að fráveitan sé háð ákvæðum um hreinsibúnað í starfsleyfi. Framkvæmdaraðili var einfaldlega að benda á að hann telur fráveituna samræmast almennum ákvæðum reglugerðar um hreinsun skólp. Í þessu samhengi má benda á að í stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands, sem Umhverfisstofnun gaf út árið 2013, kemur m.a. fram að engin krafa hefur verið gerð um hreinsun frárennslis frá fiskeldi með útrás í sjó við Suðurströnd landsins vegna þess hve góður viðtakinn er. Núverandi starfsleyfi Íspórs er í samræmi við þetta fyrirkomulag.
Sagt er frá því í frummatsskýrslu að fosfór hefur verið mældur regluglega síðustu árin og stundum köfnunarefnini en tafla 3-5 sýnir þær niðurstöður mælinga í fráveituvatni frá eldisstöð Íspórs árin 2016 - 2019. Stofnunin telur að þar sem losunin er út í fjörükamb en ekki út fyrir stórstraumsfjörumörk er mikilvægt að losun næringarefna í viðtakann sé ekki mikil. Umhverfisstofnun bendir á að þeir útreikningar á losun næringarefna (kg P/framleitt tonn) sem fram koma í frummatsskýrslu eru ekki í samræmi við þær reikniformúlur og forsendur sem stofnunin notar til að meta losun við gerð losunarmarka í starfsleyfum. Miðað við útreikninga stofnunarinnar þá er losun fosfórs á hvert framleitt tonn í frummatsskýrslu vanáætlað. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um þessar reikniaðferðir hjá stofnuninni ef rekstraraðili kýs.	Íspór þakkar ábendinguna. Losun fosfórs var áætluð út frá viðurkenndum stuðlum. Sjá nánar í svari við næstu athugasemd.
Umhverfisstofnun kallar eftir því að sett sé fram skýrt í matsskýrslu hvert sé áætluð losun fosfórs (P) og köfnunarefnis (N) í frárennslí eftir hreinsun í stækkaðri eldisstöð, þ.e. hver sé magn fosfórs og niturs (uppleyst og fast efni) í frárennslí frá stöðinni sem má gera ráð fyrir að sé losað í viðtakann. Umhverfisstofnun kallar eftir að reikniformúlur hlutfallsútreikninga næringarefnalosunar fylgi í matsskýrslu. Umhverfisstofnun bendir á að bls. 26 í frummatsskýrslu er tekið fram að í stöðinni sé aðeins áætlað að grófhreinsa eldisvatnið með 1,5-15mm ristum. Þar með fer ekki saman upplýsingar um áætlaða hreinsun á bls. 26 og 27. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að í matsskýrslu komi skýrt fram hver sé áætluð hreinsun frárennslis frá stækkaðri eldisstöð og hvenær sú uppsetning	Í frummatsskýrslu er sýnd áætluð hámarkslosun fosfórs (P) og köfnunarefnis (N) frá eldisstöðinni eftir stækkan (sjá töflur 5.3 og 5.4). Í kafla 5.2.1.4 kemur jafnframt fram að styrkurinn var reiknaður út frá viðurkenndum stuðlum sem eru hlutfall af heildarfóðurnotkun. Stuðlar fyrir einstök næringarefni voru jafnframt gefnir upp og vísað í heimild. Losun köfnunarefnis var áætluð með stuðlinum 0,81% fyrir fast form og 2,59% fyrir uppleyst form. Losun fosfórs var áætluð með stuðlinum 0,44% fyrir fast form og 0,19% fyrir uppleyst form. Bætt hefur verið inn upplýsingum um fóðurnotkun við áætlun á losun næringarefna í kafla 5.2.1.4 til að auðvelda áhugasönum yfirferð útreikninga. Ástæða þess að ekki er tekið tillit til hreinsunar við endurnýtingu ferskvatns við áætlun á losun næringarefna er sú að ekki liggja fyrir upplýsingar um hreinsunina á þessu stigi þar sem hönnun er ólokið. Prátt fyrir að

ATHUGASEMD	VIÐBRÖGÐ ÍSPÓRS
<p>hreinsibúnaðar verði klár svo hægt sé að áætla hver verði losun næringarefna í viðtakann frá stöðinni eftir stækken.</p> <p>Að mati Umhverfisstofnunar er óskýrt í frummatsskýrslu hvaða áform eru ákvörðuð og hver umhverfisáhrif þeirra verða, t.a.m. endurnýting vatns í stöðinni. Óskýrt er hvað sé áætlað að gera, hvenær og hvað sé aðeins hugsanlegt en liggi ekki fyrir að gera. Því er erfitt að meta umhverfisáhrif fyrirliggjandi stækknar stöðvarinnar þar sem ekki er greint nægilega vel frá endurnýtingu vatns og hreinsun frárennslis sem er nú áætluð annars vegar og mögulega væri hægt að gera í framtíðinni hins vegar.</p>	<p>endanleg útfærsla liggi ekki fyrir þá er ráðgert að endurnýta allt ferskvatn áður en því er veitt í frárennslu. Með hliðsjón af ofanrituðu má segja að umhverfismatið sé varfærið og miðist við mestu mögulegu áhrif frá starfseminni eftir stækken (e. worst case scenario). Í þessu samhengi má einnig benda á að ferskvatn er innan við 10% af heildar grunnvatnsnotkun við eldið. Hreinsun og endurnýting ferskvats hefur því takmörkuð áhrif á heildarlosun næringarefna í viðtaka. Framkvæmdaraðili getur því ekki tekið undir það sjónarmið Umhverfisstofnunar að skortur á upplýsingum um endurnýtingu vatns torveldi mat á áhrifum stækknarinnar á vatnsgæði viðtaka.</p> <p>Hvað varðar meint misræmi á milli blaðsíðna 26 og 27 í frummatsskýrslu bendir framkvæmdaraðili að í skýrslunni er hvergi tekið fram „að í stöðinni sé aðeins áætlað að grófhreinsa eldisvatnið með 1,5-15 mm ristum“. Í skýrslunni kemur fram að framkvæmdaraðili telur hreinsun alls skólps samræmast ákvæðum 7. gr. reglugerðar um fráveitum og skólps. Ekki er gert ráð fyrir frekari hreinsun á jarðsjó en áformað er að endurnýta allt ferskvatn. Gert er ráð fyrir að endurnýtingarbúnaður fyrir allt ferskvatn verði kominn í gagnið árið 2022.</p>
<p>Umhverfisstofnun tekur fram að eldisstarfsemi að þeirri stærðargráðu sem fjallað er um hér krefst mikils vatns og er flæði frárennslis því umtalsvert. Fram kemur í frummatsskýrslu að heildarvatnsvinnsla eldisins eftir stækken verður 7.215 l/s sem gera 7,2 m3/s ef vatnsvinnsla jarðsjós, ferskvatns og heita vatnsins er lagt saman. Þess má geta að meðalrennslu Elliðaár samkvæmt Veðurstofu Íslands er um 2,2 m3/s (<a href="http://vmkerfi.vedur.is">http://vmkerfi.vedur.is</a>; Reykjavík: Elliðaár, Heyvað; V301 - Öyfirfarin gögn) og er því um talsverða vatnsvinnslu að ræða. Þó er óljóst hvort sé stefnt að því að frárennslu frá stöðinni verði minna vegna endurnýtingaráformu. Umhverfisstofnun telur að skýrt þurfi að koma fram í matsskýrslu hvert sé áformað rennslu frárennslis í fjöruna við Flesjar við stækknina þar sem rennslu 7,2 m3/s getur haft veruleg áhrif á ásýnd svæðisins.</p> <p>Umhverfisstofnun telur að í matsskýrslu framkvæmdar ætti að sýna nákvæma staðsetningu útrásarinnar á korti, myndir af útrásinni þ.e. mannvirkini sem er kallað hamarhaus, og upplýsingar um áætlað rennslu út um útrásina.</p> <p>Vatnsgæði viðtaka: Að áhrifin verði óveruleg að því gefnu að frárennslu verði hreinsað áður en það er losað og að blöndun sé mikil í viðtaka þar sem straumar og brim er sterkt. Umhverfisstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að fjalla betur um staðsetningu útrásar á korti og sýna mynd af útrás í viðtakkann.</p>	<p>Vissulega er um mikla vatnstöku að ræða enda er framkvæmdin matsskyld vagna hennar. Í skýrslunni kemur fram að eftir stækken verður vinnsla á jarðsjó 6.500 l/s og ferskvatni 700 l/s. Eingöngu stendur til að endurnýta ferskvatn. Því má gera ráð fyrir að heildarrennslu um útrásir frá eldisstöðinni verði á bilinu 6,5 - 7,2 m3/s þegar eldisstöðin er komin í fullan rekstur eftir stækken og innleiðingu endurnýtingaráformu.</p> <p>Hvað varðar áhrif fráveitu á ásýnd bendir framkvæmdaraðili að tvær fráveitum eru frá eldinu og áhrifin eru að hluta þegar komin fram. Eystri fráveitan er að mestu neðanjarðar (sjá mynd 3-3) og því lítt sýnileg. Vestari fráveitan (Mynd 3-2) liggur lágt í landi á fáförnu svæði sem þegar hefur verið raskað, m.a. með fráveitu. Þá liggur hún um iðnaðarsvæði og stórgrytta varnargarða sem gera hana illsynilega nema í næsta nágrenni og torvelda aðgengi að henni. Áhrif á ásýnd geta því seint talist veruleg, líkt og Umhverfisstofnun heldur fram, þrátt fyrir að frárennslu aukist til muna.</p> <p>Staðsetningu fráveita má sjá á mynd 3-1. Mynd af báðum útrásum og hamarhaus hefur verið bætt inn í kafla 3.4.5 ásamt upplýsingum um áætlað rennslu um útrásir.</p>
<p>Í skýrslu er fjallað um að sjónræn áhrif framkvæmdar séu minniháttar og umfang áhrifa sé því talið lítið (bls. 67). Umhverfisstofnun bendir á að minniháttar áhrif eru ekki með í skilgreiningum á mismunandi flokkum vægiseinkunna í frummatsskýrslu (bls. 37) og áréttar að notast ætti við vægiseinkunnir sem eru skilgreindar svo hægt sé að bera saman og meta áhrif.</p>	<p>Hér virðist sem um misskilning sé að ræða. Í niðurstöðukafla 5.5.5, segir orðrétt „Með hliðsjón af ofanrituðu er það niðurstaða framkvæmdaraðila að sjónræn áhrif framkvæmdarinnar verði óverulega neikvæð.“ Óverulega neikvæð áhrif er vægiseinkunn sem er skilgreind í kafla 4.2.</p>

ATHUGASEMD	VIÐBRÖGÐ ÍSPÓRS
Umhverfisstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að fjalla vel um hvernig sé áætlað að meðhöndla úrgang frá stöðinni eftir stækken. Þá er mikilvægt að fjallað sé um áform um meðhöndlun lífræna úrgangsins, hvort áform séu um að finna leiðir til endurnýtingar í stað urðunar og þær áætlanir bornar saman við núverandi starfsemi.	Framkvæmdaraðili hefur fjallað eins vel um meðhöndlun úrgangs og hægt er miðað við þau úrræði sem standa til boða í dag.
Lífríki viðtaka og fuglar: Að áhrifin verði talsvert neikvæð ef fuglar safnast saman við útrás í miklum fjölda. Geta þær mótvægisáðgerðir verið enn betri hreinsun á frárennsli, betri uppsetning útrásar í sjóinn o.s.frv. Umhverfisstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að fjalla betur um þessar mótvægisáðgerðir. Ef séð verður til þess að engin uppsöfnun er á lífrænu efni við útrás telur stofnunin áhrifin vera óveruleg.	Eins og fram kemur í skýrslunni þá er það mat framkvæmdaraðila að stækkinin hafi óveruleg áhrif á fugla. Af þeim sökum var engin þörf talin á að grípa til sérstakra mótvægisáðgerða vegna áhrifa á fugla. Umhverfisstofnun hefur ekki lagt fram rök sem benda til annars. Á þessu stigi sér framkvæmdaraðili því ekki ástæðu til að fjalla um mögulegar mótvægisáðgerðir, sem hugsanlega væri hægt að grípa til, ef ásókn fugla verður talin vandamál í framtíðinni. Ef sú staða kemur upp síðar meir mun framkvæmdaraðili að sjálfsögðu grípa til nauðsynlegra mótvægisáðgerða að höfðu samráði við eftirlitsaðila.

## **6 KYNNING OG SAMRÁÐ**

### **6.1 Drög að tillögu að matsáætlun**

Almenningi, hagsmunaaðilum og lögbundnum umsagnaraðilum gafst tækifæri til að kynna sér framkvæmdina og koma með athugasemdir við drög að tillögu að matsáætlun áður en þeim var skilað inn til Skipulagsstofnunar til formlegrar umfjöllunar. Í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum var tveggja vikna frestur gefinn til að skila inn athugasemdum við drög að tillögu að matsáætlun. Kynning á drögum að tillögu að matsáætlun var auglýst í Dagskránni á Suðurlandi og Fréttablaðinu og birtist auglýsing í þessum miðlum 16. apríl 2019. Tillagan var aðgengileg á vef EFLU verkfræðistofu ([www.efla.is](http://www.efla.is)). Athugasemdafrestur var til 7. maí 2019. Engar athugasemdir bárust.

### **6.2 Tillaga að matsáætlun**

Í framhaldi af kynningu á tillögu að matsáætlun á vinnslustigi var hún send Skipulagsstofnun til efnislegrar meðferðar. Stofnunin auglýsti tillöguna og gerði hana aðgengilega á vefsíðu sinni ([skipulag.is](http://skipulag.is)). Kynningartíma var frá 16. júlí til 2. ágúst 2019. Að auki leitaði Skipulagsstofnun umsagnar; Sveitarfélagsins Ölfuss, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Matvælastofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Samgöngustofu, Umhverfisstofnunar og Veitna o.hf. Á kynningartíma bárust Skipulagsstofnun umsagnir frá ofangreindum aðilum. Ísbór fór yfir allar athugasemdirnar og gerði Skipulagsstofnun grein fyrir afstöðu sinni til einstakra athugasemda. Í kjölfarið féllst Skipulagsstofnunin á matsáætlunina með athugasemdum.

### **6.3 Kynning á frummatsskýrslu**

Frummatsskýrsla var send til athugunar Skipulagsstofnunar í febrúar 2020. Tillaga að framkvæmdinni og skýrsla um mat á áhrifum hennar lá frammi til kynningar frá 8. apríl til 25. maí á bæjarskrifstofunni í Ölfus, í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan var einnig aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar ([www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)) og verkfræðistofunnar EFLU ([www.efla.is](http://www.efla.is)).

Öllum var heimilt að gera skriflega athugasemd við framlagða frummatsskýrslu á kynningartíma. Skipulagsstofnun leitaði jafnframt umsagnar hjá hlutaðeigandi stjórnvöldum. Alls bárust Skipulagsstofnun umsagnir og athugasemdir frá níu aðilum.

- Fiskistofa, dags. 26. maí 2020
- Hafrannsóknarstofnun, dags. 5. maí 2020
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, dags. 6. maí 2020
- Matvælastofnun, dags. 8. maí 2020
- Samgöngustofa, dags. 14. apríl 2020
- Sveitarfélagið Ölfus, dags. 8. maí 2020
- Umhverfisstofnun, dags. 15. maí 2020
- Veitur ohf., dags. 18. maí 2020
- Orkustofnun, dags. 18. júní 2020

Ísbór hefur farið yfir allar athugasemdirnar og brugðist við þeim í matsskýrslu. Allar athugasemdirnar má finna í viðauka F. Viðbrögð Ísbórs við einstökum athugasemdum má finna aftast í hverjum kafla þessarar matsskýrslu.

#### **6.4 Umsagnir og athugasemdir**

Engar athugasemdir voru gerðar við umfjöllun um kynningu og samráð í frummatsskýrslu.

## 7 NIÐURSTAÐA

### 7.1 Umhverfisáhrif

#### Grunnvatn

Við stækkunina fer vinnsla Íspórs á jarðsjó úr 770 l/s í 6.500 l/s og vinnsla á ferskvatni úr 300 l/s í 700 l/s. Niðurstöður líkanreikninga benda til þess að áhrif vegna aukinnar vinnslu Íspórs á niðurdrátt og þrýstilækkun verði að mestu staðbundin á lóð fyrirtækisins. Ef tekið er tillit til samlegðaráhrifa með öðrum áformuðum framkvæmdum á svæðinu reiknast niðurdráttur upp á 10-15 cm við vinnsluholur sveitarfélagsins Ölfuss, sem reiknast þó ekki nágur til að hafa áhrif á ferskvatnsvinnslu þar. Mestar eru seltubreytingarnar á töluverðu dípi sem líklegast hefur hverfandi áhrif á núverandi vinnslu sveitarfélagsins eða framtíðarvinnslu annarra hugsanlegra aðila utan fiskeldissvæðanna. Með vöktun á grunnvatni verður unnt að grípa til mótvægisaðgerða ef þörf krefur. Áhrif á grunnvatn eru metin nokkuð neikvæð.

#### Vatnsgæði viðtaka

Brimasamt er við ströndina hjá eldisstöðinni. Á svæðinu eru einnig kraftmiklir straumar og benda Van Veen sýnatökur til þess að lífrænn úrgangur frá fiskeldi sé ekki að safnast upp á sjávarbotni. Þá voru engin mengunaráhrif greinanleg í sjó 10-100 m utan við eldisstöðvar Íspórs og Fisk-Seafood í athugun heilbrigðiseftirlits Suðurlands árið 2014. Allt þetta gefur til kynna að viðtakinn sé mjög áhrifamikill í dreifingu lífrænna úrgangsefna og geti meðhöndlæð meira magn en hann gerir í dag. Í kjölfar framkvæmdarinnar má gera ráð fyrir að árleg framleiðsla stöðvarinnar á lífrænum úrgangsefnum rúmlega þrefaldist og heildarlosun frá eldisstöðvum á svæðinu tæplega tvöfaldist. Gangi framtíðaráform allra aðila um fiskeldi á svæðinu eftir má gera ráð fyrir að heildarlosun frá eldisstöðvum aukist enn frekar. Með vöktun viðtakans verður unnt að grípa til mótvægisaðgerða ef þörf krefur. Áhrif á vatnsgæði eru metin óverulega neikvæð.

#### Lífríki viðtaka

Fjörugerðin við eldisstöðina er brimasöm kletta- og hnnullungafjara. Fjörugerðin er algeng og hefur lágt verndargildi. Í fjörunni er fátæklegt smádýralíf og þörungaflóran einkennist af tegundum sem þola mikið brim. Þar sem fjaran einkennist af miklu brimi er talið ólíklegt að lífrænt efni nái að safnast upp í

fjörunni og hafa áhrif á lífríki fjörunnar. Með vísan í niðurstöður mats á áhrifum framkvæmdar á vatnsgæði viðtaka er framkvæmdin ekki talin líkleg til að hafa mikil áhrif á lífríki sjávar utan við eldisstöðina. Ísbór hefur komið sér upp vörnum gegn slysasleppingum. Engar vísbendingar eru um að seiði hafi sloppið úr eldisstöðinni. Á meðan varnirnar halda er ekki talin hætta á slysasleppingum. Áhrif á lífríki eru metin óverulega neikvæð.

### *Fuglar*

Eyðihraunavist er ríkjandi vistgerð á svæðinu. Almennt einkennir strjált og fábreytt fuglalíf vistgerðina. Fuglalíf á svæðinu einkennist af fuglum í fæðuleit í fjörunni og sjónum úti fyrir. Sílamáfur var algengasta tegundin á svæðinu með 375 einstaklinga. Hann sækir talsvert í frárennsli frá seiðaeldisstöðinni. Líklega er hann að eltast við lífrænan úrgang úr eldinu. Sérstök net varna því að fuglar komist í seiði og fóður í eldiskerjum. Að framkvæmdum loknum verður losun lífrænna úrgangsefna frá eldisstöðinni rúmlega þrefalt meiri en hún er í dag. Líklegt er talið að þessi aukning á lífrænu efni geti aukið ásókn fugla í frárennslið. Áhrif á fugla ættu þó að mestu að vera þegar komin fram með núverandi starfsemi. Með hliðsjón af umfjöllun um áhrif framkvæmdar á vatnsgæði og lífríki viðtaka má gera ráð fyrir að áhrifin verði bæði staðbundin og afturkræf. Áhrif á fugla eru metin óveruleg.

### *Sjónræn áhrif*

Eldisstöðin stendur á iðnaðarsvæði. Landið er fremur flatt og víðsýnt er til allra átta. Frá svæðinu sést yfir sjóinn og til fjalla. Sjónræn áhrif vegna núverandi starfsemi eru þegar til staðar á svæðinu. Helsta breytingin á útsýninu tengist fjölgun eldiskara og bygginga. Þau mannvirki sem áformað er að reisa eru sambærileg að formi og gerð við þau sem fyrir eru á svæðinu. Þá hefur verið leitast við að hanna mannvirki þannig að þau falli sem best að svipmóti lands. Líklegastir til að sjá mannvirkin eru íbúar Þorlákshafnar, hestamenn og vegfarendur sem leið eiga um nágrennið. Gera má ráð fyrir að ljós frá starfseminni verði greinanlegt frá byggð í Þorlákshöfn en ekki er talið að ljósmengun verði vandamál ef fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum er fylgt. Sjónræn áhrif eru metin óverulega neikvæð.

### *Fornleifar*

Engar minjar fundust á framkvæmdasvæðinu í fornleifakönnun. Ef áður ókunnar fornminjar finnast við framkvæmd verks mun Ísbór láta stöðva framkvæmdir og upplýsa Minjastofnun Íslands um fundinn. Framkvæmdin er ekki talin hafa áhrif á fornleifar.

## **7.2 Mótvægisaðgerðir og vöktun**

Við undirbúnинг framkvæmdarinnar hefur verið leitast við að halda áhrifum á umhverfið í lágmarki. Í þeim tilgangi hafa verið settar fram mótvægisaðgerðir eða áherslur sem ætlað er að koma í veg fyrir eða draga úr líkum á neikvæðum umhverfisáhrifum (Tafla 7-1).

**TAFLA 7-1** Yfirlit yfir fyrirhugaðar mótvægisaðgerðir sem ætlað er að koma í veg fyrir eða draga úr líkum á neikvæðum umhverfisáhrifum vegna stækkunar eldisstöðvar Ísþórs.

UMHVERFISPÁTTUR	MÓTVÆGISAÐGERÐ
Grunnvatn	<p>Til að lágmarka áhrif á ferskvatn og blandlag þarf að tryggja lágmörkun á upptökum ferskvatns við vinnslu á jarðsjó. Það verður gert með því að láta dýpi jarðsjávarhola nái vel niður fyrir blandlag og í fullsaltan sjó, en götun nýrra jarðsjávarhola Ísþórs byrjar á dýptarbilinu 45-50 metra, ásamt því að seltumælingar verða framkvæmdar í unnum jarðsjó.</p> <p>Framkvæmdaraðili telur mikilvægt að fylgjast með mögulegum breytingum í grunnvatni með vöktun á auðlindinni. Á þessu stigi liggar ekki fyrir hvernig staðið verður að vöktuninni. Endanleg útfærsla á vöktuninni verður ákveðin í samráði við leyfisveitendur. Í sérfræðiskýrslu [10] er lagt til að vöktunin fara fram í holu sem nær niður í fullsaltan jarðsjó og hefur verið götuð frá yfirborði niður á botn. Lagt er til að þar verði mældir rafleiðniprofílar með reglulegu millibili. Jafnframt er lagt til að selta verði mæld í vinnsluholum samhliða mælingum á flæði og skoðað hvort valin verði hentug hola til síritunar vatnsborðs eða hvort vatnsborð verði einfaldlega síritað í vinnsluholum. Sérfræðingar benda einnig á að endanleg útfærsla vöktunar þarf að taka tillit til hvernig til tekst með boranir og útfærslu vinnslunnar.</p>
Vatnsgæði viðtaka	<p>Styrkur köfnunarefnis (N) og fosfórs (P) verður mældur reglulega í fráveituvatni frá eldisstöðinni, líkt og gert hefur verið undanfarin ár.</p> <p>Íspór telur æskilegt að gera vöktunaráætlun fyrir viðtaka í samráði við starfsleyfisveitanda svo hægt sé að fylgjast með mögulegum breytingum á ástandi viðtaka eftir stækken starfseminnar.</p>
Lífríki viðtaka	Íspór telur æskilegt að gera vöktunaráætlun fyrir viðtaka í samráði við starfsleyfisveitanda svo hægt sé að fylgjast með mögulegum breytingum á ástandi viðtaka eftir stækken starfseminnar.
Fuglar	Engar mótvægisaðgerðir eru fyrirhugaðar vegna áhrifa á fugla.
Sjónræn áhrif	<p>Til að draga úr sjónrænum áhrifum er gert ráð fyrir að setja m.a. eftirfarandi skilmála í deiliskipulag:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>– Almennt er gert ráð fyrir að hús séu ein hæð. Hámarks mænishæð skal vera 8,5 m yfir uppgefnnum gólfkóta á mæli- og hæðarblæði. Heimilt er að ákveðnir byggingarhlutar svo sem lofræstibúnaður og sílo séu hærri, eða allt að 12 m.</li> <li>– Samræma skal útlit, þakform, lita- og efnisval á svæðinu.</li> <li>– Við hönnun mannvirkja skal gæta þess að þau falli sem best að svipmóti lands skv. 69. gr. náttúruverndarlag nr. 60/2013.</li> <li>– Í byggingareglugerð nr. 112/2012 eru m.a. sett fram markmið fyrir birtu og lýsingu sem skal haft að leiðarljósi. Lóðarhafa er frjálst að lýsa upp lóð og mannvirkji innan lóðar á meðan lýsing veldur ekki óþægindum eða truflun utan lóðarmarka. Lýsingu skal beint að aðkomu lóða, húsa og vinnusvæðum. Litið skal til þess að velja lýsingu við hæfi og lágmarka ljósmagn eins og hægt er. Lýsing utanhúss skal vera óbein, látlaus og glýjulaus með afskermuðum lömpum. Til að lágmarka orkunotkun og draga úr ljósmengun skal lýsingu stillt í hóf.</li> </ul>
Fornleifar	Ef áður ókunnar fornminjar finnast við framkvæmd verks mun Íspór láta stöðva framkvæmdir og upplýsa Minjastofnun Íslands um fundinn, sbr. 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012

### 7.3 Umsagnir og athugasemdir

Engar athugasemdir voru gerðar við umfjöllun í niðurstöðukafla frummatsskýrslu. Sjá þó athugasemdir við umhverfismat (kafla 5.7).

## 8 HEIMILDASKRÁ

- [1] Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir (ritstj.), „Vistgerðir á Íslandi. Fjölrít Náttúrufræðistofnunar Íslands nr. 54. 299 s.,“ 2016.
- [2] X. Wang, L. M. Olsen, K. I. Reitan og Y. Olsen, „Discharge of nutrient wastes from salmon farms: environmental effects, and potential for integrated multi-trophic aquaculture,” SINTEF Fisheries and Aquaculture, Trondheim, 2012.
- [3] Skipulagsstofnun, „Landsskipulagsstefna 2015–2026 ásamt greinargerð,” 2016.
- [4] Lawrence, D.P., „Impact significance determination - Pushing the boundaries. Environmental Impact Assessment R,” 2007.
- [5] Lawrence, D.P., „Impact significance determination – Designing an approach. Environmental Impact Assessment Review. 27:8. Bls. 730-754.,“ 2007.
- [6] Boyle, J. og J.L. Barnes, „Assessing Significance in Impact Assessment of Projects. Fastips. IAIA . No. 14. Sótt á slóð: [http://www.iaia.org/uploads/pdf/Fastips\\_14%20Significance\\_1.pdf](http://www.iaia.org/uploads/pdf/Fastips_14%20Significance_1.pdf),“ 2016.
- [7] Skipulagsstofnun, „Leiðbeiningar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda,” Skipulagsstofnun, Reykjavík, 2005.
- [8] Skipulagsstofnun, Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa., Reykjavík: Skipulagsstofnun, 2005a.
- [9] Frode Løset, Lars Erik Andersen, Jannike Gry Bettum Jensen, Ann Kathrine Birkeland, Marius Fiskevold, Kjell Huseby, Anita Myrmæl, Erik Roalsø og Jan Terje Strømsæther, „Konsekvensutredning fornyelse av 132 kV ledning mellom Kvandal-Kanstadbotn, Troms og Norland,” Unnið af Sweco fyrir Statnett, 2018.
- [10] Hilmar Már Einarsson; Eric M. Myer; Sveinn Óli Pálmarsson, „Eldisstöðin Íspór í Þorlákshöfn - Mat á áhrifum aukinnar vatnstöku,” Verkfræðistofan Vatnaskil, 2019.
- [11] Arnar Þór Ragnarsson, „Grænt bókhald vegna ársins 2018,” Náttúra fiskirækt, 2019.

- [12] Birgir Þórðarson, „Fráveita Þorlákshafnar. Sýnataka og greining v/fráveitu Þorlákshafnar. 2012 - 2014,” Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, 2014.
- [13] Stine Hermansen og Arnþór Gústavsson, „Eldisstöðin Íspór - Current measurement and sediment sampling,” Akvaplan niva, 2019.
- [14] Umhverfisstofnun, „Eftirlit með eldisstöð Íspórs framkvæmt 7.12.2016. Skoðað 9.1.2020 á: <https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/Eftirlitsskyrslur/Fiskeldi/071216Isthor.pdf>“.
- [15] Umhverfisstofnun, „Eftirlit með eldisstöð Íspórs framkvæmt 4.10.2017. Skoðað 9.1.2020 á: <https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/Eftirlitsskyrslur/Fiskeldi/041017.pdf>“.
- [16] Umhverfisstofnun, „Eftirlit með eldisstöð Íspórs framkvæmt 15.11.2018. Skoðað 9.1.2020 á: [https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/Eftirlitsskyrslur/Fiskeldi/1130\\_%C3%8Ds%C3%BE%C3%B3r%20-%20Lokask%C3%BDrsla.pdf](https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/Eftirlitsskyrslur/Fiskeldi/1130_%C3%8Ds%C3%BE%C3%B3r%20-%20Lokask%C3%BDrsla.pdf)“.
- [17] Guðjón Atli Auðunsson, „Viðtakarannsóknir 2011: Setgildrur, kræklingur og sjór. Skoðað 19.2.2020 á: [https://reykjavik.is/sites/default/files/vidtakaskyrla\\_samsett\\_2015.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/vidtakaskyrla_samsett_2015.pdf),“ 2015.
- [18] Gísli Steinn Pétursson og Sveinn Óli Pálmarsson, „Hreinsistöð á Selfossi. Dreifilíkansreikningar til mats á dreifingu fráveitumengunar í viðtaka,” Verkfræðistofan Vatnaskil. Unnið fyrir Sveitarfélagið Árborg, 2019.
- [19] Þorleifur Eiríksson, Þorgerður Þorleifsdóttir og Guðmundur Víðir Helgason, „Brimasöm kletta- og hnnullungafjara við Þorlákshöfn,” Rorum, 2019.
- [20] Winther, L., M. Henze, J.J. Linde og H.T. Jensen, Spildevandsteknik, Polyteknisk Forlag, 1998.
- [21] Ragnar Jóhannsson, Viðbrögð Hafrannsóknastofnunar við athugasemdum Ólafs I. Sigurgeirssonar lektors við Hólaskóla við áhættumat Hafrannsóknastofnunar, dags. 24. janúar 2019. Skoðað 17.2.2020 á: <https://www.hafogvatn.is/static/files/skjol/svar-vid-brefi-olafs-i-sigurgeirsson>, 2019.
- [22] Ólafur I Sigurgeirsson, „Athugasemd vegna draga að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi. Skoðað 17.2.2020 á: [https://samradsgatt.island.is/Skrar/\\$Cases/GetAdviceFile/?id=9be33185-8917-e911-944c-005056850474](https://samradsgatt.island.is/Skrar/$Cases/GetAdviceFile/?id=9be33185-8917-e911-944c-005056850474),“ á..
- [23] Skilbrei, O.T., Heino, M., & Svåsand, T., „Using simulated escape events to assess the annual numbers and destinies of escaped farmed,” *ICES Journal of Marine Science*, b. 72, nr. 2, p. 670–685, 2015.
- [24] Ragnar Jóhannsson, Sigurður Guðjónsson, Agnar Steinarsson og Jón Hlöðver Friðriksson, „Áhættumat vegna mögulegrar erfðablöndunar milli eldislaxa og náttúrulegra laxastofna á Íslandi,” Hafrannsóknastofnun, 2017.
- [25] Náttúrufræðistofnun Íslands, „Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi. Vefsjá skoðuð 17.10.2019 á: <http://vistgerdakort.ni.is/>“.
- [26] Náttúrufræðistofnun Íslands, „Eyðihraunavist. Skoðað 25.10.2019 á: <https://www.ni.is/greinar/eydihraunavist>“.

- [27] Náttúrufræðistofnun Íslands, „Sílamáfur (Larus Fuscus). Skoðað 17.10.2019 á: <https://www.ni.is/node/27113>“.
- [28] Landscape Institute og Institute of Environmental Management and Assessment, „Guidelines for Landscape and Visual Impact Assessment,“ Oxon: Routledge, 1995, 2002 og 2013.
- [29] Wang, X., Olsen, L.M., Reitan, K.I. og OLSEN, Y. , „Discharge og nutrient wastes from salmon farms: Environmental effects, and potential for integrated multi-trophic aquaculture,“ Aquaculture environment interactions, 2012.

**VIÐAUKI A MAT Á ÁHRIFUM AUKINNAR VATNSTÖKU**



# Eldisstöðin Ísbór í Þorlákshöfn

Mat á áhrifum aukinnar vatnstöku

Unnið fyrir Eldisstöðina Ísbór hf.

Skýrsla nr. 19.12

Desember 2019

Verkfræðistofan Vatnaskil  
Síðumúli 28  
108 Reykjavík

s. 568-1766  
[vatnaskil@vatnaskil.is](mailto:vatnaskil@vatnaskil.is)  
[www.vatnaskil.is](http://www.vatnaskil.is)

<b>Skýrsla nr:</b> 19.12	<b>Útgefið:</b> Desember 2019	<b>Fjöldi síðna:</b> 28	<b>Dreifing:</b> Opin <input checked="" type="checkbox"/> Lokuð <input type="checkbox"/>
-----------------------------	----------------------------------	----------------------------	---

**Heiti skýrslu:**

Eldisstöðin Ísbór í Þorlákshöfn. Mat á áhrifum aukinnar vatnstöku.

**Höfundar:**

Hilmar Már Einarsson, Eric M. Myer og Sveinn Óli Pálmarsson

**Verkefnisstjóri:**

Sveinn Óli Pálmarsson

**Útdráttur:**

Greint er frá niðurstöðum líkanreikninga til mats á áhrifum aukinnar vatnstöku Ísbórs á Nesbraut 25 í Þorlákshöfn á grunnvatnsauðlindina. Ísbór stefna að 1800 tonna ársframleiðslu á laxaseiðum og regnbogasilungaseiðum, sem jafnframt kallar á aukna vatnstöku, bæði af jarðsjó og fersku vatni.

Við úrlausn verkefnisins var stuðst við rennslislíkan Vatnaskila af Suðvesturlandi sem hefur verið í þróun í yfir 35 ár og beitt við lausn ýmissa vatnafræðilegra verkefna. Notast var við útvíkkað rennslislíkan við greiningu á grunnvatnsauðlindinni í nágrenni við Þorlákshöfn sem áður hefur verið nýtt við greiningu á auðlindinni fyrir Sveitarfélagið Ölfus.

Vinnsluforsendur fiskeldisfyrirtækja og sveitarfélagsins voru notaðar til að skilgreina núverandi og fyrirhugaða vinnslu á svæðinu. Greint er frá þremur vinnslutilfellum. Fjallað er um núverandi ástand auðlindarinna, þær breytingar sem fyrirhuguð vinnsla Ísbórs getur haft á það ástand, og hvernig fyrirhuguð heildaraukning vinnslu Ísbórs, Laxa og Landeldis getur haft áhrif á ástand auðlindarinna.

Almennt á svæðinu hefur verið gert ráð fyrir að unnið sé ferskvatn úr 25 m djúpum holum og jarðsjór úr 85 m djúpum holum sem eru gataðar niður fyrir 35 m dýpi. Gert var ráð fyrir að nýjar jarðsjáartökuholar Ísbórs séu gataðar niður úr 45 m og m.v. þær forsendur eru áhrifin af aukinni vinnslu Ísbórs mest innan lóðar Ísbórs. Einhver áhrif reiknast þar fyrir utan, en eru þau tiltölulega lítil á lóðum annarra fyrirtækja á svæðinu og við vatnsból sveitarfélagsins á Hafnarsandi.

Áhrif mögulegrar framtíðarvinnslu á svæðinu miðað við þau áform sem eru í umsagnar- og matsferli, eru að mestu innan lóða fiskeldisfyrirtækja en ná samt að nokkuð leyti út fyrir þær og inn til landsins, þar sem niðurdráttur reiknast t.a.m. á bilinu 10 til 15 cm við vatnsból sveitarfélagsins á Hafnarsandi. Ekki er hins vegar líklegt að sá niðurdráttur hafi teljandi áhrif á vinnslu sveitarfélagsins á Hafnarsandi. Áhrifin af aukinni vinnslu virðast þannig ekki nægjanleg til að valda seltubreytingum í núverandi vinnsluholum sveitarfélagsins að því gefnu að vinnslufyrirkomulag þar verði óbreytt.

Niðurstöður gefa til kynna mikilvægi þess til framtíðar litið að taka tillit til heildarvinnslu fiskeldisfyrirtækja og annarra stórnottenda á svæðinu og vinnslufyrirkomulags þeirra eins og staðsetningu hola, dýpi og götun þeirra. Jafnframt þarf að tryggja að sem minnst sé unnið af fersku vatni um jarðsjávarholur og að seltustig jarðsjávarins verði þannig sem næst fullri seltu sjávar, svo fullnægja megi ferskvatnsþörf til einhverrar framtíðar á svæðinu. Er því nauðsynlegt að hverfa frá þeim almennum viðmiðum um dýpi og götun jarðsjávarhola sem að ofan greinir, og horfa frekar til seltuástands grunnvatnskerfisins á hverjum stað og þeirra breytinga sem verða á seltu með tímanum. Fullsaltur sjór liggur ofarlega innan lóðar Ísbórs og er því hægt að sækja jarðsjó ofar en annarsstaðar á Hafnarnesinu en með því að vinna of nálægt blandlagi geta áhrif af þeirri vinnslu orðið meiri en ákjósanlegt væri. Mikilvægt er því að vakta grunnvatnsástand svæðisins og fylgjast með viðbrögðum kerfisins við aukinni vinnslu.

**Verkkaupi:**

Eldisstöðin Ísbór hf.

**Tengiliður verkkaupa:**

Þórarinn Ólafsson

**Lykilord:**

Þorlákshöfn, fiskeldi, grunnvatn, jarðsjór, ferskvatnsvinnsla, jarðsjávarvinnsla

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	4
Myndaskrá .....	5
Töfluskrá .....	5
1. Inngangur .....	6
2. Forsendur vatnsvinnslu .....	6
2.1. Fiskeldi .....	7
2.1.1. Vinnsla Íspórs .....	7
2.1.2. Vinnsla annarra fiskeldisfyrirtækja .....	8
2.2. Sveitarfélagjóð .....	9
2.3. Vinnslutilfelli .....	9
3. Niðurstöður líkanreikninga .....	11
3.1. Tilfelli 1 .....	11
3.2. Tilfelli 2 .....	13
3.2.1. Niðurdráttur og lækkun þrýstihæðar .....	13
3.2.2. Selta .....	15
3.3. Tilfelli 3 .....	20
3.3.1. Niðurdráttur og lækkun þrýstihæðar .....	20
3.3.2. Selta .....	21
4. Samantekt niðurstaðna .....	26
4.1. Aukin vinnsla Íspórs .....	26
4.2. Samlegðaráhrif vinnslu fiskeldisfyrirtækja .....	26
5. Vöktun auðlindarinnar .....	27
Heimildaskrá .....	28

## Myndaskrá

Mynd 1. Jarðsjávarvinnsla Íspórs við núverandi (600 tonn) og fyrirhuguða (1800 tonn) framleiðslu.....	7
Mynd 2. Núverandi og fyrirhuguð staðsetning vinnsluhola Íspórs.....	8
Mynd 3. Yfirlitsmynd núverandi og framtíðar vinnsluhola fiskelda og núverandi vinnsluholur sveitarfélagsins í Þorlákshöfn. Snið sem niðurstöður eru birtar á eru dregin fram.....	10
Mynd 4. Reiknuð selta (%) við núverandi ástand um snið 1, gefið á mynd 3.....	12
Mynd 5. Reiknuð selta (%) við núverandi ástand um snið 2, gefið á mynd 3.....	12
Mynd 6. Reiknuð selta (%) við núverandi ástand um snið 3, gefið á mynd 3.....	13
Mynd 7. Niðurdráttur vatnsborðs vegna aukinnar vinnslu Íspórs (tilfelli 2).....	14
Mynd 8. Lækkun þrýstihæðar á dýptarbili jarðsjávarvinnslunnar vegna aukinnar vinnslu Íspórs (tilfelli 2).....	14
Mynd 9. Seltubreytingar (%) vegna tilfellis 2 um snið 1, gefið á mynd 3.....	15
Mynd 10. Seltubreytingar (%) vegna tilfellis 2 um snið 2, gefið á mynd 3.....	16
Mynd 11. Seltubreytingar (%) vegna tilfellis 2 um snið 3, gefið á mynd 3.....	16
Mynd 12. Breytingar í seltu 0 til 5 m u.s. vegna tilfellis 2.....	17
Mynd 13. Breytingar í seltu 10 til 15 m u.s. vegna tilfellis 2.....	18
Mynd 14. Breytingar í seltu 30 til 35 m u.s. vegna tilfellis 2.....	18
Mynd 15. Breytingar í seltu 60 til 70 m u.s. vegna tilfellis 2.....	19
Mynd 16. Niðurdráttur vatnsborðs vegna tilfellis 3.....	20
Mynd 17. Lækkun þrýstihæðar á dýptarbili jarðsjávarvinnslu vegna tilfellis 3.....	21
Mynd 18. Seltubreytingar (%), vegna tilfellis 3 um snið 1, gefið á mynd 3.....	22
Mynd 19. Seltubreytingar (%), vegna tilfellis 3 um snið 2, gefið á mynd 3.....	22
Mynd 20. Seltubreytingar (%), vegna tilfellis 3 um snið 3, gefið á mynd 3.....	23
Mynd 21. Breytingar í seltu 0 til 5 m u.s. vegna tilfellis 3.....	24
Mynd 22. Breytingar í seltu 10 til 15 m u.s. vegna tilfellis 3.....	24
Mynd 23. Breytingar í seltu 30 til 35 m u.s. vegna tilfellis 3.....	25
Mynd 24. Breytingar í seltu 60 til 70 m u.s. vegna tilfellis 3.....	25

## Töfluskrá

Tafla 1. Vinnslutilfelli skoðuð vegna núverandi og fyrirhugaðrar vinnslu á svæðinu.....	10
Tafla 2. Seltubreytingar innan líða fiskelda á ákveðnum dýptarbilum vegna tilfellis 2.....	19

## 1. Inngangur

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsáætlun Eldisstöðvar Ísbórs vegna 1800 tonna framleiðslu á ári á laxaseiðum og regnbogasilungaseiðum við Nesbraut 25 í Þorlákshöfn kemur fram að gera þurfi grein fyrir áhrifum á grunnvatn vegna aukinnar vatnstöku til framleiðslunnar (Skipulagsstofnun, 2019). Jafnframt þarf að greina samlegðaráhrif annarrar fyrirhugaðrar vatnsvinnslu á svæðinu sem er í umsóknar- og matsferli.

Samkvæmt því ferli er fyrirhuguð aukin vatnstaka tveggja fiskeldisfyrirtækja í Þorlákshöfn, Eldisstöðvar Ísbórs og Laxa Fiskeldis, auk þess sem nýtt fyrirtæki á svæðinu, Landeldi er búið að fá úthlutaða lóð og mun þurfa að vinna vatn fyrir sína starfsemi. Möguleg fyrirhuguð heildarvatnstaka fiskeldisfyrirtækja á svæðinu eftir þessar stækkanir og tilkomu Landeldis, er um  $19 \text{ m}^3/\text{s}$  sem skiptist í  $2 \text{ m}^3/\text{s}$  af ferskvatni, yfir  $14 \text{ m}^3/\text{s}$  af jarðsjó og tæplega  $3 \text{ m}^3/\text{s}$  af ósoltu vatni, samkvæmt þeim skilgreiningum sem gefnar eru í vinnsluáætlun fiskeldisfyrirtækjanna. Er sú vinnsla á um 4 km löngu strandsvæði í Þorlákshöfn. Jafnframt standa væntingar sveitarfélagsins til þess að úthluta fleiri lóðum fyrir fiskeldi á svæðinu og getur því heildarvatnstakan mögulega aukist enn frekar til lengri framtíðar.

Við úrlausn verkefnisins var stuðst við rennslislíkan Vatnaskila af Suðvesturlandi sem hefur verið í þróun í yfir 35 ár og beitt við lausn ýmissa vatnafræðilegra verkefna (Vatnaskil, 2018a). Notast var við útvíkkað rennslislíkan við greiningu á grunnvatnsauðlindinni í nágrenni við Þorlákshöfn sem áður hefur verið nýtt við greiningu á auðlindinni fyrir sveitarfélagið Ölfus (Vatnaskil, 2018b). Líkanið tekur tillit til rennslis ferskvatns frá landi til sjávar sem og rennslis jarðsjávar frá sjó inn undir land. Þar sem ferskvatnið og jarðsjórinn mætast myndast skilflötur eða blandlag fersk- og saltvatns í jarðlögum, sem leitast við að vera í eðlisfræðilegu jafnvægi. Með líkaninu er því hægt að líkja eftir eðlisþyngdarmismun grunnvatns og áhrifum vinnslu ferskvatns, ísalts vatns og jarðsjávar á svæðinu.

Í eftifarandi umfjöllun vegna áhrifa fyrirhugaðrar aukinnar vatnstöku Ísbórs í Þorlákshöfn á grunnvatnsauðlindina er greint frá þremur vinnslutilfellum. Fjallað er um núverandi ástand auðlindarinnar, þær breytingar sem fyrirhuguð vinnsla Ísbórs getur haft á það ástand, og hvernig fyrirhuguð heildaraukning vinnslu Ísbórs, Laxa og Landeldis getur haft áhrif á ástand auðlindarinnar. Síðasta tilfellið gefur þannig mynd af því hvernig auðlindin gæti brugðist við aukinni vinnslu ef fyrirætlanir þeirra fiskelda á svæðinu sem eru í matsferli ganga eftir. Sú mynd getur þó tekið breytingum eftir því sem fyrirætlanir fiskelda geta breyst og hvernig tekst til með dýpi og götun hola sem ætlað er að standa undir aukinni vinnslu á svæðinu. Þetta ræður mestu um hver seltan verður og hve hátt hlutfall jarðsjávartökuholur vinna úr ferskvatnsauðlind.

## 2. Forsendur vatnsvinnslu

Við líkanreikninga var horft til vinnsluaðila á svæðinu en umfangsmestu núverandi notendur vatns í Þorlákshöfn eru fiskeldisfyrirtækin Ísbór, Laxar og Náttúra, en Ísbór og Laxar eru í umsóknar- og matsferli vegna stækkanar. Landeldi er nýtt fiskeldisfyrirtæki sem er komið með lóð í Þorlákshöfn og er í umsóknar- og matsferli vegna fyrirhugaðs fiskeldis á svæðinu. Aðrir helstu notendur vatns á svæðinu eru sveitarfélagið, sem er að vinna úr tveim holum á Hafnarsandi og einni í Unubakka, og Icelandic glacial (IG) sem vinnur vatn úr lind undir Hlíðarfjalli til átóppunar.

Ef horft er til aðalskipulags sveitarfélagsins Ölfuss má sjá að í Þorlákshöfn og nágrenni eru aðrir stórnottendur mögulegir til framtíðar litið. Ekki liggja hins vegar fyrir forsendur um hugsanlega vatnsþörf slíks aðila né þarfa um vatnsgæði, þ.m.t. seltustig vinnsluvatns.


Gagnvart greiningunni hér er því einungis horft til fyrirhugaðrar vinnslu þeirra fiskeldisfyrirtækja sem eru í umsóknar- og matsferli, Íspórs, Laxa og Landeldis, og núverandi vinnslu Náttúru og sveitarfélagsins. Nánari grein er gerð fyrir þessum forsendum hér að neðan.

## 2.1. Fiskeldi


### 2.1.1. Vinnsla Íspórs

Núverandi vinnsla Íspórs er 770 L/s af jarðsjó úr þremur holum og 300 L/s af saltblönduðu ferskvatni úr ferskvatnsbrunni og tveimur holum. Ferskvatnsvinnsla er stöðug en jarðsjávarvinnsla sveiflast yfir árið og fer minnst niður í um 25 L/s (mynd 1). Mælingar á seltu vatns sem unnið er úr jarðsjávarholum Íspórs eru um það bil 30% og gefur því til kynna að jarðsjávarvinnslan sé ekki að draga niður mikið af ferskara vatni úr blandlaginu fyrir ofan. Núverandi jarðsjávarholur Íspórs eru gataðar að jafnaði neðan 35 m dýpis. Selta í ferskvatnsholum og brunni Íspórs mælist á bilinu 0,6 - 8% og er því um ísalt vatn að ræða. Þykkt ferskvatnslags er breytilegt eftir tíma og er háð bæði náttúrulegum aðstæðum (t.d. flóði og fjöru, úrkomu) og rekstri vinnsluholanna á svæðinu. Mælingar gefa til kynna að innan lóðar Íspórs sé ferskvatnslagið þunnt eða jafnvél ekki til staðar, að minnsta kosti hluta tímans.

Íspór er í umsóknar- og matsferli vegna aukinnar framleiðslu sem kallar á aukna grunnvatnsvinnslu en fyrirhuguð vinnsla Íspórs er 6500 L/s af jarðsjó og 700 L/s af ferskvatni, þar sem ferskvatnsvinnsla er stöðug yfir árið en jarðsjávartaka er breytileg og fer minnst niður í um 250 L/s (mynd 1). Samkvæmt Íspóri er fyrirtækið búið að fá leyfi til að stækka lóð sína til vesturs, og eru lóðarmörk eftir stækkun sýnd gráflega á mynd 2. Fyrir aukna vinnslu Íspórs er gert ráð fyrir að 19 jarðsjávarholum verði bætt við og að 3 gamlar holur verða endurvirkjaðar. Verður því heildarfjöldi jarðsjávarhola 25. Jafnframt er gert ráð fyrir að jarðsjávarholur verði staðsettar syðst á jaðri lóðar Íspórs (mynd 2). Gert er ráð fyrir að nýjar jarðsjávarholur Íspórs verði 85 m djúpar og gataðar neðan 45 m dýpis. Ferskvatnsvinnsla Íspórs verður stöðug yfir árið en gert er ráð fyrir að bætt verði við 5 ferskvatnsholum, 25 m djúpum, í norðvesturhorni stækkaðrar lóðar.



Mynd 1. Jarðsjávarvinnsla Íspórs við núverandi (600 tonn) og fyrirhuguða (1800 tonn) framleiðslu.



Mynd 2. Núverandi og fyrirhuguð staðsetning vinnsluhola Íspórs.

### 2.1.2. Vinnsla annarra fiskeldisfyrirtækja

Núverandi vinnsla Náttúru er allt að 450 L/s af ferskvatni og u.þ.b. 490 L/s af jarðsjó. Ekki er gert ráð fyrir framtíðaráformum Náttúru í greiningunni hér þar sem ekki liggja fyrir forsendur um slíkt. Laxar eru með núverandi vinnslu upp á um 5 L/s af ferskvatni og 2500 L/s af jarðsjó en eru í umsóknar- og

matsferli og stefna á að auka vinnslu upp í 375 L/s af ferskvatni og 5000 L/s af jarðsjó. Jarðsjávarvinnsla Laxa sveiflast yfir árið, bæði í núverandi og framtíðar vinnslufyrirkomulagi. Laxar hafa stefnt að því að núverandi sem og framtíðar jarðsjávarholur þeirra verði 95 m djúpar og gataðar neðan 80 m dýpis til að lágmarka áhrif af aukinni vinnslu Laxa á ferskvatn. Gert er því ráð fyrir því fyrirkomulagi fyrir samlegðaráhrif vinnslu á svæðinu.

Landeldi er einnig í umsóknar- og matsferli vegna fiskeldis á landi og verða þeir samkvæmt sveitarféluginu staðsettir á Laxabraud 21-25, milli lóðar Laxa og Keflavíkur (Efla, 2019). Samkvæmt fulltrúum Landeldis verður vinnslufyrirkomulag þeirra frábrugðið núverandi fiskeldisfyrirtækjum á svæðinu þar sem þeir stefna að því að vinna ísalt vatn úr blandlaginu. Vinnsla Landeldis er áætluð sem 500 L/s ferskvatn, 2350 L/s af fullsöltum jarðsjó og 2650 L/s af ísöltu vatni. Ekki liggja þó fyrir nánari upplýsingar um útfærslu hola eða væntingar um seltu ísalts vatns.

Búið er að skipuleggja lóðir vegna annarra hugsanlegra fiskeldisfyrirtækja í Þorlákshöfn, Laxabraud 15 – 17, Laxabraud 29 – 31, Laxabraud 35 og svo við Keflavík, (Efla 2019). Ekki var þó horft til vinnslu grunnvatns á þeim lóðum fyrir samlegðaráhrif þar sem forsendur um slíkt liggja ekki fyrir. Ljóst er hins vegar að vinnsla og vinnslufyrirkomulag innan þeirra lóða getur haft áhrif á aðra notendur og öfugt.

## 2.2. Sveitarfélagið

Sveitarfélagið er með núverandi vinnslu upp á 50 L/s sem er unnið úr tveim svæðum, Hafnarsandi úr tveimur 28 m djúpum holum og úr Unubakka þar sem unnið er úr einni 9 m djúpri holu. Fyrirætlanir sveitarfélagsins um framtíðaraukningu vatnsvinnslu sinnar voru ekki tekna inn í greininguna fyrir samlegðaráhrif þar sem áætlanir um slíkt liggja ekki fyrir. Mikil uppbygging er hins vegar á svæðinu og er því líklegt að einhver aukning verði á vinnslu sveitarfélagsins í náinni framtíð. Aukin vinnsla fjær ströndu takmarkar magn ferskvatns sem rennur til sjávar og getur því sú vinnsla haft áhrif á seltu fiskelda sem og möguleika til vinnslu.

## 2.3. Vinnslutilfelli

Mynd 3 sýnir staðsetningu núverandi og fyrirhugaðra vinnsluhola ferskvatns, ísalts vatns og jarðsjávar í Þorlákshöfn, sem og núverandi vinnsluholur sveitarfélagsins. Sýndar eru núverandi sem og fyrirhugaðar vinnsluholur fiskelda sem horft var til við skoðun samlegðaráhrifa.


Skoðuð voru þrjú vinnslutilfelli, tilfelli 1 sem miðast við núverandi vinnslu á svæðinu, tilfelli 2 sem er núverandi vinnsla að viðbættri fyrirhugaðri vinnslu Ísbórs og tilfelli 3 þar sem horft er til mögulegra samlegðaráhrifa fyrirhugaðrar vinnslu á svæðinu, sem miðast við þá aðila sem eru í umsóknar- og matsferli vegna aukinnar vatnsvinnslu.

Við tilfelli 1 er verið að horfa til núverandi vinnslufyrirkomulags Ísbórs, Laxa og Náttúru sem og sveitarfélagsins. Tafla 1 sýnir vinnslu sem skilgreind er fyrir tilfelli 1. Jarðsjávartaka Ísbórs og Laxa er breytileg eftir árstíma en þegar metin eru áhrif er horft til þess tíma þegar hámarks vinnsla er á svæðinu sem er þá þegar vinnsla jarðsjávar er í hámarki.

Tilfelli 2 gefur möguleg áhrif vegna aukinnar vinnslu Ísbórs þar sem fyrirhuguð vinnsla Ísbórs er skoðuð ásamt núverandi vinnslu annarra eins og gefið er í töflu 1 sem tilfelli 2. Hér er gert ráð fyrir að jarðsjávarholur Ísbórs verði 85 m djúpar og gataðar niður úr 45 m dýpi. Gert er ráð fyrir að fyrirhugaðar ferskvatnsholur Ísbórs verði 25 m djúpar.

Fyrir samlegðaráhrif er horft til aukinnar vatnstöku Ísbórs og Laxa auk þess sem gert er ráð fyrir að Landeldi verði á Laxabraud 21-25. Tafla 1 sýnir vinnsluforsendur fyrir tilfelli 3 en í því er ekki gert ráð

fyrir aukinni vinnslu Náttúru né vinnslu á öðrum skipulögðum lóðum við Laxabraut eða við Keflavík. Samlegðaráhrif vinnslu eru mjög háð vinnslu á svæðinu og vinnslufyrirkomulagi.



**Mynd 3. Yfirlitsmynd núverandi og framtíðar vinnsluhola fiskelda og núverandi vinnsluholar sveitarfélagsins í Þorlákshöfn. Snið sem niðurstöður eru birtar á eru dregin fram.**

**Tafla 1. Vinnslutilfelli skoðuð vegna núverandi og fyrirhugaðrar vinnslu á svæðinu.**

Markmið um vinnslu	Tilfelli 1			Tilfelli 2			Tilfelli 3		
	Jarðsjór [L/s]	Ísalt [L/s]	Ferskt [L/s]	Jarðsjór [L/s]	Ísalt [L/s]	Ferskt [L/s]	Jarðsjór [L/s]	Ísalt [L/s]	Ferskt [L/s]
Ísbór	780	0	290	6500	0	700	6500	0	700
Laxar	2500	0	5	2500	0	5	5000	0	375
Náttúra	490	0	450	490	0	450	490	0	450
Landeldi	0	0	0	0	0	0	2350	2650	500
Sveitarfélagið	0	0	50	0	0	50	0	0	50
Aðrir notendur	0	0	0	0	0	0	0	0	0

## 3. Niðurstöður líkanreikninga


### 3.1. Tílfelli 1

Mynd 4 sýnir reiknaða seltu um snið 1 sem sýnt er á mynd 3. Sniðið liggur frá sjó og inn í land, í gegnum lóð Ísbórs. Myndin sýnir legu sjávarbotns sem bláa línu vinstri megin á myndinni og yfirborð lands efst. Staðsetning og dýpi vinnsluholanna eru sýnd með svartri línur á myndinni (brotin lína þar sem holur eru gataðar). Á myndinni er rautt sýnt fyrir reiknaðu seltu frá 30 til 35%, en blái liturinn gefur til kynna vatn þar sem reiknuð selta er 0,5% eða minni. Þar á milli er reiknuð selta á milli 30 og 0,5%. Myndin sýnir hvernig jarðsjór berst inn undir land og hvernig þykkt ferskvatnslags fer vaxandi inn til landsins.


Vinnsla jarðsjávar og ferskvatns teygir á blandlagi og getur því vinnsla jarðsjávar orðið ferskari sem fer eftir ýmsum þáttum eins og vinnslu úr holum, holudýpi, fóðringardýpi, staðsetningu og götun jarðsjávarhola. Vinnsla ferskvatns úr grynnri holum getur einnig dregið saltara vatn frá sjó sem og úr blandlagi að neðan. Jarðsjávarholur Ísbórs eru um 85 m djúpar og eru gataðar niður úr 35 m dýpi og eru því samkvæmt líkani að vinna vatn á bilinu 30 til 35% (mynd 4). Ferskvatnsvinnsla Ísbórs dregur að einhverju leyti blandagið upp en jarðsjávartaka heldur að hluta aftur af frekari seltu aukningu í ferskvatnsholum.

Mynd 5 sýnir reiknaða seltu um snið 2 sem liggur frá vestri til austurs um norðurhluta lóða fiskeldis-fyrtækja þar sem ferskvatn er unnið. Á myndinni sjást tvær svartar lóðréttar línur sem afmarka það svæði sem ferskvatnsholur Ísbórs (núverandi og fyrirhugaðar) eru á. Myndin sýnir jafnframt seltu vatns sem Ísbór vinna þegar jarðsjávarvinnsla er í hámarki á svæðinu. Þykkt ferskvatnslagsins er breytileg á svæðinu en ferskvatnslagið er þynnst á Hafnarnesinu þar sem Ísbór og Náttúra eru með eldi en lagið þykknar við lóð Laxa og er dýpst niður á blandagið í Keflavík. Þetta ástand er breytilegt og fer eftir vatnsvinnslu fiskelda á svæðinu en náttúrulegt ástand sýnir jafnframt þann karakter að ferskvatnslagið er þykkara í Keflavík heldur en á Hafnarnesi.


Mynd 6 sýnir reiknaða seltu um snið 3 sem liggur frá vestri til austurs um suðurhluta lóða fiskeldis-fyrtækja þar sem að jafnaði er unninn jarðsjór. Myndin sýnir seltu m.v. hámarks vinnslu jarðsjávar. Á myndinni sjást tvær svartar lóðréttar línur sem afmarka það svæði sem jarðsjávarholur Ísbórs (núverandi og fyrirhugaðar) eru á. Holurnar eru um 85 m djúpar og gataðar neðan 35 m dýpis (brotnar línur).



**Mynd 4.** Reiknuð selta (%) við núverandi ástand um snið 1, gefið á mynd 3.



**Mynd 5.** Reiknuð selta (%) við núverandi ástand um snið 2, gefið á mynd 3.




**Mynd 6. Reiknuð selta (%) við núverandi ástand um snið 3, gefið á mynd 3.**


## 3.2. Tilfelli 2

### 3.2.1. Niðurdráttur og lækkun þrýstihæðar

Mynd 7 sýnir niðurdrátt vegna aukinnar vinnslu Ísbórs sem reiknast sem mismunur vatnborðshæðar milli tilfella 1 og 2. Mynd 8 sýnir jafnframt lækkun þrýstihæðar á dýptarbili jarðsjávarvinnslu Ísbórs en þrýstilækkun leiðir af sér innflæði af vatni, bæði úr lóðrétttri og lárétttri stefnu. Niðurdráttur vegna aukinnar vinnslu Ísbórs er því mest svæðisbundinn þar sem niðurdráttur við ferskvatnstoruholur er um 20 cm og ná útmörk 5 cm niðurdráttar ekki að lóð Náttúru. Lækkun þrýstihæðar á 60 – 70 m u.s. vegna aukinnar vinnslu Ísbórs er yfir 50 cm við jarðsjávarholur. Hvorki áhrifin á vatnsborð né þrýstihæð á dýpi jarðsjávarvinnslu ná inn á lóð Náttúru til vesturs.



**Mynd 7. Niðurdráttur vatnsborðs vegna aukinnar vinnslu Íspórs (tilfelli 2).**




**Mynd 8. Lækkun þrýstihæðar á dýptarbili jarðsjávarvinnslunnar vegna aukinnar vinnslu Íspórs (tilfelli 2).**

### 3.2.2. Selta


Aukin vinnsla úr bæði ferskvatns- og jarðsjávarholum dregur að sér grunnvatn að hluta til úr blandlaginu sem liggar á milli vinnsludýptarbilanna. Vegna þess verða seltubreytingar í vinnsluvatninu þangað til nýju seltujafnvægi er náð í grunnvatnsgeyminum. Mynd 9 sýnir breytingar í seltu milli tilfella 1 og 2 um snið 1 þegar jarðsjávar- og ferskvatnstaka hefur verið aukin hjá Íspóri. Aukin selta vegna aukinnar vinnslu er sýnd með rauðu en lækkun í seltu er sýnd með bláu. Það teygist á blandlaginu vegna aukinnar jarðsjávarvinnslu. Selta eykst ofarlega í grunnvatnsgeyminum við strandlengjuna þar sem aukin ferskvatnsvinnsla dregur inn meira vatn úr sjónum. Selta lækkar í jarðsjávarvinnsluholum þar sem sú vinnsla dregur niður blandlagið. Breytt vinnsluhlfall milli ferskvatns og jarðsjávar við tilfelli 2 (úr um 30% ferskvatn á móti 70% jarðsjó í um 10% ferskvatn á móti 90% jarðsjó) skilar sér í því að selta getur lækkað við ferskvatnstöku Íspórs þegar jarðsjávartaka er sem mest. Samkvæmt niðurstöðum verða engar seltubreytingar við vatnsból sveitarfélagsins á Hafnarsandi á því dýpi sem vinnsluholurnar eru að vinna vatn á (u.þ.b. 10 m u.s.).

Mynd 10 sýnir reiknaða seltubreytingu milli tilfella 1 og 2 um snið 2. Myndin sýnir svæðisbundna aukningu í seltu við botninn á nýju ferskvatnsholum Íspórs þar sem aukin vinnsla dregur að saltara vatn úr blandlagi. Fyrir neðan ferskvatnsholur sjást áhrif af jarðsjávarvinnslu þar sem selta er að lækka vegna þess að verið er að teygja á blandlagi. Myndin sýnir aukna seltu í vestur frá Íspóri á dýptarbili 20 til 60 m u.s. sem er fyrir neðan það dýptarbil sem ferskvatnsholur annarra fiskeldisstöðva eru að vinna á.


Mynd 11 sýnir samsvarandi reiknaðar breytingar í seltu um snið 3. Á myndinni sést hvernig selta lækkar á vinnsludýpi jarðsjávarhola Íspórs þar sem vinnslan dregur niður ferskara vatn að ofan. Undir lóðum annarra fiskeldisfyrirtækja til vesturs eykst seltan á dýptarlinu 20 til 30 m u.s.



Mynd 9. Seltubreytingar (%) vegna tilfellis 2 um snið 1, gefið á mynd 3.




**Mynd 10. Seltubreytingar (%) vegna tilfellis 2 um snið 2, gefið á mynd 3.**




**Mynd 11. Seltubreytingar (%) vegna tilfellis 2 um snið 3, gefið á mynd 3.**

Til að setja í samhengi við hversu langt frá vinnslusvæði Íspórs áhrifin af aukinni vinnslu ná, sýna myndir 12-15 breytingar í seltu milli tilfella 1 og 2 á völdum dýptarbilum. Að u.p.b. 5 m u.s. má ætla að breytingar í seltu verði bundnar við nágrenni Íspórs (mynd 12). Þar fyrir neðan, að u.p.b. 15-20 m u.s., má ætla að breytingar í seltu verði nokkuð meiri og teygi sig til Laxa í vestri og út Hafnarnesið í austri, að mestu með aukinni seltu. Seltuminnkun á sér hins vegar stað aðeins inn til landsins (mynd 13). Enn neðar má búast við viðtækari áhrifum inn til landsins, með lækkun í seltu (myndir 14 og 15). Miðja vegu má þó ætla að seltuaukning teygi sig frekar til vesturs eftir strandlínunni (mynd 14).


Seltubreytingar sem búast má við innan lóða fiskeldisfyrirtækja í Þorlákshöfn ásamt óúthlutaðra lóða til handa fiskeldisfyrirtækja eru tekna saman í töflu 2. Skoðaðar eru breytingar á bilinu 0 til 30 m u.s. á norður hluta lóða fiskelda þar sem að fiskeldi vinna ferskvatn að jafnaði en á dýptarbilinu 30 til 80 m u.s. eru skoðaðar breytingar sem verða á suðurhluta lóða þar sem fiskeldi vinna að jafnaði jarðsjó.




**Mynd 12. Breytingar í seltu 0 til 5 m u.s. vegna tilfellis 2.**



**Mynd 13. Breytingar í seltu 10 til 15 m u.s. vegna tilfellis 2.**



**Mynd 14. Breytingar í seltu 30 til 35 m u.s. vegna tilfellis 2.**



**Mynd 15. Breytingar í seltu 60 til 70 m u.s. vegna tilfellis 2.**

**Tafla 2. Seltubreytingar innan lóða fiskelda á ákveðnum dýptarbilum vegna tilfellis 2.**


[m u.s.]	Landeldi	Laxab. 15-17	Laxar	Náttúra	Íspór	
Breytingar í seltu við ferskvatnsholar	0-5				0 til 2,5 %	Algengengasta vinnsludýpi ferskvatnshola
	5-10				-1 til 5 %	
	10-15				-2,5 til 5 %	
	15-20			0 til 2,5 %	-5 til 1 %	
	20-25		0 til 0,5 %	-0,5 til 5 %	-5 til -2,5 %	
	25-30	0 til 0,5 %	0 til 0,5 %	-0,5 til 2,5 %	-10 til -0,5 %	
Breytingar í seltu á suðurhluta lóða	30-35				-5 til -0,5 %	Algengasta vinnsludýpi jarðsjávarhola
	35-40				-5 til -0,5 %	
	40-45				-5 til -0,5 %	
	45-50				-2,5 til -0,5 %	
	50-60				-2,5 til -0,5 %	
	60-70				-1 til 0 %	
	70-80					

### 3.3. Tilfelli 3


#### 3.3.1. Niðurdráttur og lækkun þrýstihæðar

Reiknaður niðurdráttur vatnsborðs á svæðinu er mestur innan lóðar Landeldis, nálægt 40 cm (mynd 16). Innan lóðar Ísbórs reiknast niðurdrátturinn um 25 cm, hjá Löxum um 15 cm en litlu minni hjá Náttúru, um 10 cm. Innan annarra skipulagðra lóða á Laxabraut fyrir fiskeldi reiknast niðurdráttur um 5 – 25 cm. Niðurdráttur reiknast 10 til 15 cm í holum sveitarfélagsins á Hafnarsandi.

Mynd 17 sýnir lækkun þrýstihæðar á dýptarbilinu 60 – 70 m u.s. á svæðinu, sem gefur til kynna áhrif af aukinni jarðsjávarvinnslu. Áhrifin eru mest innan lóða þeirra fiskeldisfyrirtækja sem eru í umsóknar- og matsferli, þar sem lækkun þrýstihæðar getur verið yfir 50 cm. Áhrifin eru mun minni annars staðar en teygja sig inn til landsins með ámóta hætti og lækkun vatnsborðs.



Mynd 16. Niðurdráttur vatnsborðs vegna tilfellis 3.




**Mynd 17. Lækkun þrýstihæðar á dýptarbili jarðsjávarvinnslu vegna tilfelli 3.**


### 3.3.2. Selta

Seltubreytingar verða á svæðinu vegna aukinnar vinnslu og leitast kerfið við að ná nýju seltujafnvægi vegna þeirrar vinnslu. Mynd 18 sýnir breytingar í seltu um snið 1 vegna vinnsluauknningar frá tilfelli 1 til tilfelli 3. Aukin selta vegna aukinnar vinnslu er sýnd með rauðu en lækkun í seltu er sýnd með bláu. Myndin sýnir að mesta aukning á seltu verður við strandlengjuna hjá Ísbóri þar sem verið er að draga saltara vatn frá sjónum. Fyrir neðan er lækkun í seltu sem kemur til vegna lækkunar í þrýstihæð þar sem teygð er á blandlaginu.


Mynd 19 sýnir breytingar í seltu um snið 2. Myndin sýnir aukningu í seltu eftir blandlagi en mesta breytingin sem verður innan lóðar Ísbórs er seltulækkun fyrir neðan ferskvatnsholurnar, en selta eykst neðst í nýjum ferskvatnsholum vestast á lóð Ísbórs. Fyrir utan lóð Ísbórs verða mestar breytingar á ferskvatnsauðlindinni (seltuaukning) við ferskvatnsholur Laxa og Náttúru. Mynd 20 sýnir breytingar í seltu um snið 3. Breytingarnar verða mestar við blandlagið en jarðsjávartaka dregur svæðisbundið niður ferskara vatn, mest hjá Löxum en einnig hjá Ísbóri og Landeldi.



**Mynd 18.** Seltubreytingar (‰), vegna tilfellið 3 um snið 1, gefið á mynd 3.




**Mynd 19.** Seltubreytingar (‰), vegna tilfellið 3 um snið 2, gefið á mynd 3.




**Mynd 20. Seltubreytingar (%), vegna tilfells 3 um snið 3, gefið á mynd 3.**


Til að setja í samhengi við hversu langt frá vinnslusvæði fiskeldisfyrirtækjanna áhrifin af aukinni vinnslu ná, sýna myndir 21-24 breytingar í seltu milli tilfella 1 og 3 á völdum dýptarbilum. Niður að u.p.b. 5 m u.s. má ætla að breytingar í seltu verði nokkuð bundnar við lóðir fiskeldissvæðanna (mynd 21), en skömmu þar fyrir neðan má búast við að seltubreytingar verði töluverðar austar á Hafnarnesinu (mynd 22). Þar fyrir neðan aukast áhrifin í norður og verða víðtækari inn til landsins, og verður ýmist um hækkan eða lækkun í seltu að ræða (myndir 23 og 24).




**Mynd 21. Breytingar í seltu 0 til 5 m u.s. vegna tilfellis 3.**



**Mynd 22. Breytingar í seltu 10 til 15 m u.s. vegna tilfellis 3.**



**Mynd 23. Breytingar í seltu 30 til 35 m u.s. vegna tilfellis 3.**



**Mynd 24. Breytingar í seltu 60 til 70 m u.s. vegna tilfellis 3.**

## 4. Samantekt niðurstaðna

### 4.1. Aukin vinnsla Íspórs

Aukin vinnsla Íspórs hefur mest svæðisbundin áhrif hvað varðar niðurdrátt og þrýstilækkun á dýptarbili jarðsjávartöku. Áhrifin ná ekki að vatnsbóli sveitarfélagsins né annarra starfandi fiskeldisfyrirtækja til vesturs. Seltubreytingar vegna aukinnar vinnslu Íspórs verða víðtækari, sérstaklega á dýptarbili blandlagsins. Ferskvatnsvinnsla úr nýjum holum Íspórs dregur saltara vatn upp úr blandlagi, og aukin jarðsjávarvinnsla dregur ferskara vatn niður úr blandlagi.

Selta getur aukist um allt að 2,5% á dýptarbilinu 15 til 20 m u.s. hjá Náttúru en sú aukning er að mestu leyti fyrir neðan ferskvatnsholur þeirra. Gefa því niðurstöður til kynna að áhrif aukinnar vinnslu Íspórs verði mest á dýptarbilinu 20 – 30 m u.s., sem er neðan við ferskvatnsvinnslu starfandi fiskeldisfyrirtækja og fyrir ofan jarðsjávarvinnslu þeirra. Áhrifin gætu hins vegar verið önnur og meiri ef götun nýrra jarðsjávarhola Íspórs er grynnri, t.d. ef holur verða gataðar neðan 35 m dýpis eins og fyrir núverandi holur í stað 45 m eins og gert er ráð fyrir í tilfelli 2. Samkvæmt niðurstöðum verða engar seltubreytingar við vatnsból sveitarfélagsins á Hafnarsandi á þeim dýpi sem vinnsluholurnar eru að vinna vatn á (u.b.b. 10 m u.s.).

Áhrif af aukinni vinnslu Íspórs eru mest í blandlagi, á því dýptarbili sem núverandi fiskeldi eru ekki að vinna vatn til framleiðslu. Óvist er þó hvernig fyrirhuguð vinnsla á svæðinu mun hafa áhrif á þarfir innan óúthlutaðra lóða á Laxabraut. Líklegt er þó að ef Íspór vinnur sinn jarðsjó neðar en nú er gert ráð fyrir að áhrifin á blandlagið verði minni.

### 4.2. Samlegðaráhrif vinnslu fiskeldisfyrirtækja

Áhrif mögulegrar framtíðarvinnslu fiskeldisfyrirtækja á svæðinu miðað við þau áform sem eru í umsagnar- og matsferli eru mest svæðisbundin innan lóða fiskeldisfyrirtækja en ná þó víðar. Reiknaður niðurdráttur vatnsborðs er mestur við vinnsluholur þeirra fiskeldisfyrirtækja sem hafa skilgreinda vinnslu í tilfelli 3, en um 10 til 15 cm niðurdráttur reiknast við núverandi vinnsluholur sveitarfélagsins á Hafnarsandi. Líkanrekningarnir gefa til kynna að þetta séu ekki nægjanleg áhrif til að valda breytingum í seltu á þeirri ferskvatnsvinnslu sem fer fram á vegum sveitarfélagsins.

Reiknaður niðurdráttur innan óúthlutaðra lóða fiskelda í Þorlákshöfn er allt að 25 cm. Lækkun þrýsti-hæðar á dýptarbili jarðsjávarvinnslu er jafnframt mest svæðisbundin, en lækkun þrýstihæðar á óúthlutaðum lóðum fiskelda er allt að 20 cm. Einhverra áhrifa gætir því af aukinni vinnslu þeirra fiskeldisfyrirtækja sem eru í umsóknar- og matsferli á þær aðstæður sem ríkja innan óúthlutaðra lóða fiskelda og munu þeir aðilar sem þangað kunna að koma þurfa að taka tillit til þeirra aðstæðna í sínu vinnslufyrirkomulagi. Að sama skapi má ætla að vinnsla þessara hugsanlegu nýju aðila muni hafa samsvarandi áhrif á þau fiskeldisfyrirtæki sem eru fyrir. Sú greining sem hér hefur farið fram getur gefið að vissu leyti innsýn í hver áhrifin kunni að verða.

Reiknaðar seltubreytingar vegna tilfellis 3 eru mest svæðisbundin innan lóða fiskeldisfyrirtækja fyrir ofan u.b.b. 15 m u.s., en fyrir neðan það dýpi ná seltubreytingar inn til landsins. Mestar eru seltubreytingarnar þó á töluverðu dýpi sem líklegast hefur hverfandi áhrif á núverandi vinnslu sveitarfélagsins eða framtíðarvinnslu annarra hugsanlegra aðila utan fiskeldissvæðanna.

Vegna skorts á upplýsingum um vinnslufyrirkomulag Landeldis er umtalsverð óvissa í forsendum til skilgreiningar á tilfelli 3. Með hliðsjón af þætti Landeldis í reiknuðum samlegðaráhrifum tilfellis 3 ber

að hafa í huga að hugsanlegar breytingar á því vinnslufyrirkomulagi hjá Landeldi sem hér hefur verið gert ráð fyrir, t.a.m. í því matsferli sem Landeldi er í, gætu haft töluverð áhrif á samlegðaráhrifin.

Niðurstöður gefa til kynna að samlegðaráhrif vinnslu fiskeldisfyrirtækja á svæðinu eru háð heildarvinnslu þeirra sem og vinnslufyrirkomulagi eins og staðsetningu hola, dýpi og götun þeirra. Á þetta sérstaklega við um jarðsjávarholur en tryggja þarf að sem minnst af ferskvatni berist inn í holurnar.

Heildarvatnstaka fiskeldisfyrirtækja vegna tilfellis 3 er riflega  $19 \text{ m}^3/\text{s}$  og samkvæmt skilgreiningu fiskeldisfyrirtækjanna eru um  $2 \text{ m}^3/\text{s}$  af því magni ferskvatnsvinnsla. Í raun gæti ferskvatnsvinnslan orðið umtalsvert meiri þar sem ekki er tryggt að seltustig jarðsjávar verði í öllum tilfellum á við fullsaltan sjó, auk þess sem Landeldi ætlar sér að vinna um  $2,7 \text{ m}^3/\text{s}$  af ísoltu vatni. Sú almenna forsenda að unnninn sé jarðsjór úr 85 m djúpum holum sem séu gataðar neðan 35 m dýpis leiðir af sér umtalsverð áhrif á seltujafnvægi grunnvatnskerfisins þar sem jarðsjávarholur geta verið að vinna talsvert af fersku vatni úr blandlaginu, sérstaklega vestan af Íspóri þar sem blandlagið liggar neðar. Ættu því fiskeldisstöðvar að reyna að ná sem söltustum sjó til að minnka áhrif á blandlagið og þar með ferskvatnslagið þar fyrir ofan. Er því nauðsynlegt að horfa frá þeim almennum viðmiðum um dýpi og götun jarðsjávarhola og horfa frekar til seltuástands grunnvatnskerfisins á hverjum stað og þeirra breytinga sem verða á seltu með tímanum. Sú nálgun hjá öllum fiskeldisfyrirtækjum, hvort sem er núverandi eða framtíðar rekstraraðila, myndi að sama skapi leiða af sér aukna möguleika í ferskvatnstöku á svæðinu til framtíðar litið.

Rennsli ferskvatns til sjávar í nágrenni Þorlákshafnar hefur áður verið metið sem  $0,3$  til  $1 \text{ m}^3/\text{s}$  á hvern kílómeter strandlengjunnar (Vatnaskil, 2018b). Þótt full ástæða sé til að leggja betur mat á slíkar stærðir gefur þetta engu að síður til kynna að ferskvatnið er takmörkuð auðlind og því mikilvægt að útfæra vatnstöku á svæðinu með þeim hætti að ferskvatnsþörf til einhverrar framtíðar á svæðinu verði tryggð. Mikilvægt er því að vakta grunnvatnsástand svæðisins og fylgjast með viðbrögðum kerfisins við aukinni vinnslu.

## 5. Vöktun auðlindarinnar

Vakta þarf auðlindina eftir strandlengjunni samhliða vöktun ofar í landi. Verður þannig þörf á að tryggja vöktun innan lóða fiskeldisfyrirtækja og annarra mögulegra stórnottenda sem kunna að bætast í hópinn í nágrenni Þorlákshafnar. Jafnframt á þetta við svæði utan þessara lóða á völdum svæðum sem ætla megi að geti orðið fyrir áhrifum af aukinni vinnslu. Á þetta sérstaklega við jaðra þess svæðis sem skipulagt hefur verið fyrir lóðir fiskeldisfyrirtækja og ætla má að viðbrögð komi tiltölulega fljótt og ákveðið fram við aukna vinnslu hjá fiskeldisfyrirtækjum. Sér í lagi Hafnarnesið austan og norðan lóðar Íspórs og nágrenni Keflavíkur vestan og norðan vestustu fiskeldislóða. Helstu mælingar sem fram færðu í þessari vöktun eru reglulegar prófílmælingar á rafleiðni (seltu) og síritun vatnsborðs og rafleiðni á völdu dýpi í völdum holum.

Útfæra þarf vöktun innan hverrar lóðar fiskeldisfyrirtækja fyrir sig. Í tilfelli Íspórs má ætla að valin verði hola sem er götuð frá yfirborði niður á botn. Dýpi holunar þarf að vera nægjanlegt þannig að hún nái niður fyrir blandlag og niður í fullsaltan jarðsjó. Mældir verði rafleiðniprófílar með reglulegu millibili í holunni. Jafnframt að mæld verði selta í vinnsluholum samhliða mælingum á flæði. Skoða þyrfti hvort valin verði hentug hola til síritunar vatnsborðs eða hvort vatnsborð verði einfaldlega síritað í vinnsluholum. Endanleg útfærsla vöktunar þarf að taka tillit til hvernig til tekst með boranir og útfærslu vinnslunnar, og ætti jafnframt að taka mið af þeim þáttum er kunna að styðja við rekstur fyrirtækisins.

Mikilvægt er að þekkja sem best þá jarðfræði sem er á svæðinu og er því lagt til að gerðar verði svarfgreiningar við borun nýrra hola. Er þá sérstaklega verið að horfa til þess að skilgreina sem best hálektar jarðlög sem gert er ráð fyrir að séu á svæðinu.

## Heimildaskrá

Vatnaskil, 2018a. **Höfuðborgarsvæði. Árleg endurskoðun rennslislíkans. Framgangur endurskoðunar 2018.** Unnið fyrir Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Desember 2018. Skýrsla 18.11.

Vatnaskil, 2018b. **Greining á grunnvatnsauðlindinni í nágrenni Þorlákshafnar. Líkanrekningar til mats á færslu vatnsbóls sveitarfélagsins og skipulagi vegna uppbyggingar fiskeldis.** Unnið fyrir Sveitarfélagið Ölfus. Desember 2018. Skýrsla 18.09.

Skipulagsstofnun, 2019. **Stækkun eldisstöðvar Ísbórs hf. í Þorlákshöfn. Ákvörðun um matsáætlun.** 9. október 2019.

Efla, 2019. **Laxabraut 11-39. Yfirlitsmynd.** Tillaga að lóðamörkum. Unnið fyrir Sveitarfélagið Ölfus. Maí 2019.

**VIÐAUKI B NIÐURSTÖÐUR STRAUMMÆLINGA OG BOTNSÝNATÖKU**

Eldisstöðin Ísbórl hf.  
Current measurement and sediment sampling



**This page is intentionally left blank**

**Akvaplan-niva AS**

Consulting and research on the environments and aquaculture  
Org.nr: NO 937 375 158 MVA  
Framsenteret  
9296 Tromsø  
Tlf: 77 75 03 00, Fax: 77 75 03 01  
[www.akvaplan.niva.no](http://www.akvaplan.niva.no)

**Customer information**

Title:	Íspór effluent current measurement. 18 meters.		
Report number (s):	61562.01 (12 + attachment)	Locality name:	Íspór
Locality number:	-	Map coordinates:	63°50.033 N 21°23.076 W
Location:	Sveitarfélagið Ölfus, Iceland.		
Contact:	Þórarinn Ólafsson		
Customer:	Eldisstöðin Íspór hf		

**Main results from the current measurements**

Depth (m)	Max speed (cm/s)	Mean speed (cm/s)	Main direction water transport (degrees)	Mean temperature (degrees °C)
18	52,1	14,5	285	9,3

**Information about the report**

Instruments:	27.09.19	25.10.19	Date of report:	
Responsible for field work:	Arnþór Gústavsson	Signature:	<i>Arnþór Gústavsson</i>	
Writer of report:	Stine Hermansen	Signature:	<i>Stine Hermansen</i>	
Quality control	Thomas Heggem	Signature:		



## Table of contents

1 INTRODUCTION .....	2
2 METHOD .....	3
2.1 Deployment and recovery of current instruments .....	3
2.2 Position and depth .....	3
2.3 Rig description.....	4
2.4 Current measurements .....	4
3 RESULTS .....	6
3.1 Current measurements .....	6
3.2 Tidal current .....	6
3.3 Wind generated current .....	7
3.4 Temperature.....	9
3.5 Spring flood and snow and ice melting .....	9
3.6 Data quality .....	9
4 INSTRUMENT DESCRIPTION .....	10
5 BIBLIOGRAPHY .....	11
6 APPENDIX .....	12
6.1 Current measurements .....	12
6.1.1 At 18 meters depth.....	12
6.2 Rig illustration .....	17
7 SEDIMENT .....	18
7.1 Sediment sampling .....	18
7.2 Conclusion for sediment sampling .....	19

# **1 Introduction**

---

Akvaplan-niva AS has on behalf of Eldisstöðin Ísbór hf. performed current measurements at the locality Isthor effluent, Sveitarfélagið Ölfus on Iceland.

## 2 Method

---

### 2.1 Deployment and recovery of current instruments

The instruments were deployed and recovered by personnel from Akvaplan-niva AS.

### 2.2 Position and depth

The depth at the position of the current measurement was 19 meters. Position, measurement depth, total depth are given in Table 1 and the placement in relation to the location is illustrated in *Figure 1*.

*Table 1 Measurement depth, position, total depth, measurement period and –intervall for the current measurements*

<b>Measurement depth</b>	18 meters
<b>Position</b>	N63°50,033 W21°22,997
<b>Position depth</b>	19 meters
<b>Date measurement period</b>	27.09.2019-25.10.2019
<b>Nr. of days</b>	28 days
<b>Date deployment - recovery</b>	27.09.2019-25.10.2019
<b>Data disruptions</b>	No
<b>Measurement interval</b>	10 min
<b>Navigation system</b>	gps
<b>Determination of depth</b>	Olex




Figure 1 Plasement of the current measurement rig in relation to the site Isthor effluent.

## 2.3 Rig description

The instrument was mounted on a deployment rig at 18 meters depth (appendix 6.2).

## 2.4 Current measurements

The position for the measurement is considered representative for the location. Akvaplan-niva AS performed quality control and graphic presentation of data.

In order to distinguish the tide component of the current, a harmonic analysis of the flow was performed. The current speed was first averaged over half an hour to remove noise from the time series before the analysis was performed. The tidal estimate and the variance of tide compared with the variance of the total current is calculated from the period 27.09.2019-25.10.19.

The results from the harmonic analysis were used to reproduce the tidal contribution in the measurement series using a tidal model (Codiga, 2011). The total flow is the mean over  $\frac{1}{2}$ -hour before the variance ellipses are estimated, so the variance of the two components is estimated on the same basis. The variance ellipses show a standard deviation of the variance to a) all the measurements and b) the reproduced tide component. Explained variance is estimated from the correlation ( $r$ ) between total current and tide current, and are calculated from the following formula:

$$\text{Explained variance} = [\text{correlation coefficient}(\text{speed\_tide}, \text{speed\_total})]^2.$$

This gives an estimate of how much of the total variance can be explained by the estimated tide component. It is important to note that these ellipses are not a classic tidal ellipse but a variance

ellipse of the tidal component to the current. Furthermore, the tide is estimated from a model and not actual measurements.

# 3 Results

---

## 3.1 Current measurements

The results from the current measurements at 18 meters depth reveals that the main current direction and mass transport of water are defined to the west (285 degrees), with a small residual current to the east (105 degrees). Average current speed is 14,5 cm/s. 6,6 % of the measurements are > 30 cm/s, 25,2 % of the measurements are > 20 cm/s, 63,0 % of the measurements are > 10 cm/s, 30,5 % of the measurements are between 10 and 3 cm/s, 5,7 % of the measurements are between 3 and 1 cm/s and 0,8 % of the measurements are < 1 cm/s.

Maximum current speed in the measurement period at 18 meters depth was 52,1 cm/s.

## 3.2 Tidal current


The current measurements performed at the locality indicate that the tidal component of the current is moderate in comparison with the residual current. Table 2 show the results from the variance analysis for 18 meters depth. Explained variance is a statistical number of how much of the total variance in the area can be explained from the tidal current.

The numbers in Table 2 are relatively moderate. The estimated tidal current contribution at 18 meters depth can explain 34,1 % in E-W-direction, and 21,1 % in N-S-direction of the variance in the total current.

*Table 2 Explained variance for the tidal component of total variance in the current (percentage)*

Current component dir.	Depth
	18 m
East-West	34,1 %
North-South	21,1 %

The results in Table 2 are reflected in Figure 2, where it can be seen that the ellipse of the tidal water is relatively moderate compared to the variance ellipse of the total current. This indicate that the tidal water contributes to the water flow, but it is not a dominating factor.




*Figure 2. Variance ellipse for total current, tidal current and residual current at 18 meters. The ellipse shows the size of one standard deviation of the variance, both in direction and size. The blue curve shows the variance ellipse of the total flow and the red curve shows the variance ellipse of the tidal component. The black variance ellipse shows the residual current, ie the current that cannot be explained by the tide. The results are estimated from current data from the entire measurement period 27.09.19-25.10.19. The green arrow shows net current direction.*

### 3.3 Wind generated current

Wind generated current will mainly be present at measurements at 5 meters depth or shallower, since the influence of wind declines with increasing depth. It is required to have strong wind from the same direction over a longer period of time to influence currents deeper in the water column. Data from monitoring station Selvogur has been extracted from The Icelandic MET Office, (**Error! Reference source not found.**). The wind rose indicates that the highest wind speed is registered towards the east. Selvogur is situated just west of the location and they are both exposed for winds coming from the east, south and westerly directions.


Selvogur observation station - 2019

Wind rose from representative observational station  
Max windspeed 19.2 m/s - 287 degrees



*Figure 3 Wind rose for registrations at monitoring station Selvogur during the measurement period. The figure illustrates the direction the wind is moving towards. The total length of each sector indicates the number of registrations (%) in the relevant direction. The length of each color segment in each sector shows the distribution of wind speed in the corresponding sector.*

September-October had many periods with wind above 10 m/s. The highest windspeed was measured at the 5<sup>th</sup> of October and was 19,2 m/s from the east, Figure 4.



*Figure 4 Normalized speed and direction for current/wind in the measurement period. The figure has been normalized (smoothed) to increase the readability. Wind and current directions are plotted so that they can be directly compared. Wind and current are going towards the specified directions.*

Even though the measurement was done at 18 meters depth, there can be seen some correlation between high windspeeds and high current velocity, Figure 4. The highest windspeed was measured at the beginning of October and high current velocities was observed at the same time. The correlation is highest in periods where both the current and wind is in the same direction, towards the west-northwest. This indicates that the wind is affecting the current in the area in periods with wind and currents being directed along with the shore.

### **3.4 Temperature**

The temperature curve at 18 meters depth is slightly decreasing through the period. The maximum temperature is observed in the beginning of the period and is 10,1 °C, and the minimum temperature is at the end of the period showing a temperature of 8,0 °C. It can also be observed periods with half diurnal changes, which indicates that the temperature is being influenced by the tidal water.

### **3.5 Spring flood and snow and ice melting**

The measurements was performed in the period September-October, a period where snow and ice melting noramlly don't occur. The river Ölfusá mouth out northeast of the location and in periods with high water transport there might be an increased current away from the area.

### **3.6 Data quality**

The measurement had 144 registrations with too high single ping standard deviation. For each measuring point the current is being measured for 2,5 minutes which is representative for 10-minute period. A high single ping standard deviation means that there is a high peak in current velocity and/or current direction within the averaging period. This might be due to rapid changes in current direction or it might be wrong measurements due to particles in the water mass. Due to the uncertainties in these measurements they have been removed from the dataset. This has a small to negligible effect on the results.

The results are analyzed in an in-house software, AdFontes. The current data are processed so that all data points that are exceeding fixed criteria from the instrument manufacturer together with all data points that are recorded 2 meters from the surface of the water (instrument not deployed) are removed from the data series. Quality control is performed by visual inspection in AdFontes. The removed data are logged and stored at Akvaplan-niva AS.

The presented results are directly from recorded data. There are no reduction of noise or data compression. The tidal currents are filtered with ½-hour interval.

Calibration of instruments are performed in according with recommendations from the manufacturers. History of calibration is stored at Akvaplan-niva AS.

## 4 Instrument description

---

The current measurements were performed by a Seaguard point doppler instrument from Aanderaa. Instrument description is given in Table 3.

*Table 3 Instrument description*

<b>Measurement depth</b>	<b>18 m</b>
<b>Producer</b>	Aanderaa
<b>Model</b>	Seaguard 4420
<b>Measurement technology</b>	Single point doppler
<b>Serial nr.</b>	1451
<b>Accuracy</b>	± 1 %
<b>Resolution</b>	0,5 mm/s
<b>Range</b>	0 – 3 m/s
<b>Mean period duration</b>	2,5 min
<b>Raw measurements pr. aggregated data value</b>	4
<b>Modification</b>	None
<b>Calibration</b>	APN-log
<b>Instrument log</b>	APN-log

## 5 Bibliography

---

**Codiga, D.L.** Unified Tidal Analysis and Prediction Using the UTide Matlab Functions (2011)

**NS 9425-1. 1999.** Oceanography - Part 1: Current measurement at fixed points.

**The Icelandic Meteorological Institute.**

# 6 Appendix

---


## 6.1 Current measurements

### 6.1.1 At 18 meters depth

*Summary Isthør effluent, 18 meters depth*


	Speed (cm/s)	Temperature (°C)
Max	52.1	10.1
Min	0.2	8
Mean	14.5	9.3
% of the measurements > 60 cm/s	0	
% of the measurements > 50 cm/s	0	
% of the measurements > 40 cm/s	0.9	
% of the measurements > 30 cm/s	6.6	
% of the measurements > 20 cm/s	25.2	
% of the measurements > 10 cm/s	63	
% of the measurements < 10 > 3 cm/s	30.5	
% of the measurements < 3 > 1 cm/s	5.7	
% of the measurements < 1 cm/s	0.8	
95-prosentil (95 % of the measurements is lower than this value)	31.8	
Residual current speed	6.1	
Residual current direction	280	
Variance	81.9	0.2
Standard deviation	9	0.5
Stability (Neumanns parameter)	0.42	

Isthør (18m)




Total water transport


### Íspór (18m) - 2019




Maximum speed




Current speed and direction distribution. The total length of each sector illustrates the number of measurements (%) in the respective direction during the measurement period. The length of each color segment in each sector illustrates the relative distribution of measurements with corresponding current speed in each sector.




*Direction vs. time*




*Current speed (time series)*




*Directional histogram*




*Current speed histogram*




*Temperature*



*Estimated tidal current in north/south direction at 18 meters depth. Negative values indicate current towards south. The red graph is for tidal current, blue graph is for residual current.*



*Estimated tidal current in east/west direction at 18 meters depth. Negative values indicate current towards west. The red graph is for tidal current, blue graph is for residual current.*




*Scatter plot for speed vs. direction.*

*Table that presents number of measurements, maximum speed, total water transport and daily water transport in the different sectors.*

Direction	Num. of measurem.(N)	Max speed (cm/s)	Total watertransport (m <sup>3</sup> /(s m <sup>2</sup> ))	Water transport per day (m <sup>3</sup> /(s m <sup>2</sup> ))
352.5 - 7.4	24	14.3	998.1	35.9
7.5 - 22.4	18	11.8	623.6	22.4
22.5 - 37.4	25	13.6	643.8	23.1
37.5 - 52.4	30	9.1	761	27.3
52.5 - 67.4	26	11.3	979.7	35.2
67.5 - 82.4	66	15.1	2542.2	91.4
82.5 - 97.4	218	27.7	14348.6	515.6
97.5 - 112.4	544	32.2	48375.8	1738.5
112.5 - 127.4	263	27.8	18542.7	666.4
127.5 - 142.4	97	15.6	4173.8	150
142.5 - 157.4	60	14.6	2207.8	79.3
157.5 - 172.4	35	8.3	768.1	27.6
172.5 - 187.4	34	11.3	878	31.6
187.5 - 202.4	37	13.6	1095.9	39.4
202.5 - 217.4	34	10.6	1109.6	39.9
217.5 - 232.4	50	14.6	1518.8	54.6
232.5 - 247.4	78	18.8	3247.9	116.7
247.5 - 262.4	103	41.3	5431.4	195.2
262.5 - 277.4	377	47.5	33970.9	1220.8
277.5 - 292.4	933	52.1	114950	4131
292.5 - 307.4	587	42.6	63806.7	2293
307.5 - 322.4	158	31.6	12542	450.7
322.5 - 337.4	50	23.9	2531.7	91
337.5 - 352.4	47	21.4	1896.5	68.2

## 6.2 Rig illustration



# 7 Sediment

## 7.1 Sediment sampling

During field work, when current velocity meter was installed and removed at the outlet of Íspór hatchery, grab samples were collected for analyses of the bottom sediment in the seabed in the area. Field work was carried out on September 27<sup>th</sup> and October 25<sup>th</sup>, 2019. Attempts on sampling were made on 8 predefined sampling stations (Figure 5 andTable 4). At least 2 attempts were made at each station. Van Ween grab ( $0,01\text{ m}^2$ ) was used for sampling. Sampling stations were located 260 – 770 meters from the effluent.




Figure 5. Sampling stations for sediment marked with blue crosses. The outlet from the hatchery is marked with an red cross and the flag indicates the current measurement site.

Table 4. Coordinates for sediment sampling stations and the depth at each sampling station.

	N	W	Depth (m)
ST1	63°50,366	21°23,234	14
ST2	63°50,396	21°23,032	12
ST3	63°50,332	21°23,042	19
ST4	63°50,398	21°23,042	13
ST5	63°50,440	21°22,903	12
ST6	63°50,431	21°23,088	12
ST7	63°50,465	21°23,170	8
ST8	63°50,411	21°23,269	14

For all the sampling stations the bottom type was defined as hard bottom. All grabs came up empty with the exception at station 3 (Figure 6), where the Van Ween grab brought up few pebbles and gravel but no silt. Volume of gravel was estimated to be less than 100 ml. No indications of animals were brought up during sampling and only a small sample of seaweed.



Figure 6. Gravel and pebbles from sampling station 3.

Accordingly, the bottom type is concluded to be a hard bottom and there was no sign of accumulation of organic sediment within studied area. Surrounding shoreline is characterized by rocky beaches with high wave impact and that together with relatively high current in the area is likely to actively disperse organic material from the land-based hatchery.

## 7.2 Conclusion for sediment sampling

There are strong indications that the bottom type is hard bottom/rocky at Íspór outlet. Sampling did not give indications of silt or fine material at any of the sampling stations. Average current in the area is high, 14,5 cm/sec and maximum measured current was 52,1 cm/sec. Maximum current velocity and water transport is in 280° direction. Nearby shoreline is characterized by rocky beaches with high wave impact, together with relatively high current in the area, dispersion of organic material from the land-based hatchery is estimated to be very effective. There were no indications of any organic load in the seabed at any of the sampling stations in this study.

## VIÐAUKI C NIÐURSTÖÐUR ÚTTEKTAR Á LÍFRÍKI FJÖRU OG FUGLALÍFI



# Brimasöm kletta- og hnnullungafjara við Þorlákshöfn

Þorleifur Eiríksson  
Þorgerður Þorleifsdóttir  
Guðmundur Víðir Helgason

Unnið fyrir Íspór hf.

ISSN 2547-6696  
ISBN 978-9935-9372-8-5

RORUM 2019 006

## Lykilsíða

Skýrsla: RORUM 2019 006	Dags.: 30.07.2019	Dreifing: Lokuð tímabundið	Fjöldi síðna: 11
ISSN 2547-6696		ISBN 978-9935-9372-8-5	
Heiti skýrslu: Brimasöm kletta- og hnullungafjara við Þorlákshöfn			
Höfundar: Þorleifur Eiríksson Þorgerður Þorleifsdóttir Guðmundur Víðir Helgason		Verkefnisstjóri: <u>Þórarinn Ólafsson, Ísbór</u>	
Framkvæmd: RORUM			
Unnið fyrir: Íspór hf.			
<p>Útdráttur:</p> <p>Fjaran við seiðaeldisstöð Ísbórs við Þorlákshöfn var skoðuð vegna mats á umhverfisáhrifum framleiðsluaukningar seiðaeldisstöðvarinnar. Fjaran var skoðuð á um eins km kafla með því að lýsa sniðum sem staðsett voru með um það bil 200 m millibili. Fjaran er brimasöm kletta- og hnullungafjara. Samkvæmt vistgerðakortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands flokkast fjaran undir Fl.1 Hrúðurkarlafjörur eða Fl. 2 Brimasamar hnullungafjörur. Mest áberandi þörungar eru marinkjarni, hrossaþari og skúfaþang og klapparþang á köflum. Hrúðurkarlar og klettadoppur eru algengustu hryggleysingjar. Af fuglum var mest af sílamáf og síðan vaðfuglum sem algengir eru í fjörum. Þessi fjörugerð nær frá Hafnarnesi við Þorlákshöfn í um það bil 10 km í vestur að Bjarnavík. Fjaran einkennist af miklu brimi og er því mjög ólíklegt að lífrænt efni nái að safnast upp í fjörunni. Þar sem lífrænt efni frá eldisstöðinni safnast ekki upp verður ekki hægt að finna nein áhrif eldisstöðvarinnar á lífríki fjörunnar. Jafnframt verður ekki hægt að finna áhrif af aukningu eldis í nálægum stöðvum, eða samlegðaráhrif.</p>			
<p>Lykilorð:</p> <p>Brimasöm fjara, brimasöm hnullungafjara, brimasöm klettafjara</p>			

## Efnisyfirlit

<b>Lykilsíða .....</b>	<b>2</b>
<b>Efnisyfirlit .....</b>	<b>3</b>
<b>Útdráttur .....</b>	<b>4</b>
<b>Inngangur .....</b>	<b>4</b>
<b>Aðferðir .....</b>	<b>4</b>
<b>Niðurstöður .....</b>	<b>5</b>
Fjörubeður.....	5
Þörungar.....	7
Hryggleysingjar.....	8
Þurrleindisgróður .....	8
Fuglar.....	9
Selur.....	9
<b>Umræður .....</b>	<b>10</b>
<b>Þakkir .....</b>	<b>10</b>
<b>Heimildir .....</b>	<b>10</b>

## Útdráttur

Fjaran við seiðaeldisstöð Ísbórs við Þorlákshöfn var skoðuð vegna mats á umhverfisáhrifum framleiðsluaukningar seiðaeldisstöðvarinnar. Fjaran var skoðuð á um eins km kafla með því að lýsa sniðum sem staðsett voru með um það bil 200 m millibili. Fjaran er brimasöm kletta- og hnullungafjara. Samkvæmt vistgerðakortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands flokkast fjaran undir Fl.1 Hrúðurkarlafjörur eða Fl. 2 Brimasamar hnullungafjörur. Mest áberandi þörungar eru marinkjarni, hrossaþari og skúfaþang og klapparþang á köflum. Hrúðurkarlar og klettadoppur eru algengustu hryggleysingjar. Af fuglum var mest af sílamáf og síðan vaðfuglum sem algengir eru í fjörum. Þessi fjörugerð nær frá Hafnarnesi við Þorlákshöfn í um það bil 10 km í vestur að Bjarnavík. Fjaran einkennist af miklu brimi og er því mjög ólíklegt að lífrænt efni nái að safnast upp í fjörunni. Þar sem lífrænt efni frá eldisstöðinni safnast ekki upp verður ekki hægt að finna nein áhrif eldisstöðvarinnar á lífríki fjörunnar. Jafnframt verður ekki hægt að finna áhrif af aukningu eldis í nálægum stöðvum, eða samlegðaráhrif.

## Inngangur

Að beiðni verkfræðistofunnar Eflu (Jón Ágúst Jónsson), fyrir hönd Ísbórs, skoðaði RORUM fjöru við fiskeldisstöð Ísbórs vestan við Þorlákshöfn vegna umhverfismats á aukinni framleiðslu (Efla. 2019).

Fjaran er brimasöm kletta- og hnullungafjara (Lewis, J. R. 1964; Agnar Ingólfsson 1975; Agnar Ingólfsson 1990a; Hansen og Agnar Ingólfsson 1993; Agnar Ingólfsson 2006). Samkvæmt vistgerðakortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands flokkast fjaran undir Fl.1 Hrúðurkarlafjörur eða Fl. 2 Brimasamar hnullungafjörur. Eftir EUNIS-flokkun flokkast fjaran sem A1.11 Mussel and/or barnacle communities eða A1.13 Ephemeral algae on boulder shores (Náttúrufræðistofnun Íslands). Þessi fjörugerð nær frá Hafnarnesi við Þorlákshöfn í um það bil 10 km í vestur að Bjarnavík (Landmælingar Íslands).

Kletta- og hnullungafjörur hafa ekki verið mikið rannsakaðar hérlandis, en hafa t.d. verið rannsakaðar við Straumsvík (Agnar Ingólfsson 1990b), Hraunavík austan Straumsvíkur (Agnar Ingólfsson og María Björk Steinarsdóttir 2002), Helguvík (María Björk Steinarsdóttir og Agnar Ingólfsson 2008) og við Álfssnes (Agnar Ingólfsson 1991). Fjörurnar við Straumsvík og Hraunavík eru brimasamar og hluti fjöru við Álfssnes, en ekki jafn brimasamar og fjaran við Þorlákshöfn.

## Aðferðir

Farið var á vettvang á stórstraumsfjöru þann 6. júní 2019. Farið var niður að ströndinni fyrir vestan eldisstöð Ísbórs og gengið með ströndinni framhjá eldisstöðinni og austur fyrir hana (mynd 1).

Gengið var frá þar sem kallast Látur um Langabás, Hafnarberg, um Flesjar að Hafnarnesi og hætt við Hafnarnesvita (Loftmyndir 2019).

Á ströndinni er helluhraun, sem runnið hefur í sjó fram, í nokkrum lögum. Brotið hefur af hrauninu og er kanturinn um 10 – 15 m hárr. Hraunið er beltað dyngjuhraun með helluhraunsfirborði, líklega frá Heiðinni há, eldra en 7000 ára (Ísor 2019).

Merkt var snið á gönguleiðinni á um það bil 200 m fresti mælt með GPS-tæki og fjörusniði lýst (mynd 1). Hæð á klettum og breidd fjöru var mæld með fjarlægðarmæli. Auk voru fuglar og háplöntur skráðar. Á stórum kafla er ófært ofan í fjöruna, en fjörubeðurinn var skoðaður með

kíki af klettabréðuninni. Einstök atriði voru skráð milli sniða. Teknar voru ljósmyndir til skýringar á einstökum athugunum.




Mynd 1. Staðsetning fjörusniða.

## Niðurstöður

### Fjörubeður

Vestast á athugunarsvæðinu eru klettar í sjó fram yfirleitt 10 – 13 m (mynd 2), en fer lækkandi eftir því sem austar dregur. Stærð hnnullungafjörunnar undir klettunum breikkar einnig og hnnullungar minka og austast er hnnullungafjara (mynd 3, 4 og 5). Með óreglulegu millibili eru misstórar berghillur og í mismunandi hæð yfir sjónum, sem vitnar um lagskiptingu hraunsins. Stundum skaga tangar út í sjóinn (mynd 6). Fjörujaðarinn er lítt gróið yfirborð helluhraunsins og hraunreipi áberandi (mynd 7). Nokkrir pollar eru á fjörujaðrinum (mynd 8). Þessi fjörugerð nær 9 km í vestur að Bjarnavík (Landmælingar Íslands).



Mynd 2. Klettar við ströndina



Mynd 3. Kletta- og hnnullungafjara



Mynd 4. Þangfjara nærri Hafnarnesvita



Mynd 5. Hnullungafjara nærri Hafnarnesvita



Mynd 6. Tangar út frá ströndinni



Mynd 7. Helluhraun



Mynd 8. Fjörupollur á Helluhrauni

## Þörungar

Þörungar takmarkast af hörðu undirlagi og mikilli brimasemi (tafla 1).

Tafla 1. Tegundir þörunga í fjörunni.

### Tegund

Marinkjarni	<i>Alaria esculenta</i>
Hrossaþari	<i>Laminaria digitata</i>
Skúfaþang	<i>Fucus distichus</i>
Klapparþang	<i>Fucus spiralis</i>
Klöþang	<i>Ascophyllum nodosum</i>
Fjörugrös	<i>Chondrus crispus</i>
Rauðþörungar (Purpurahimna)	<i>Porphyra spp.</i>
Slafak	<i>Enteromorpha intestinalis</i>
Steinskúfur	<i>Cladophora rupestris</i>
Blaðlaga grænþörungur	<i>Ulva spp.</i>
Brúnt slý	

Á stórgrýti og klöppum neðst í fjörunni er hrossaþari (*Laminaria digitata*) og er blaðkan mjög klofin og marinkjarni (*Alaria esculenta*). Ofar í fjörunni og neðst í klettum er smávaxið skúfaþang (*Fucus distichus*) ríkjandi og efst er stundum klapparþang (*Fucus spiralis*). Rauðþörungar og Grænþörungar vaxa á stórum hnnullungum (tafla 1). Belti af fjörusvertu (*Verrucaria maura*) er í klettunum. Uppá hrauninu, í fjörupollum, vex grænþörungur (*Enteromorpha spp.*) (mynd 9), en einnig skúfaþang. Austast eru hnnullungafjörur mest brimasamar, en á kafla er fjara með þangi.



Mynd 9. Fjörupollur með *Enteromorpha spp.*

## Hryggleysingjar

Smádýralíf er mjög takmarkað (tafla 2).

Tafla 2. Tegundir hryggleysingja í fjöru og fjörujaðri.

### Tegund

Kræklingur	<i>Mytilis edulis</i>
Klettadoppa	<i>Littorina saxatilis</i>
Nákuðungur	<i>Nucella lapillus</i>
Hrúðurkarl	<i>Semibalanus balanoides</i>
Fjöruflær	<i>Gammarus spp</i>

Hrúðurkarlabelti (*Semibalanus balanoides*) er þar sem brim er ekki of mikið (mynd 10), en víða sjást engir hrúðurkarlar. Klettadoppur (*Littorina saxatilis*) eru í sprungum og glufum (mynd 11). Klettadoppur voru líka í fjörupollum (tafla 2). Undir hnnullungum getur myndast skjól fyrir fjöruflær (*Gammarus spp.*) en það var ekki skoðað sérstaklega.



Mynd 10. Hrúðurkallar



Mynd 11. Klettadoppur

## Þurrlendisgróður

Í fjörujaðrinum, bæði á hraunjaðrinum og á malarkambinum efst í fjörunni voru nokkrar tegundir háplantna áberandi og þær eru skráðar í töflu 3 (myndir 12-13). Grastegundir aðrar en sjávarfitjungur og melgresi voru ekki greindar til tegunda.

Tafla 3. Tegundir háplantna áberandi í fjörujaðrinum.

### Tegund

Skarfakál	<i>Cochlearia officinalis</i>
Fjöruarfí	<i>Honckenya peploides</i>
Blálilja	<i>Mertensia maritima</i>
Kattartunga	<i>Plantago maritima</i>
Geldingahnhappur	<i>Armeria maritima</i>
Holurt	<i>Silene uniflora</i>
Ætihvönn	<i>Angelica archangelica</i>

Sjávarfitjungur  
Melgresi

*Puccinellia maritima*  
*Leymus arenarius*



Mynd 12. Fjöruarfí



Mynd 13. Skarfakál

## Fuglar

Fuglar sem sáust á svæðinu eru í töflu 4.

Tafla 4. Fuglategundir sem sáust og fjöldi einstaklinga.

Tegund		Fjöldi
Sílamáfur	<i>Larus fuscus</i>	375
Silfurmáfur	<i>Larus argentatus</i>	4
Hettumáfur	<i>Larus ridibundus</i>	1
Kría	<i>Sterna paradisea</i>	5
Fyll	<i>Fulmaris glacialis</i>	2
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	8
Spói	<i>Numenius phaeopus</i>	1
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	9
Sandlöa	<i>Charadrius hiaticula</i>	3
Sendlingur	<i>Calidris maritima</i>	1
Lóuþræll	<i>Calidris alpina</i>	2
Æðarfugl	<i>Somateria mollissima</i>	21
Hrafn	<i>Corvus corax</i>	7
Stari	<i>Sturnus vulgaris</i>	1

Fuglar sáust bæði í fjörunni á sjónum úti fyrir og við efri fjörugaðar. Ýmist á setstöðum eða í fæðuleit um svæðið. Eitt par, lóuþræll, var við hreiður.

## Selur

Útselur (*Halichoerus grypus*) sást í sjónum framundan fjörunni.

## Umræður

Fjaran á þessum slóðum er greinilega mjög brimasöm. Fjörugerðin er kletta- og hnullungafjara, þar sem hraun gengur í sjó fram með háum kanti eru klappir mjög áberandi undir klettunum, en hnullungafjaran breikkar og verður yfirgnæfandi fjörugerð austast á svæðinu. Þörungaflóran einkennist af tegundum sem þola mikið brim. Smádýralíf er fátæklegt og svo er brimið mikið að hrúðurkarlar hverfa á stórum svæðum.

Fuglalífið einkennist af fuglum í fæðuleit í fjörunni og sjónum úti fyrir. Talsvert af sílamáfi sækir að útfalli seiðaeldis á svæðinu, eins og við er að búast, en ekki sást að þeir væru að taka upp fæðuagnir. Lóuþrælspar sást ofan fjöru og líklega við hreiður.

Háplöntur í fjörugaðrinum voru þær sem búast mátti við í hrjóstrugum fjörugaðri, en mest af svæðinu er þakið helluhrauni og kom helst á óvart að finna hvönn.

**Þessar fjörugerðir:** Brimasamar hnullungafjörur og hrúðukarlafjörur eru algengar allt í kringum landið þar sem fjörur eru fyrir opnu hafi og verndargildi þeirra lágt (Náttúrufræðistofnun Íslands).

Fjaran einkennist af miklu brimi og er því mjög ólíklegt að lífrænt efni nái að safnast upp í fjörunni. Þar sem lífrænt efni frá eldisstöðinni safnast ekki upp verður ekki hægt að finna nein áhrif eldisstöðvarinnar á lífríki fjörunnar. Jafnframt verður ekki hægt að finna áhrif af aukningu eldis í nálægum stöðvum, eða samlegðaráhrif.

## Þakkir

Sigmundur Einarsson aðstoðaði við lýsingu á hraunundirlagi.

## Heimildir

- Agnar Ingólfsson. 1975. Lífríki fjörunnar. Í Votlendi. Rit Landverndar 4: 61-99.
- Agnar Ingólfsson. 1990a. Íslenskar fjörur. Bjallan. Reykjavík.
- Agnar Ingólfsson. 1990b. Rannsóknir á lífríki fjöru umhverfis kerbrotagyfjur í Straumsvík. Líffræðistofnun Háskólans. Fjölrít nr. 27., 51 bls.
- Agnar Ingólfsson. 1991. Athuganir á lífríki fjöru við Álfssnes. Líffræðistofnun háskólans Fjölrít nr. 31.
- Agnar Ingólfsson. 2006. The intertidal seashore of Iceland and its animal communities. The Zoology of Iceland. Volume I, Part 7.
- Agnar Ingólfsson og María Björk Steinarsdóttir. 2002. Rannsóknir á lífríki fjöru í Hraunavík austan Straumsvíkur. Líffræðistofnun háskólans. Fjölrít nr 64.
- Efla. 2019. Stækkun eldisstöðvar Íspórs í Þorlákshöfn. Drög að tillögu að matsáætlun. 7992-001-MAT-001-V03.
- Hansen, John Richard, Agnar Ingólfsson. 1993. Patterns in species composition of rocky shore communities in sub-arctic fjords of eastern Iceland. Marine Biology 117, 469-481.
- Ísor. 2019. Jarðfræðikort af Suðvesturlandi 1:100 000. Ísor.is.
- Landmælingar Íslands. 2019. ornefnasja.lmi.is.
- Lewis, J. R. 1964. The Ecology of Rocky Shores. English Universities Press, London, 1964.
- Loftmyndir. 2019. Map.is

María Björk Steinarsdóttir og Agnar Ingólfsson. 2008. Könnun á lífríki fjöru við væntanlega kerbrotagryfju norðvestan Helguvíkur. Líffræðistofnun háskólans. Fjöldit nr. 77.

Náttúrufræðistofnun Íslands. 2019. ni.is/grodur/vistgerdir/fjara.

## VIÐAUKI D NIÐURSTÖÐUR FORNLEIFAKÖNNUNAR



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Sveitarfélagið Ölfus

Hafnarbergi 1  
815 Þorlákshöfn

4. júlí 2019  
MÍ201907-0023 / 6.09 / U.Æ.

Minjavörður Suðurlands

Bankavegur  
800 Selfoss

(354) 570 13 16  
(354) 898 88 52

www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

### Efni: Íspór við Þorlákshöfn. Stækkan eldisstöðvar

Minjastofnun Íslands barst umsagnarbeiðni vegna fyrirhugaðrar stækkunar eldisstöðvar Íspórs skammt sunnan Þorlákshafnar.

Minjavörður Suðurlands fór á vettvang þann 25. júní 2019 og tók út áætlað framkvæmdasvæði. Skemmst er frá því að segja að engar fornleifar fundust á vettvangi og gerir minjavörður því ekki athugasemdir við skipulagið.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,

Úggi Ævarsson  
Minjavörður


Afrit sent: Skipulagsstofnun  
@: [sigurdur@olfus.is](mailto:sigurdur@olfus.is); [jon.agust.jonsson@efla.is](mailto:jon.agust.jonsson@efla.is)

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvæðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnssýslustigi og ekki keranlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slískur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

**VIÐAUKI E TEIKNINGAR AF FISKIGILDRU Í FRÁRENNSLI FRÁ ELDISSTÖÐ  
ÍSPÓRS**

Sérmynd 1, rammi án teina

1:10




SNIÐ A

1:10



Borað gat, Ø 20mm eða  
ásoðið auga til hifingar




SNIÐ B

1:10




SNIÐ C

1:10




Sérmynd 2, ásoðinn vinkill

1:1



Sérmynd 3, teinar og flatjárn

1:1



SKÝRINGAR:

ÖLL VINNA SKAL VERA Í SAMRÆMI VID TEIKNINGAR, KRÓFUR BYGGINGARREGLUGERDAR OG VIDEIGANDI STADLA.

SANNREYNA SKAL ÖLL MÁL OG ADSTÆDUR Á VERKSTAD

ÁÐUR EN VINNA HEFST.

STEYPA C30

STEYPUHULA Á BENDINGU 50 mm

STÁL MERKT K ER KAMBSTÁL OG SKAL VERA B500NC SAMKVÆMT ÍST NS 3576-3:2005

K189(257) TÁKNAR BENDIMOTTUR MED As=189(257)

K10c150 TÁKNAR 10mm KAMBSTÁL MED 150mm BIL MILLI JÁRNA

EFNI Í RIST OG INNSTEYPTUM RAMMA SKAL VERA RYÐFRÍTT STÁL, EN 1.4404/AISI 316 EDA SAMBÆRILEGT.

ALLAR SUDUR SKULU VERA 5mm.

NR.	DAGS.	BREYTING.	AF
1		—	—
2		—	—
3		—	—
4		—	—
5		—	—

Eldisstöðin Íspór ehf  
Nesbraut 25  
815, Þorlákshöfn

Fiskigildra í frárennslu

Rist í fiskigildru

Grunnmynd, snið og sérmyndir

SIGURDUR ÁSGRIMSSON KT: 161161-2929 MTFI







Lýðveldið Íslensk

TÆKNIÞJÓNUSTA SÁ ehf  
HAFNARGATA 60  
230 KEFLAVÍK  
S. 421-5105  
sigurdur@t-sa.is

hannað JP-G teiknað JP-G

yfirfarði SÁ dags 27.06.2018

mkv. A1 - 1:10 nr. 1025-101









**SKÝRINGAR:**  
 ÖLL VINNA SKAL VERA Í SAMRÆMI VIÐ TEIKNINGAR, KRÖFUR BYGGINGARREGLUGERÐAR OG VÍDEIGANDI STÁDLA.  
 SANNREYNA SKAL ÖLL MÁL OG ABSTÆÐUR Á VERKSTAD  
 ÁÐUR EN VINNA HEFST.  
 STEYPA C30  
 STEYPUHULA Á BENDINGU 50 mm  
 STÁL MERKT K ER KAMBSTÁL OG SKAL VERA B500NC SAMKVÆMT  
 ÍST NS 3576-3:2005  
 K189(257) TÁKNAR BENDIMOTTUR MED As=189(257)  
 K10c150 TÁKNAR 10mm KAMBSTÁL MED 150mm BIL MILLI JÁRNA  
 EFNI Í RIST OG INNSTEYPTUM RAMMA SKAL VERA RYÐFRÍTT STÁL,  
 EN 1.4404/AISI 316 EDA SAMBÆRILEGT.  
 ALLAR SUDUR SKULU VERA 5mm.

NR.	DAGS.	BREYTING.	AF
1	—	—	—
2	—	—	—
3	—	—	—
4	—	—	—
5	—	—	—

Eldisstöðin Íspór ehf  
 Nesbraut 25  
 815, Þorlákshöfn  
 Fiskigildra í frárennslí  
 Innsteypur stárlammi  
 Grunnmynd og snið  
 SIGURDUR ÁSGRIMSSON KT: 161161-2929 MTFI  
 mkv.  
 A1 - 1:20

TÆKNIPJÓNUSTA SÁ ehf  
 HAFNARGATA 60  
 230 KEFLAVÍK  
 S. 421-5105  
 sigdur@tsa.is  
 hannað JP-G teiknað JP-G  
 yfirfarði SÁ dags 27.06.2018  
 mkv. nr. 1025-102



NR.	DAGS.	BREYTING.	AF
1	—	—	—
2	—	—	—
3	—	—	—
4	—	—	—
5	—	—	—

SKÝRINGAR:  
 ÖLL VINNA SKAL VERA Í SAMRÆMI VIÐ TEIKNINGAR, KRÖFUR BYGGINGARREGLUGERDAR OG VIDEIGANDI STADLA.  
 SANNREYNA SKAL ÖLL MÁL OG ABSTÆÐUR Á VERKSTAD  
 ÁÐUR EN VINNA HEFST.  
 STEYPA C30  
 STEYPUHULA Á BENDINGU 50 mm  
 STÁL MERKT K ER KAMBSTÁL OG SKAL VERA B500NC SAMKVÆMT  
 ÍST NS 3576-3:2005  
 K189(257) TÁKNAR BENDIMOTTUR MED As=189(257)  
 K10c150 TÁKNAR 10mm KAMBSTÁL MED 150mm BIL MILLI JÁRNA  
 EFNI Í RIST OG INNSTEYPTUM RAMMA SKAL VERA RYÐFRITT STÁL,  
 EN 1.4404/AISI 316 EDA SAMBÆRILEGT.  
 ALLAR SUDUR SKULU VERA 5mm.

Eldisstöðin Íspór ehf Nesbraut 25 815, Þorlákshöfn	TÆKNIPJÓNUSTA SÁ ehf HAFNARGATA 60 230 KEFLAVÍK S. 421-5105 sigurdur@t-sa.is
Fiskigildra í frárennslí	Steypt undirstaða
Grunnmynd og sníð	Grunnmynd og sníð
SIGURÐUR ÁSGRIMSSON KT: 161161-2929 MTFI	Steypt undirstaða
yfirfarari SÁ	dags 27.06.2018
mkv. A1 - 1:20	nr. 1025-103

**VIÐAUKI F      UMSAGNIR OG ATHUGASEMDIR VIÐ FRUMMATSSKÝRSLU  
FYRIR STÆKKUN ELDISSTÖÐVAR ÍSÞÓRS**



Skipulagsstofnun  
Jón Þórir Þorvaldsson  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 26. maí 2020  
Tilv. 2020-04-08-0601

Efni: Varðar frummatsskýrslu vegna áfromaðrar stækkunar eldisstöðvar Íspórs í Þorlákshöfn

Í brefi dagsettu 2. apríl s.l. leitaði Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi frummatsskýrslu vegna áfromaðrar stækkunar eldisstöðvar Íspórs í Þorlákshöfn.

Ekki eru þekktir veiðihagsmunir fyrir lax- eða silungsveiði nærrí stöðinni.

Í frummatsskýrslu er vel greint frá þeim búnaði sem nýtast mun til að minnka líkurnar á því að fiskar geti sloppið frá stöðinni. Jafnframt kemur fram að gerð hafi verið athugun á lífríki fjörunnar og er grunnástandi fjörunnar lýst í skýrslunni. Metin verða þau áhrif sem kunna að verða af starfseminni á lífríki fjörunnar. Einnig verði metin hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á villta laxastofna.

Í kafla 5.3.1.3 er vísað til þeirra laga sem liggja til grundvallar mati á áhrifum framkvæmdarinnar á lífríki viðtakans. Fiskistofa bendir á að rétt er að taka einnig mið af lögum um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006, með síðari breytingum.

Fiskistofa telur að í frummatsskýrslunni sé fjallað á fullnægjandi hátt um þá þætti sem snúa að lax- og silungsveiðihagsmunum og telur ekki þörf á frekari athugunum vegna fyrirhugaðrar stækkunar eldisstöðvar Íspórs í Þorlákshöfn.

Virðingarfyllst,  
Fiskistofa

  
Guðni Magnús Eiríksson

Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs

Skipulagsstofnun  
Jón Þórir Þorvaldsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík



Reykjavík, 05.05.2020  
Tilvísun: 202003008/5.3  
MFRI: 2020-04-0119

### Efni: Stækkun eldisstöðvar Íspórs í Þorlákshöfn – beiðni um umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 2. apríl 2020, þar sem óskað er eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna frummatsskýrslu um stækkun eldisstöðvar Íspórs í Þorlákshöfn. Núverandi framleiðsluleyfi Íspórs er 600 tonn af seiðum til áframeldis á ári. Fyrirhuguð stækkuhljóðar upp á 1.800 tonna ársframleiðslu laxa og regnbogasilungsseiða.

Í umsögn skal Hafrannsóknastofnun gera grein fyrir því hvort gerð sé á fullnægjandi hátt grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd og umhverfí, umhverfisáhrifum og mati framkvæmdaraðila á þeim, hvort þörf sé á að kanna tiltekin atriði frekar ásamt mótvægisáðgerðum og vöktun.

Hafrannsóknastofnun hefur farið yfir erindið og telur að neikvæð áhrif framkvæmdarinnar á vistfræði umhverfisins séu hverfandi og áréttar mikilvægi þess að fiskur sleppi ekki úr stöðinni. Bent er á mikilvægi þess að leggja mat á samlegðaráhrif (framtíðaráform) allra eldisstöðva sem munu losa úrgang í sama viðtakann. Gerð er krafa um að vatnshlot nái góðu eða mjög góðu ástandi skv. lögum um stjórn vatnamála (lög nr. 36/2011). Náist það markmið ekki t.d. vegna úrgangslosunar þarf að gera úrbætur sem geta reynst erfiðar og kostnaðarsamar.

F.h. Hafrannsóknastofnunar

Rakel Guðmundsdóttir  
Rakel Guðmundsdóttir



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

**Skipulagsstofnun  
Jón Þórir Þorvaldsson  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík**

Sent á: jon@skipulag.is  
og jakob@skipulag.is

Selfossi, 6. maí 2020  
1907097HS SG

### **Efni: Ísbór í Þorlákshöfn, stækkun - Umsögn um frummatsskýrslu**

Þann 15. apríl sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bréf Skipulagsstofnunar, dags. 2. apríl, þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna fyrirhugaðar stækkunar eldisstöðvar Ísbórs í Þorlákshöfn, Sveitarfélagit Ölfusi.

Um er að ræða stækkun á seiðaeldisstöð sem hefur verið í rekstri meira og minna allt frá árinu 1985, um tíma sem lúðueldi, en frá árinu 2010 hefur eingöngu verið seiðaeldi á laxfiskum, þ.e. laxi og regnbogasilungi. Hefur framleiðslan verið um 3 milljónir laxaseiða á ári. Núverandi starfs- og rekstrarleyfi hljóðar upp á 600 tonna framleiðslu á regnbogasilungs – og laxseiðum. Stöðin er svokölluð gegnumrennslisstöð strandeldisstöð sem reiðir sig á borholuvatn., bæði ferskvatn og jarðsjó. Heitt vatn er keypt af Veitum ohf. En önnur vatnstaka fyrir framleiðsluna fer framá svæðinu. Áform eru um að stækka stöðina upp í 1800 tonna ársframleiðslu á laxfiskaseiðum (til áframeldis í sjókvíum). Að framkvæmdum loknum verður heildar eldisrymi um 51.360 m<sup>3</sup>, þar af 46.360 m<sup>3</sup> utandyra og 5.000 m<sup>3</sup> undir þaki. Heildarvatnspörf í kjölfar framkvæmda hefur verið áætluð allt að 6.500 l/s af jarðsjó, 700 l/s af fersku vatni og 15 l/s af heitu vatni. Gert er ráð fyrir að öll vatnstaka á fersku vatni og jarðsjó fari fram innan lóðar fyrirtækisins en að heitt vatn verði aðkeypt. Þegar stöðin verður komin í fullan rekstur má gera ráð fyrir að árleg fóðurnotkun nemi um 1.800 tonnum. Í skýrslunni kemur fram að aukning á notkun á heitu vatni þurfi að fara í gegnum viðræður við Veitur ohf. Eldisstöðin Ísbór getur aldrei einhliða krafist þess að hafa aðgang að auknu magni af heitu vatni frá Veitum.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir, en bendir á að afhending á heitu vatni geti verið takmarkandi þáttur í stækkuninni. Embættið telur að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og mótvægiságerðum og vöktun. Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif



framkvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni hennar séu hverfandi/óveruleg og mögulegt að milda þau með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis og mannvirkja að framkvæmdum loknum.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir starfsleyfi vegna ýmissa verkþátta á meðan á framkvæmdum stendur, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, s.s. efnisnámi, landmótun og verktakaaðstöðu, auk starfsmannabúða skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Sigrún Guðmundsdóttir  
framkvæmdastjóri

Jón Þórir Þorvaldsson  
Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Selfossi, 8. maí 2020  
Tilvísun: 2004267

## Efni: Umsögn Matvælastofnunar um stækkan eldisstöðvar Íspórs í Þorlákshöfn, Sveitarfélaginu Ölfusi

Vísað er í beiðni Skipulagsstofnunar um umsögn, dagsett 2. apríl 2020, vegna 1.800 tonna framleiðslu eldisstöðvarinnar Íspórs á laxaseiðum í Þorlákshöfn, Sveitarfélaginu Ölfusi. Eldisstöðin Íspór er með rekstrarleyfi FE-1112 í gildi fyrir framleiðslu á 600 tonnum af regnbogasilungs- og laxaseiðum að Nesbraut 25 í Þorlákshöfn.

Matvælastofnun gefur út rekstrarleyfi í samræmi við lög um fiskeldi, nr. 71/2008, og reglugerð um fiskeldi, nr. 1170/2015, auk þess sem stofnunin hefur eftirlit með fisksjúkdómum og forvörnum gegn þeim, í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Matvælastofnun vekur athygli á því að í kafla 3.5 vantar upplýsingar um að sækja þurfi um skráningu á vinnslu og/eða geymslu á aukaafurðum dýra í þjónustugátt stofnunarinnar á [www.mast.is](http://www.mast.is) (umsókn 1.07). En í umsögn stofnunarinnar vegna tillögu að matsskýrslu þessarar framkvæmdar var þessari athugasemd einnig komið á framfæri.

Að öðru leyti gerir Matvælastofnun ekki athugasemdir er varða þætti er snúa að fisksjúkdómum og forvörnum gegn þeim og slysasleppingum.

Virðingarfyllst,  
f.h. Matvælastofnunar

*Erna Karen Óskarsdóttir*  
Erna Karen Óskarsdóttir  
Fagsviðsstjóri fiskeldis



Skipulagsstofnun

Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. apríl 2020  
Tilv.:1907871 / HZ

**Efni: Skipulagsmál - Umsagnarbeiðni vegna stækkunar eldisstöðvar Íspórs í  
Þorlákshöfn**

Með bréfi dagsettu þann 2. apríl s.l. óskaði Skipulagsstofnun umsagnar Samgöngustofu um mat á umhverfisáhrifum framangreindrar framkvæmdar.

Samgöngustofa hefur ekki sérstakar athugasemdir við framangreint og þarfnað framkvæmdin ekki sérstaks leyfis stofnunarinnar.

Í ljósi aðstæðna er bréf þetta sent óundirritað sem viðhengi við tölvupóst. Sé sérstaklega óskað undirritunar verður við því orðið.

Virðingarfallst

Halldór Ó. Zoëga

Skipulagsstofnun

Borgartún 7b  
105 Reykjavík



ÖLFUS

Þorlákshöfn, 8. maí 2020  
Málsnúmer: 2003006

Hafnarberg 1  
815 Þorlákshöfn, Iceland  
+354 480 3800  
[olhus.is](http://olhus.is)

## Umsögn Sveitarfélagsins Ölfus um stækkun eldisstöðvar Ísbórs í Þorlákshöfn

Sveitarfélagini Ölfus hefur borist erindi þar sem Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn vegna áforma Ísbórs ehf. um að stækka landeldisstöð sína vestan Þorlákshafnar. Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Sveitarfélagið Ölfus telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum og mati framkvæmdaraðila á þeim. Þörfina á að kynna tiltekin atriði frekar, mótvægisadgerðum og vöktun.

Einnig, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila.

Skipulags- og umhverfisnefnd telur að nægjanlega sér gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisadgerðum og vöktun og leggur til við sveitarstjórn að hún taki undir álit nefndarinnar.

Nefndin telur að umfang framkvæmda og tilgreindar mótvægisadgerðir séu þess eðlis að umhverfisáhrif verði óveruleg sé þeim fylgt eftir. Í dag er starfandi samskonar starfsemi á nokkrum stöðum í sveitarfélagini með litlum umhverfisáhrifum og fiskeldi á landi, með tilheyrandi hreinsun á frárennsli og lítilli sleppihættu, er mun umhverfisvænna en fiskeldi í opnum sjókvíum. Að því sögðu vill nefndin leggja áherslu á eftirfarandi þætti:

- Verið er að vinna deiliskipulag varðandi lóð framkvæmdaraðila við Nesbraut 23-27.
- Mikilvægt er að hreinsisíur í frárennsli sem framkvæmdaraðili lýsir í frummatsskýrslu virki sem skyldi og að eftirlit sé haft með virkni, m.a. með sýnatöku í frárennsli.
- Frárennsli stöðvarinnar er stutt frá ósum Ölfusár og þar fara um þúsundir laxfiska (lax, sjóbirtingur, sjóbleikja) á hverju ári. Því er mikilvægt að ristar og sleppigildrur séu ávallt í lagi til að koma í veg fyrir blöndun eldisfiska við villta fiska. Ristar/sleppigildrur skulu vera við hvert ker sem og í sameiginlegu frárennsli stöðvarinnar.
- Lífrænan úrgang frá stöðinni (dauð seiði, fóðurafgangar, seyra úr tromlusíu o.s.frv.) skal ekki geyma undir beru lofti heldur ávallt í lokuðum gámum/ílátum.
- Hvatt er til snyrtimennsku og góðrar umgengni á lóð framkvæmdaðila.
- Mikilvægt er að aukin vatnstaka á svæðinu hafi ekki áhrif á aðra nærliggjandi vatnstöku.

Rekstur fiskeldisstöðvarinnar er háður starfsleyfi og er það mat sveitarfélagsins að á þáttum sem snúa að mótvægisadgerðum og vöktun (t.d. sýnataka og meðhöndlun lífræns úrgangs) verði tekið við veitingu starfsleyfisins og í skilmálum þess eftir því sem þörf krefur. Slíkt hið sama á við um nýtingarleyfi Orkustofnunar vegna aukinnar vatnstöku.

Skipulagsvald er í höndum Sveitarfélagsins Ölfuss sem einnig er leyfisveitandi vegna útgáfu á framkvæmda- og byggingarleyfi vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Virðingarfallst,

---

Gunnlaugur Jónasson,  
Skipulagsfulltrúi Ölfuss

Skipulagsstofnun  
b/t Jón Þórir Þorvaldsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 15. maí 2020  
UST202004-097/R.K.  
08.12.00

## **Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Frummatsskýrsla - Stækkan fiskeldisstöðvar Íspórs í Þorlákshöfn**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem var móttekið þann 14. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um frummatsskýrslu ofangreindrar framkvæmdar.

### **Framkvæmdarlysing**

Fyrirtækið Eldisstöðin Íspór hf. áformar að stækka eldisstöð sína í Þorlákshöfn úr 600 tonn/ári í 1.800 tonna ársframleiðslu á laxfiskaseiðum (lax eða regnbogasilungur). Í stöðinni fer fram klak og eldi á start- og smáseiðum í ferskvatni auk eldis á smoltuðum seiðum í saltvatni (jarðsjó). Eftir stækkan mun starfsemin á lóðinni taka rúmlega 67.000 m<sup>2</sup>. Efnistaka er áætluð 3.000 m<sup>3</sup> sandur sem tekinn verður úr námu í landi Hrauns í Ölfusi (bls. 29). Unnið er að deiliskipulagi fyrir lóðina skv. skýrslu (bls. 33). Umhverfisstonfun telur að skýra maetti betur frá því í matsskýrslu hvar í deiliskipulagsferli lóðin er í dag.

Fjallað er um 1. áfanga stækkunar en sú framleiðsluaukning rúmast innan gildandi leyfa. Seinni áfangi kallar á aukna umfangsheimild í nýju starfsleyfi. Umhverfisstofnun hefur, dags. 8. maí 2020, móttekið umsókn um starfsleyfi frá rekstraraðila. Umhverfisstofnun minnir á að útgáfa starfsleyfa tekur allt að 240 daga frá móttöku fullnægjandi umsóknar. Hægt er að sækja um að vinna umhverfismat samhliða starfsleyfisgerð en starfsleyfistillaga verður ekki auglýst fyrr en álit Skipulagsstofnunar liggar fyrir þar sem mengunarvarnaákvæði starfsleyfis byggja á mati á umhverfisáhrifum.

Eldisstöðin Íspór hf. (hér eftir rekstraraðili) er í eigu fiskeldisfyrirtækjanna Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða en stöðin framleiðir seiði laxfiska (lax eða regnboga) til áframeldis í sjókvíum.

Seiðin eru alin frá klaki í 70 g til 500 g stærð þar til þau eru flutt með brunnbátum til útsetningar í sjókvíar. Fram kemur í frummatsskýrslu að: „*Meðalþyngd seiða mun fara lækkandi á næstu árum þar sem jákvæð reynsla er komin á útsetningu seiða seinna á haustin*“ og hefur það áhrif á útsettan lífmassa í stöðinni (bls. 17). Umhverfisstofnun veltir því fyrir sér hvort hér hafi rekstraraðili átt við að meðalþyngd seiða muni fara hækkandi á næstu árum í stað lækkandi. Stefna fiskeldisfyrirtækja á síðustu árum hefur verið að haga útsetningu stærri seiða seinna á haustin. Ef framangreint var ekki villa telur

Umhverfisstofnun að í frummatsskýrslu ætti að útskýra betur hvernig útsetning seinna á haustin valdi lækkandi meðalþyngd seiða á næstu árum.

### Mat á umhverfisáhrifum vægiseinkunn áhrifa

Áhrif framkvæmdar á margra umhverfisþætti eru metin sem óverulega *neikvæð* í frummatsskýrslu. Ekki er að finna þessa vægiseinkunn í leiðbeiningarriti Skipulagsstofnunar<sup>1</sup> en þar segir jafnframt „*Peir aðilar sem sem koma að matinu hafa eftir sem áður frjálsar hendur til að nota önnur vægishugtök með tilheyrandi rökstuðningi*“ (bls. 18). Í frummatsskýrslu skilgreinir rekstraraðili sína flokkun áhrifa og hefur þar með vægiseinkunina *nokkuð neikvæð* og óverulega *neikvæð* áhrif (bls. 37). Að mati Umhverfisstofnunar er betra ef nýttar eru gefnar skilgreiningar Skipulagsstofnunar á áhrifum til að auðvelda samanburð á áhrifum á milli framkvæmda.

Umhverfisstofnun tekur afstöðu til umhverfisþáttanna; grunnvatn, vatnsgæði viðtaka, lífriki viðtaka, fuglar og ásýnd. Það að auki er fjallað sérstaklega um hreinsun eldisvatn, losun næringarefna og meðhöndlun úrgangs.

### Grunnvatn og heildarvatnstaka

Í stækkaðri eldisstöð, með 1.800 tonna ársframleiðslu, er áætlað að nota 700 l/s af fersku vatni, 15 l/s af heitu vatni og 6.500 l/s af jarðsjó við seiðaeldið. Þar með er heildarvatnsþörf í kjölfar stækkunar áætluð allt að 7.215 l/s sem gera  $7,2 \text{ m}^3/\text{s}$ . Gert er ráð fyrir að öll vatnstaka á fersku vatni og jarðsjó fari fram innan lóðar fyrirtækisins en að heitt vatn verði aðkeypt.

Enn fremur kemur fram í viðauka A að niðurstöður Vatnaskila gefi til kynna mikilvægi þess, til framtíðar litið, að taka tillit til heildarvinnslu fiskeldisfyrirtækja og annarra stórnottenda á svæðinu sem og vinnslufyrirkomulags þeirra eins og staðsetningu hola, dýpi og götun þeirra. Bendir þetta til þess að þörf sé á frekari greiningu sammögnunaráhrifa hvað varðar vatnstöku. Í matinu eru áhrif á grunnvatn metin nokkuð neikvæð. Í frummatsskýrslu kemur fram að með vöktun á grunnvatni verður unnt að grípa til mótvægisáðgerða ef þörf krefur. Umhverfisstofnun tekur undir það sem fram kemur í alíti Vatnaskila um að mikilvægt sé því að vakta grunnvatnsástand svæðisins og fylgjast með viðbrögðum kerfisins við aukinni vinnslu. Stofnunin telur mikilvægt að vatnsvinnsla sé vöktuð á þann hátt að ekki sé gengið um of á linsu ferskvatns á svæðinu, þ.e. sjálfbær vatnsnýting.

Umhverfisstofnun Stofnunin tekur fram að málefni vatnstöku heyrir undir málefni Orkustofnunar og er grunnvatnstaka yfir 70 l/sek háð leyfi stofnunarinnar skv. lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

### Hreinsun eldisvatns og losun næringarefna

Í 2. málsgrein kafla 3.4.5 frummatsskýrslu er fjallað um hreinsun fráveitu frá stöðinni. Þar er vísað í kröfur um hreinsun í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Þar segir að rekstraraðili telur hreinsun skólps samræmast ákvæðum 7. gr. reglugerðarinnar (bls. 26). Umhverfisstofnun bendir á að fiskeldi á landi fellur undir fiskiðnað í III. viðauka í reglugerðinni. Í 1. mrg. 25. gr. reglugerðarinnar segir: „*Iðnaðarstarfsemi samkvæmt III. viðauka sem losar skólp sem ekki er leitt í fráveitu fyrir þéttbylli og inniheldur lífræn efni sem brotna auðveldlega niður í umhverfinu er háð ákvæðum um hreinsibúnað í*

<sup>1</sup> Skipulagsstofnun, 2005. *Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþáttta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa*. bls 19.

*starfsleyfi. Hreinsibúnaður skal vera í samræmi við leiðbeiningar [Umhverfisstofnunar]“.* Þar með eru það kröfur um hreinsibúnað í starfsleyfum sem gilda við slíka starfsemi að mati Umhverfisstofnunar.

Í frummattskýrslu kemur fram að fóðurstuðull stöðvarinnar er áætlaður 1 þar sem gert er ráð fyrir að árleg fóðurnotkun nemi um 1.800 tonnum sem er jafnt á við áætlaða framleiðslu seiða á ári. Þá er fjallað um „hámarkslífmassa framleiðslu“ upp á 1.800 tonn (bls. 27) en Umhverfisstofnun tekur fram að „framleiðsla á ári“ og „hámarkslífmassi í stöð á hverjum tíma“ er ekki endilega sá sami ef seiði eru flutt úr stöðinni oftar en einu sinni á ári (lotuframleiðsla). Sjá má í töflu 2-1 að áætlaður lífmassi í stöðinni árið 2020 er 540 tonn og árið 2021 er 740 tonn. Umhverfisstofnun telur að í matsskýrslu ætti að skýra betur í töflu 2-1 hver verði hámarkslífmassi í stöðinni á hverjum tíma og hvenær sé ráðgert að stöðin verði komin í full afköst. Því má, að mati stofnunarinnar, einnig sýna betur áætlað lotueldi á ársgrundvelli þar sem losun lífrænna efna í frárennsli endurspeglast best í standandi lífmassa seiða í fóðrun í stöðinni. Umhverfisstofnun telur því að koma ætti fram í matsskýrslu framkvæmmdar hvað sé áformað að hafa mikinn lífmassa í stöðinni á hverjum tíma auk þess hversu mörg tonn af seiðum verði framleidd árlega.

Sagt er frá því í frummattskýrslu að fosfór hefur verið mældur reglulega síðustu árin og og stundum köfnunarefni en tafla 3-5 sýnir þær niðurstöður mælinga í fráveituvatni frá eldisstöð Íspórs árin 2016 - 2019. Stofnunin telur að þar sem losunin er út í fjörükamb en ekki út fyrir stórstraumsfjörumörk er mikilvægt að losun næringarefna í viðtakann sé ekki mikil. Umhverfisstofnun bendir á að þeir útreikningar á losun næringarefna (kg P/framleitt tonn) sem fram koma í frummattskýrslu eru ekki í samræmi við þær reikniformúlur og forsendur sem stofnunin notar til að meta losun við gerð losunarmarka í starfsleyfum. Miðað við útreikninga stofnunarinnar þá er losun fosfórs á hvert framleitt tonn í frummattskýrslu vanáætlað. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um þessar reikniaðferðir hjá stofnuninni ef rekstraraðili kýs.

Umhverfisstofnun kallar eftir því að sett sé fram skýrt í matsskýrslu hvert sé áætluð losun fosfórs (P) og köfnunarefnis (N) í frárennsli eftir hreinsun í stækkaðri eldisstöð, þ.e. hver sé magn fosfórs og niturs (uppleyst og fast efni) í frárennsli frá stöðinni sem má gera ráð fyrir að sé losað í viðtakann. Umhverfisstofnun kallar eftir að reikniformúlur hlutfallsútreikninga næringarefnalosunar fylgi í matsskýrslu.

Megnið af öllu fersku vatni sem notað er í eldisferlinu er hreinsað og endurnýtt með tromlusíum, lofturum o.fl (bls. 17) og áformað er að auka hreinsun og endurnýtingu á öllu fersku vatni (bls. 18). Ferskvatnið sem fer í gegnum klakskápa og startkör er ekkert endurnýtt en það er hins vegar UV filterað (bls. 26). Í töflu 3-4 má sjá að heildarendurnýting vatns í stöðinni er áætluð 56% eða 440 endurnýttir lítrar á móti 790 lítrum í heild (bls. 27). Þá er gert ráð fyrir að hlutfall endurnýtingar vatnsins á milli kerja fari vel upp fyrir 60% þegar tekin verða í notkun vatnshreinsihús fyrir C-sal/hús (bls 27) en framtíðar smáseiðahús munu hafa RAS kerfi sem endurnýtir 99,9% vatns. Fram kemur að ekki liggi fyrir nákvæm hönnun á þeirri RAS smáseiðastöð sem fyrirhugað er að reisa. Eins og staðan er í dag þá fer allur jarðsjór óhreinsaður til sjávar skv. skýrslu. Ekki er stefnt á að hreinsa jarðsjó enn frekar og verður miklu magni af jarðsjós dælt í gegnum eldiskerin skv. skýrslu (bls. 27).

Umhverfisstofnun bendir á að á bls. 26 í frummattskýrslu er tekið fram að í stöðinni sé aðeins áætlað að grófhreinsa eldisvatnið með 1,5-15mm ristum. Þar með fer ekki saman upplýsingar um áætlaða hreinsun á bls. 26 og 27. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að í

matsskýrslu komi skýrt fram hver sé áætluð hreinsun frárennslis frá stækkaðri eldisstöð og hvenær sú uppsetning hreinsibúnaðar verði klár svo hægt sé að áætla hver verði losun næringarefna í viðtakann frá stöðinni eftir stækkun.

### Vatnsgæði viðtaka

Frá eldisstöðinni er frárennslið losað út í fjöruborðið um tvær fráveiturásir við Flesjar í Þorlákshöfn. Frárennslið rennur meira og minna opið til sjávar skv. skýrslunni (bls. 26) og eru ekki áform um að breyta útrásinni við stækkunina.

Fram kemur að rekstraraðili gerir ráð fyrir að sækja um undanþágu frá gr. 9.2 í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp þar sem það þykir ómögulegt vegna sjógangs á svæðinu að uppfylla ákvæði um að veita skólpi 5 m niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 m út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Umhverfisstofnun tekur fram að hér er ekki um að ræða umsögn stofnunarinnar um undanþágu til annarra leiða við útsetningu útrásar, enda liggi ekki fyrir nægilegar upplýsingar í frummatsskýrslu um það hvernig útrásinni skuli hagað. Fjallað er um að: „*Sumarið 2019 var brugðið á það ráð að steypa niður mikið mannvirki á klöppina, svokallaðan „hamarhaus“ og verja með stórgrytti. Ef þessi útfærsla gefur góða raun má búast við að farið verði í sambærilegar aðgerðir við gamla frárennslið*“ (bls. 26). Stofnunin gerir ráð fyrir að umsögn stofnunarinnar verði veitt þegar fullnægjandi upplýsingar berast með umsagnarbeiðni frá heilbrigðisnefnd.

Umhverfisstofnun tekur fram að eldisstarfsemi að þeirri stærðargráðu sem fjallað er um hér krefst mikils vatns og er flæði frárennslis því umtalsvert. Fram kemur í frummarsskýrslu að heildarvatnsvinnsla eldisins eftir stækkun verður 7.215 l/s sem gera  $7,2 \text{ m}^3/\text{s}$  ef vatnsvinnsla jarðsjós, ferksvatns og heita vatnsins er lagt saman. Þess má geta að meðalrennslí Elliðaár samkvæmt Veðurstofu Íslands er um  $2,2 \text{ m}^3/\text{s}$  (<http://vmkerfi.vedur.is>; Reykjavík: Elliðaár, Heyvað; V301 - Óyfirfarin gögn) og er því um talsverða vatnsvinnslu að ræða. Þó er óljóst hvort sé stefnt að því að frárennsli frá stöðinni verði minna vegna endurnýtingaráforma. Umhverfisstofnun telur að skýrt þurfi að koma fram í matsskýrslu hvert sé áformað rennslí frárennslis í fjöruna við Flesjar við stækkunina þar sem rennslí  $7,2 \text{ m}^3/\text{s}$  getur haft veruleg áhrif á ásýnd svæðisins.

Umhverfisstofnun telur að í matsskýrslu framkvæmdar ætti að sýna nákvæma staðsetningu útrásarinnar á korti, myndir af útrásinni þ.e. mannvirkini sem er kallað hamarhaus, og upplýsingar um áætlað rennslí út um útrásina. Slíkar upplýsingar myndu skýra mjög þær landfræðilegu aðstæður eru til staðar við útrásina.

### Lífríki viðtaka

Viðtakinn fellur undir lög nr. 36/2011 um stjórn vatamála og hefur vatnshlotanúmerið (ID)103-1341-C og nefnist Stokkseyri að Þorlákshöfn. Fjaran er kletta- og hnnullungafjara þar sem lífríki einkennist af þörungum og smáum hryggleysingum sem þola mikið brim. Fram kemur í skýrslu að áhrif á lífríki eru metin óverulega neikvæð. Sjónræn áhrif á vatnsgæði viðtaka, ummerki uppsöfnunar fráveituvatns við útrásina, eru taldar hverfandi skv. greinargerð (bls. 67). Líkt og með áhrif á vatnsgæði viðtaka telur Umhverfisstofnun ekkert benda til þess að losun næringarefna í frárennsli stöðvarinnar sé að hafa neikvæð áhrif á lífríki þörunga og hryggleysingja fjörunnar.

Í skýrslunni segir að sílamáfur, sem er algengasta tegundin á svæðinu, sæki talsvert í frárennsli frá seiðaeldisstöðinni og sé hann líklega að eltast við lífrænan úrgang úr eldinu. Enn fremur segir að við lok framkvæmda stækkunar er áætluð losun lífrænna úrgangsefna frá eldisstöðinni rúmlega þrefalt meiri en hún er í dag. Því er líklegt að ásókn fugla í

frárennslíð geti aukist við þessa auknu losun. Áhrif á fugla eru metin óveruleg. Umhverfisstofnun telur ekki jákvætt að frárennslí eldisstöðvarinnar sé þannig í fjörunni að þar myndist aðstæður þar sem sílamáfar safnist saman í miklum fjölda. Stofnunin telur að með viðunandi hreinsun frárennslis og með blöndun þess í brimsönum viðtaka, ætti lífrænn úrgangur ekki að vera nægur til að slíkar aðstæður komi upp. Ef til þess kemur að ágangur fugla við útrás frárennslis sé mikill telur Umhverfisstofnuna að rekstraraðili verði að bregðast við því með mótvægisáðgerðum.

### Landslag og ásýnd

Umhverfisstofnun telur áhrif stækkunar á ásýnd svæðis vera óveruleg þar sem áhrif á landslag er nú þegar að mestu komin fram vegna núverandi starfsemi og landnotkunar. Stofnunin tekur undir það sem segir í frummatsskýrslu að við stækkun skuli leitast við að hanna mannvirki þannig að þau falli sem best að svipmóti lands. Skal mænishæð húsanna vera að hámarki 8,5 m.

Í skýrslu er fjallað um að sjónræn áhrif framkvæmdar séu minniháttar og umfang áhrifa sé því talið lítið (bls. 67). Umhverfisstofnun bendir á að minniháttar áhrif eru ekki með í skilgreiningum á mismunandi flokkum vægiseinkunna í frummatsskýrslu (bls. 37) og áréttar að notast ætti við vægiseinkunnir sem eru skilgreindar svo hægt sé að bera saman og meta áhrif.

### Úrgangur

Í frummatsskýrslu segir að gera megi ráð fyrir að 15 tonn af dauðum fiski falli til árlega (bls. 27). Þar segir: „*Allur dauður fiskur fer í meltugerð með mauraþýru, en Ísbór er með þrjá eins rúmmetra meltutanka á svæðinu. Allri meltu er komið fyrir í svokölluðum „bönbum“ (stór eins rúmmetra plast ílát). Bömbunum er svo safnað saman innan svæðis og komið til förgunar hjá Íslenska Gámaféluginu*“ (bls. 31). Eins hefur rekstraraðili samning um við móttökuaðila á 500 tonnum af dauðfiski verði massadauði. Þá segir: „*Eins og staðan er í dag þá er ekki auðvelt að losna við meltu nema að urða hana með tilheyrandi kostnaði, en vonir standa til að fljótlega bjóðist kostir þar sem hægt er að nota meltuna í framleiðslu eða áburð*“ (bls. 31). Umhverfisstofnun telur þessi áform um endurnýtingu meltunnar jákvæð.

Tekið er fram í skýrslu að set eða fastefni sem safnast í tromlusíum er safnað í þrær og koma reglulega hreinsibílar sem tæma þrænar og fara með lífræna úrganginn í móttöku/eyðingu í móttökustöð (bls. 17).

Umhverfisstofnun hvetur rekstraraðila til þess að kanna aðrar leiðir fyrir allan lífrænan úrgang stöðvarinnar (fastefni/set úr síum og dauðfiskur/melta) og minnir á að endurnýting er ofar en förgun í forgangsröðun um meðhöndlunar úrgangs skv. 7. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Efnið sem síast úr frárennslí fiskeldis er að mestu næringarefní köfnunarefnis og fosfórs í formi saurs fiska og fóðurleifa. Umhverfisstofnun telur mikinn umhverfisávinning felast í því að minnka magn lífræns efnis í urðun og tekur fram að næringargildi efnisins er talsvert og því hentugt til endurnýtingar s.s. áburðarnýtingar. Stofnunin vinnur að gerð leiðbeininga til aðila í fiskeldi á landi um endurnýtingarmöguleika fastefna/sets úr frárennslí m.a. til áburðar fremur en til förgunar með urðun. Er slík stefna í samræmi við Landsáætlun um meðhöndlun úrgangas 2013-2024: Úrgangsstjórnun til framtíðar (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2013).

Umhverfisstofnun telur að í matssýrslu þurfi að fjalla vel um hvernig sé áætlað að meðhöndla úrgang frá stöðinni eftir stækkun. Þá er mikilvægt að fjallað sé um áform um

meðhöndlun lífræna úrgangsins, hvort áform séu um að finna leiðir til endurnýtingar í stað urðunar og þær áætlanir bornar saman við núverandi starfsemi.

### **Valkostagreining**

Í kafla 3.2 um valkosti er ekki fjallað um annað en aðalvalkost framkvæmdar og svo segir „*núllkostur felur í sér að ekki verði ráðist í stækken stöðvarinnar*“ (bls. 20). Ekki er frekar fjallað um umhverfisáhrif núllkosts eða frekar um aðra valkosti framkvæmdar.

Stofnunin telur mikilvægt að valkostagreining í mati á umhverfisáhrifum sé vönduð svo svigrúm skapist þegar kemur að útfærslu framkvæmdar við leyfisveitingu. Ekki er unnt að breyta grundvallarforsendum framkvæmdar í leyfisveitingu frá því sem fjallað var um í mati á umhverfisáhrifum

### **Sammögnumaráhrif og mótvægisaðgerðir**

Áætlanir fjögurra eldisfyrtækja gera ráð fyrir framleiðslu á alls 10.500 tonnum á ári á svæðinu. Fjallað er um mótvægisaðgerðir í skýrslu og eru þær teknar saman í kafla 7.2. Umhverfisstofnun minnir á, sem útgefandi starfsleyfis starfseminnar, að þær aðgerðir sem fjallað er um í mati á umhverfisáhrifum, þ.á.m. mengunarvarnir og mótvægisaðgerðir, sem eru forsendur álit Skipulagsstofnunar á matinu, eru grunnur að mengunarvarna-ákvæðum starfsleyfis. Umhverfisstofnun bendir á að með samstarfi rekstraraðila á svæðinu sem losa í sama viðtaka væri hægt að ná fram meiri skýrleika í vöktunarniðurstöðum sem eiga að endurspeglar ástand viðtaka.

### **Niðurlag**

Umhverfisstofnun hefur farið yfir og metið frummattskýrslu og telur áhrif stækkunar á umhverfisþætti, líkt og þeim er lýst í skýrslu, vera eftirfarandi:

Grunnvatn og vatnstaka: Að áhrifin kunni að verða talsvert neikvæð á grunnvatn. Stofnunin telur að sjá verði til þess að vatnstaka ferskvatns sé sjálfbær en að vatnsnýting sé á valdsviði Orkustofnunar.

Vatnsgæði viðtaka: Að áhrifin verði óveruleg að því gefnu að frárennslið verði hreinsað áður en það er losað og að blöndun sé mikil í viðtaka þar sem straumar og brim er sterkt. Umhverfisstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að fjalla betur um staðsetningu útrásar á korti og sýna mynd af útrás í viðtakann.

Að mati Umhverfisstofnunar er óskýrt í frummattskýrslu hvaða áform eru ákvörðuð og hver umhverfisáhrif þeirra verða, t.a.m. endurnýting vatns í stöðinni. Óskýrt er hvað sé áætlað að gera, hvenær og hvað sé aðeins hugsanlegt en liggi ekki fyrir að gera. Því er erfitt að meta umhverfisáhrif fyrirliggjandi stækkunar stöðvarinnar þar sem ekki er greint nægilega vel frá endurnýtingu vatns og hreinsun frárennslis sem er nú áætluð annars vegar og mögulega væri hægt að gera í framtíðinni hins vegar.

Lífríki viðtaka og fuglar: Að áhrifin verði talsvert neikvæð ef fuglar safnast saman við útrás í miklum fjölda. Geta þær mótvægisaðgerðir verið enn betri hreinsun á frárennsli, betri uppsetning útrásar í sjóinn o.s.frv. Umhverfisstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að fjalla betur um þessar mótvægisaðgerðir. Ef séð verður til þess að engin uppsöfnun er á lífrænu efni við útrás telur stofnunin áhrifin vera óveruleg.

Landslag og ásýnd: Að áhrifin verði óveruleg m.t.t. núverandi nýtingar svæðis og skipulags. Umhverfisstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að notast við skilgreinda vægiseinkunn áhrifa.

Umhverfisstofnun dregur saman eftirfarandi þætti sem fjalla ætti betur um í matsskýrslu framkvæmdar:

- áform um deiliskipulag fyrir lóðina,
- hámarksþífmassi í stöðinni á hverjum tíma,
- hlutfall hreinsunar eldisvatns og aðferðir-myndir,
- losun næringarefna (uppleyst og fast) í frárennsli eftir hreinsun,
- tilhögun útrásar í viðtaka (verður uppsöfnun/pollamyndun við útrás í fjöru)
- myndir af „hamarhdf aus“ sem nú stendur og hver áformin eru við aukið frárennsli við stækkan m.t.t. áhrifa á ásýnd fjörunnar,
- áformað rennsli ( $m^3/s$ ) frárennslis í fjöruna við Flesjar við stækkanina,
- valkostí fyrir legu útrásar frárennslis í viðtaka,
- Skýrt hver sé staðan í dag (ef um er að ræða stækkan) m.t.t. ofangreindra atriða og hver séu áform við stækkan og þá tímasett áæltun um hvenær rekstraraðili hyggst vera búin að setja upp það kerfi sem hann fjallar um í m ati. Ekki óljósar vangaveltur um hvað sé hægt að gera í framtíðinni án þess að tilgreina nákvæmlegra hvað rekstraraðili stefnir á að framkvæma.

Umhverfisstofnun telur að með sterkum straumum í viðtaka, góðri vöktun og fullnægjandi mótvægisáðgerðum sé hægt að draga úr neikvæðum áhrifum til að forðast umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfið. Stofnunin áréttar nauðsyn þess að sé fjallað um ofangreind atriði sem gerðar eru athugasemdir við í þessari umsögn á fullnægjandi hátt í matsskýrslu framkvæmdar.

Beðist er velvirðingar á því hve dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir  
sérfræðingur



Steinar Rafn B. Baldursson  
sérfræðingur



Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 18. maí 2020

**Efni: Umsögn Veitna vegna stækkunar eldisstöðvar Íspórs í Þorlákshöfn.**

Vísað er í bréf frá Skipulagsstofnun frá 8. apríl síðastliðinn þar sem óskað er eftir umsögn Veitna varðandi frummatsskýrslu vegna stækkunar eldisstöðvar í Þorlákshöfn.

Í frummatsskýrslu kemur fram að Íspór áætlar að notkun á heitu vatni komi til með að vera 15 l/s að meðaltali á mánuði yfir árið og að hámarksnotkun geti farið upp í 20 l/s.


Samkvæmt notkunartölum Veitna hefur Íspór undanfarið verið að nota 15 l/s og verður því umtalsverð aukningu á heildar heitavatnsþörf Íspórs. Veitur benda á að um alla aukna notkun á iðnaðarvatni þarf að semja um sérstaklega og skoða hvort hún kalli á auknar fjárfestingar að hálfu Veitna til þess að mögulegt sé að anna aukinni notkun.

Veitur benda á að iðnaðarnotkun víkur fyrir húshitun og er því mikilvægt að starfsemin geri ráðstafanir með eigið varafl.

Virðingarfyllst,

Helga Rún Guðmundsdóttir

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 REYKJAVÍK



Reykjavík, 18. júní 2020  
Tilvísun: OS2020040015/22.2  
Verknúmer: 3051380

## Efni: Umsögn Orkustofnunar um frummatsskýrslu vegna stækkunar eldisstöðvar Ísþórs í Þorlákshöfn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 2. apríl 2020, þar sem óskað er eftir umsögn Orkustofnunar um frummatsskýrslu vegna stækkunar eldisstöðvar Ísþórs í Þorlákshöfn úr 600 t í 1.800 t ársframleiðslu á laxaseiðum í samræmi ákvæði 10. gr. laga, nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 5. mgr. 10. gr. laganna og sbr. 24. gr. reglugerðar nr. 660/2015, um mat á umhverfisáhrifum, skulu umsagnaraðilar gefa álit á því hvort fjallað er á fullnægjandi hátt í frummatsskýrslu um það sem er á starfssviði þeirra og jafnframt hvort fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir séu fullnægjandi. Þeir skulu, ef tilefni er til, tilgreina hvað þarf að kanna frekar og benda á mögulegar mótvægisáðgerðir. Þá er óskað eftir því að Orkustofnun geri grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði stofnunarinnar og fyrirhugaðar framkvæmdir eru háðar.

Aðkoma Orkustofnunar að fyrirhugaðri framkvæmd snýr að lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, en skv. 6. gr. laganna er nýting auðlinda, þ.m.t. grunnvatns og jarðhita, háð leyfi Orkustofnunar. Skv. 14. gr. laganna er landeiganda þó heimil án leyfis hagnýting grunnvatns í eignarlandi sínu til heimilis- og búsparfa, þar með talið til fiskeldis, allt að 70 l/sek. Ljóst er að fyrirhuguð nýting er vel umfram tilgreind mörk og er því leyfisskyld, líkt og rakið er í frummatsskýrslunni. Eldisstöðin nýrir heitt vatn sem keypt er af Veitum ohf. og í ljósi þess er jarðhitánýting stöðvarinnar ekki háð sérstöku nýtingarleyfi Orkustofnunar.

Umfjöllun Orkustofnunar um erindi Skipulagsstofnunar lýtur því að þessari efnisafmörkun og miðast við auðlindaþátt framkvæmdarinnar, nýtingu fersks og sjóblandaðs grunnvatns.


Þann 26. maí 2015 veitti Orkustofnun Fiskeldisstöðinni Ísþór ehf. nýtingarleyfi til töku á allt að 350 l/sek af fersku vatni og allt að 3.000 l/sek af sjóblönduðu grunnvatni, jarðsjó. Fram kemur í frummatsskýrslu að eftir stækkun geti heildarferskvatnsnotkun verið stöðug um 700 l/sek ef áætlanir gangi eftir. Jafnframt kemur þar fram að hámarksdæling jarðsjávar gæti verið allt að 6.500 l/sek. Á bls. 24 í frummatsskýrslu segir að nýtingarleyfi heimili 350 l/sek af ferskvatni og 3.000 l/sek af jarðsjó **miðað við meðalnýtingu á ársgrundvelli** [leturbr. OS]. Orkustofnun kannast ekki við að umrædd leyfi tilgreini meðalársnotkun. Þvert á móti er tilgreind heimild upp á **allt að 350 l/sek** af fersku vatni og **allt að 3.000 l/sek** af sjóblönduðu grunnvatni/jarðsjó, sbr. 4. gr. leyfisins. Stofnunin lítur svo á að þar sé um hámarksupptökuhraða, í samræmi við svo uppfærðan lóðarsamning fyrirtækisins dags. 10. september 2013 þar sem í 3. gr. er tilgreind hámarksnotkun af fersku vatni.

Út frá framansögðu ber framkvæmdaraðila, að mati Orkustofnunar, að tilgreina þá hámarksnýtingu sem hann áformar. Á þetta einkum við töku á fersku grunnvatni þar sem ferskvatnslinsan er þunn á þessu svæði og jafnvægi hennar við undirliggjandi jarðsjó er einkar viðkvæmt.

Að öðru leyti gerir Orkustofnun ekki athugasemd við tilgreinda frummatsskýrslu.

Orkustofnun bendir á að umsögn þessi, sem stofnunin veitir Skipulagsstofnun, er af því tagi að ekki felist í henni vanhæfi stofnunarinnar til að taka afstöðu til umsóknar um nýtingarleyfi til aukinnar töku grunnvatns, komi til þess. Framangreind umsögn miðast við gögn þau sem fylgdu með erindi Skipulagsstofnunar. Komi fyrirhuguð framkvæmd til lögformlegrar afgreiðslu Orkustofnunar á einhverju stigi áskilur stofnunin sér enn fremur rétt til að kalla eftir frekari gögnum, m.a. í ljósi niðurstöðu úr mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Virðingarfyllst,  
f.h. orkumálastjóra



Kristján Geirsson  
verkefnastjóri



Harpa Þorunn Petursdóttir  
lögfræðingur